

Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur

Greining á þörf fyrir

Byggingar og endurbætur

Fasteignastofa Reykjavíkur
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Desember 2004

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	4
1.1 Aðdragandi og vinnufyrirkomulag.....	4
1.2 Almennar forsendur	5
1.3 Þróun nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur.....	5
1.4 Reglubundnar úttektir á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur	6
Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur	6
Vinnuefirlit ríkisins	7
Forvarnardeild slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.....	7
2. STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR Í FRÆDSLUMÁLUM	8
2.1 Þróun kennsluhátta.....	8
2.2 Skóli án aðgreiningar – sérkennsla.....	10
2.3 Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni.....	11
2.4 Tengsl skóla og grenndarsamfélags	11
2.5 Sjálfstæðir skólar – styrk stjórnun og jafnræði í umgjörð.....	12
3. UMHVERFISMÁL.....	13
3.1 Umhverfisstefna Reykjavíkurborgar	13
3.2 Helstu áherslupættir við hönnun, byggingu og viðhald skóla	13
Góð staðsetning	13
Innra fyrirkomulag	14
Vandað val á byggingarefnum og byggingaraðferðum	14
Orkuþörf haldið í lágmarki	14
Byggingarframkvæmdum lokið áður en húsnæði er tekið í notkun	14
Gott og öruggt innanhúsumhverfi.....	14
Vandað val á innréttingum og búnaði	15
Aðstaða og búnaður auðveldi umhverfisáherslur í námi	15
Skólalóðir	15
4. NÝTING Á HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLA	17
4.1 Núverandi samnýting á skólahúsnæði, samantekt úr skýrslu úttektaraðila	17
4.2 Kynnisferð til Noregs, samantekt úr skýrslu starfshóps.....	18
4.3 Möguleg samnýting.....	19
5. VINNA UNDIRHÓPA OG SÉRSKÝRSLUR.....	21
5.1 Skólalóðir	21
Samantekt á helstu tillögum hópsins	21
5.2 Skólamötuneyti	22
Samantekt á helstu tillögum hópsins	23
5.3 Laus stofnbúnaður.....	23
Samantekt á helstu tillögum og vinnu hópsins	23
5.4 Tölvur.....	24
5.5 Viðhaldsþörf	24
6. STADA Í EINSTÖKUM SKÓLUM OG TILLÖGUR UM FRAMKVÆMDIR.....	25
6.1 Almennir grunnskólar sem fullnægja ekki húsrýmispörf.....	25
Austurbæjarskóli	27
Árbæjarskóli	30
Breiðagerðisskóli.....	32
Breiðholtsskóli	34
Hagaskóli.....	36
Langholtsskóli	38
Laugarnesskóli	40
Melaskóli.....	42
Réttarholtsskóli	44
Rimaskóli	46
Seljaskóli.....	48
Vesturbæjarskóli	50
Vogaskóli	52
Ölduselsskóli	54
6.2 Aðrir almennir grunnskólar	56
Álftamýrarskóli	56

Ártúnsskóli	58
Engjaskóli	59
Fellaskóli	61
Foldaskóli	63
Fossvogsskóli	65
Grandaskóli	67
Hamraskóli	69
Háteigsskóli	71
Hlíðaskóli	73
Hólabrekkuskóli	75
Húsaskóli	77
Hvassaleitisskóli	79
Klébergsskóli	81
Laugalækjarskóli	83
Selásskóli	84
6.3 Húsnæði sérskóla	86
Sérskólar fyrir börn með atferlisvanda og félagslega erfiðleika	86
Sérskólar fyrir börn með þroskahamlanir	86
6.4 Nýir grunnskólar	88
Grafarholt	88
Staðarhverfi	88
Sóltúnshverfi	89
Norðlingaholt	89
Úlfarsfell	89
Vesturbær / Miðbær	89
Grafarvogur	90
6.5 Samantekt á tillögum um framkvæmdir við grunnskóla	91
7. FORGANGSRÖÐUN.....	95
7.1 Vinnubrögð og forsendur fyrir forgangsröðun	96
7.2 Yfirlit yfir stöðu hvers skóla	97
8. VINNUFERLI VIÐ UNDIRBÚNING FRAMKVÆMDA	101
8.1 Núverandi ferli við undirbúning bygginga	101
8.2 Tillögur um ferli vegna framkvæmda næstu fimm árin	102
9. Lokaorð	103
Heimildir	104

Töflur

<i>Tafla 1: Þróun nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur til skólaársins 2007 – 2008.....</i>	<i>6</i>
<i>Tafla 2: Sérhæfðar sérdeildir í borgarhlutum – áætlun.....</i>	<i>11</i>
<i>Tafla 3: Nýir skólar á næstu árum.....</i>	<i>88</i>
<i>Tafla 4: Tillögur um framkvæmdir við almenna grunnskóla.....</i>	<i>91</i>
<i>Tafla 5: Tillögur um framkvæmdir við sérskóla og sérhæfðar sérdeildir</i>	<i>93</i>
<i>Tafla 6: Tillögur um framkvæmdir við nýja grunnskóla.....</i>	<i>93</i>
<i>Tafla 7: Samantekt á áætlaðri viðbyggingaþörf og umfangi endurskipulagningar á húsnæði grunnskóla.....</i>	<i>94</i>
<i>Table 8: Ýmsar lykiltölur varðandi ytri umgjörð skólanna</i>	<i>95</i>
<i>Tafla 9: Viðmið í forgangsröðun og vægi þeirra</i>	<i>96</i>
<i>Tafla 10: Mati á stöðu einstakra grunnskóla í mars 2004</i>	<i>98</i>
<i>Tafla 11: Núverandi ferli við undirbúning skólabygginga</i>	<i>101</i>
<i>Tafla 12: Tillaga um nýtt ferli vegna undirbúnings skólabygginga.....</i>	<i>103</i>

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf starfshóps
2. Spá um fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur, (Úr starfsáætlun fræðslumála, 2005)

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður greiningar á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur sem ætlað er að vera grundvöllur fyrir áætlanir og ákvarðanir um viðbyggingar og endurbætur á húsnæði skólanna til næstu ára. Fjallað er um áherslur um gerð húsnæðis, stöðugreiningu ásamt tillögum um hvern skóla og að lokum eru settar fram tillögur að forgangsröðun og vinnuferli við undirbúning bygginga á næstu árum.

Greiningin er unnin á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur að frumkvæði samráðsnefndar þessara tveggja stofnana og undir hennar stjórn.

Í samráðsnefnd um grunnskólabyggingar sitja:

Stefán Jón Hafstein, formaður fræðsluráðs

Björk Vilhelmsdóttir, formaður stjórnar Fasteignastofu Reykjavíkurborgar

Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri

Guðmundur Pálmi Kristinsson, forstöðumaður Fasteignastofu Reykjavíkurborgar

1.1 Aðdragandi og vinnufyrirkomulag

Áætlunin er unnin samkvæmt tillögu sem staðfest var í fræðsluráði Reykjavíkur 26. ágúst 2002. Henni er ætlað að taka við af fimm ára áætlun um einsetningu grunnskóla árin 1997 – 2002 og byggja m.a. á stefnumörkun fræðsluyfirvalda í Reykjavík um málefni grunnskóla og rýmisathugun sem unnin var árið 2002 um húsnæði grunnskóla í Reykjavík. Í tillögu fræðsluráðs er m.a. gert ráð fyrir að áætlunin nái til nýbygginga, viðbygginga, breytinga og endurskipulagningar á núverandi húsnæði skóla, viðhalds, skólalóða, skólamötuneyta, tölvumála og búnaðar.

Skipaður var starfshópur til þess að stýra vinnunni. Samkvæmt erindisbréfi staðfestu af samráðsnefnd um grunnskólabyggingar þann 28. ágúst 2002 (fskj.1) voru meginverkefni starfshópsins eftirfarandi:

- Að gera tillögur um mögulegar lausnir og framkvæmdir við alla þá skóla sem framkvæmda er þörf við samkvæmt rýmisathugun frá árinu 2002. Tillögurnar verði unnar í samstarfi við skólastjórnendur viðkomandi skóla og byggi á stefnumörkun fræðsluyfirvalda í Reykjavík og stefnu skólans
- Að móta viðmið um framkvæmdaröð og tillögur í samræmi við þau
- Að setja fram tillögu um vinnubrögð við undirbúning bygginga

Starfshópin skipuðu:

Sighvatur Arnarsson Fasteignastofu, verkstjóri hópsins

Anna Kristín Sigurðardóttir, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, ritari og ritstjóri skýrslu

Rósa Magnúsdóttir, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur

Rúnar Gunnarsson, Fasteignastofu

Þórður Kristjánsson, Skólastjórafélagi Reykjavíkur

Egill Guðmundsson, arkitekt frá arkitektastofunni Arkís starfaði með hópnum sem ráðgjafi.

Skipaðir voru fjórir undirhópar sem unnu afmörkuð verkefni og voru ráðgefandi við starfshópinn. Þeirra verkefni voru um skólalóðir, skólamötuneyti, tölvumál, viðhald húsnæðis og búnaðarmál. Gerð er grein fyrir vinnu undirhópanna í sérstökum skýrslum fyrir hvern þeirra, einungis útdráttur og helstu tillögur þeirra eru birtar í þessari skýrslu.

Starfshópurinn hélt samtals 50 fundi, frá september 2002 til apríl 2004. Fulltrúar úr hópnum heimsóttu alla grunnskóla borgarinnar og ræddu við skólastjórnendur. Kynningarfundur var haldinn fyrir skólastjórnendur í Reykjavík, í desember 2002 þar sem vinnufyrirkomulag var kynnt og óskað eftir ábendingum. Samráðsnefnd og fulltrúar í starfshópum fjölluðu um drög að öllum skýrslunum á vinnudegi í nóvember 2003. Jafnframt var leitað til fjölmargra aðila vegna afmarkaðra þátta og er þeirra getið í skýrslunum eftir því sem við á hverju sinni.

1.2 Almennar forsendur

Þessi greining á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur byggir á eftirtöldum meginforsendum:

- Nemendaspá sem unnin er á þróunarsviði á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Hún er í sífelldri endurskoðun og því getur þörf fyrir húsrými fyrir hvern skóla breyst með breytingum í nemendaþróun. Fjallað er um þróun í nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur í kafla 1.3 og á fylgiskjali 2 þar sem er birt nemendaspá fyrir hvern skóla.
- Metin þörf fyrir viðbyggingar við skóla byggir á Rýmisathugun 2002 sem unnin var af Arkís ehf fyrir Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Þar er m.a. miðað við að heildarrýmisþörf skóla sé um 10 – 11 fm á nemanda. Nauðsynlegt er þó að skoða gerð húsnæðisins í því sambandi. Almennt er miðað við þær áherslur fræðslufyrivalda að varanlegt húsnæði skólans skuli rúma nemendafjölda miðað við hverfi í jafnvægi. Húsnæðisþörf umfram það er leyst tímabundið með færanlegu húsnæði.
- Stefna fræðslufyrivalda í Reykjavík hefur óhjákvæmilega áhrif á húsnæði skólanna. Hún birtist í starfsáætlun fræðslumála ár hvert. Fjallað er um hana í kafla 2 og hvernig hún gæti haft áhrif á húsnæði og búnað skólanna. Stefnan hefur afleiðingar fyrir heildarrýmisþörf og gerð húsnæðis og búnaðar.

Við forgangsröðun ræður fjárhagsrammi Reykjavíkurborgar ár hvert mestu um umfang og hraða framkvæmda. En jafnframt er nauðsynlegt að hafa í huga atriði eins og ástand húsnæðisins og öryggis- um umhverfismál byggingarinnar.

1.3 Þróun nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur

Nemendum í grunnskólum Reykjavíkur hefur fjölgað stöðugt frá árinu 1992. Mest var hún á árum 1997 - 2002, eða um 900 börn samtals. Í Starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkur fyrir árið 2004 kemur fram að búast má við að nemendafjöldi nái hámarki á árinu 2004 og fari síðan hægt niður á við. Þróunin í nemendafjölda fer þó eftir því hve mörg börn í árgangi skila sér í skólann. Tafla 1 sýnir þróun nemendafjölda til skólaársins 2008 – 2009 eins og

hún birtist í starfsáætlun 2003. Hér er miðað við að 90% fæðingarárgangs skili sér í 1. bekk, aðrir árgangar verði eins og á haustönn 2002.

Tafla 1: Þróun nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur til skólaársins 2007 – 2008

skólaár	2003 – 2004	2004 - 2005	2005 - 2006	2006 - 2007	2007 - 2008	2008 – 2009
nemendafjöldi	15.551	15.759	15.657	15.678	15.643	15.436

Eins og sjá má á töflunni hér að ofan er ekki gert ráð fyrir fjölgun nemenda á grunnskólaaldri í Reykjavík næstu fimm árin. Það kemur þó ekki í veg fyrir að húsnæðisvandi skapist í sumum grunnskólum né að byggja þurfi nýja grunnskóla. Ástæður þess eru einkum þrjár. Hverfisskólar eru skilgreindir þannig að fækkun eða fjölgun nemenda í hverfinu hefur alla jafna einungis áhrif á viðkomandi grunnskóla. Jafnframt eru margar færanlegar stofur við suma skóla sem þarf að skipta út fyrir varanlegt húsnæði. Loks má nefna breytta áherslur í skólastarfi sem í sumum tilfellum kallar á aukna húsrýmispörf s.s. skólamötuneyti.

Áætlanir um viðbyggingapörf byggja á nemendaspá sem unnin er á þróunarviði Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Í fylgiskjali 2 er að finna spá um áætlaðan nemendafjölda í grunnskólum Reykjavíkur eftir skólahverfum.

1.4 Reglubundnar úttektir á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur

Ýmsar reglubundnar úttektir eru gerðar á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur. Niðurstöður margra þeirra voru nýttar í þessari vinnu og er því gerð stutt grein fyrir þeim hér, auk þess sem þær hafa mikil áhrif á áætlanir, framkvæmdir og viðhald á húsnæði grunnskólanna. Um er að ræða þrenns konar eftirlit sem framkvæmt er af þremur mismunandi aðilum. Eftirlit með eldvörnum sem Forvarnadeild slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sér um, heilbrigðiseftirlit unnið af heilbrigðisfulltrúum Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og eftirlit með vinnuumhverfi starfsmanna unnið af starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins. Verksvið vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits skarast nokkuð þar sem heilbrigðiseftirlitið skoðar húsnæði og lóð með tilliti til skólabarnanna en vinnueftirlitið út frá vinnuumhverfi starfsfólks. Í gildi eru leiðbeinandi vinnureglur um verkaskiptingu þessara eftirlitsaðila frá 1997 og eru hlutverk þannig:

Heilbrigðiseftirlit: Hefur eftirlit með öllu því er snertir aðbúnað nemenda, hreinlæti og meðferð matvæla og öryggismál utanhúss.

Vinnueftirlit: Hefur eftirlit með aðbúnaði og öryggismálum starfsmanna, þ.e öryggismálum er varða bæði starfsfólk og nemendur innanhúss.

Með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er eftirlit með öryggisþáttum nú skilgreint sem hlutverk heilbrigðiseftirlits og á það sérstaklega við um þar sem börn eiga í hlut.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur

Skólar eru eftirlits- og starfsleyfis skyldir skv. lögum nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, UHR, gefur út starfsleyfi,

hefur reglubundið eftirlit með skólum og sinnir kvörtunum og ábendingum sem berast vegna skóla. Við eftirlit skoðar heilbrigðisfulltrúi almennt ástand húsnæðis með tilliti til þrifa, umgengni og viðhalds. Athuguð eru loftgæði og loftskipti, hljóðvist, aðbúnaður og annað sem hefur áhrif á heilbrigði og vellíðan nemenda. Öryggismál nemenda falla undir verksvið heilbrigðisfulltrúa þ.e. önnur en Vinnueftirlit ríkisins fylgist með. Mötuneyti og meðferð matvæla eru skoðuð og fylgt eftir kröfum um innra eftirlit í eldhúsum. Notkun og meðferð efnavöru er skoðuð svo og frágangur sorps.

Undanfarin ár hafa allir skólar í Reykjavík verið heimsóttir a.m.k. einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir, oftast í upphafi árs. Í lok eftirlitsferðar skrifar heilbrigðisfulltrúi skýrslu sem skólastjóri eða umsjónarmaður fasteignar undirritar. Ef ástæða þykir til er athugasemdum og kröfum einnig komið á framfæri við Fræðslumiðstöð varðandi rekstrarþætti og Fasteignastofu varðandi viðhald húsnæðis. Almennt má segja að viðhald og ástand húsnæðis sé í góðu lagi þó alltaf komi fram við eftirlit ábendingar og kröfur um lagfæringar. Endurbætur sem gera þarf samkvæmt kröfu UHR eru settar inn á viðhaldsáætlun skólans nema kröfur um tafarlaugar endurbætur.

Vinnueftirlit ríkisins

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með grunnskólum. Skólarnir eru heimsóttir í reglubundnu eftirliti árlega og oftast eftir þörfum. Vinnueftirlitið skoðar húsnæðið með tilliti til aðbúnaðar og vinnuumhverfis starfsmanna. Það hefur einnig eftirlit með raungreinastofum og smíðastofum, þ.e. þeim vélum og tækjum sem þar eru og öryggisþáttum þeim tengdum. Í lok eftirlits er gerð skýrsla þar sem Vinnueftirlitið kemur með ábendingar og gerir kröfur um það sem betur má fara til skólastjóra og Fasteignastofu. Þeim er síðan forgangsraðað eftir mikilvægi.

Forvarnadeild slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Forvarnadeild slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins sér um reglubundið eftirlit með eldvörnum í skólum og hafa allir skólar verið heimsóttir a.m.k. einu sinni síðan árið 2000. Forvarnadeildin fylgist einnig með framkvæmdum í skólunum og heimsækir skólana oftast á meðan þær standa yfir. Við eftirlit er m.a. skoðað brunakerfi, flóttaleiðir og brunahólfun byggingar og má segja að ástand í grunnskólum Reykjavíkur sé almennt gott, einna best í nýjustu skólunum. Alvarlegustu athugasemdirnar sem gerðar eru varða oftast brunahólfun byggingarinnar og komið hefur fyrir að tilskyldar flóttaleiðir hafi verið tepptar. Forvarnadeildin mælir með því að brunaeðingar séu haldnar reglulega en slíkar æðingar eru á ábyrgð skólastjóra. Forvarnadeild kemur með ábendingar og gerir kröfu um það sem betur má fara til skólastjóra og Fasteignastofu. Þeim er síðan forgangsraðað eftir mikilvægi.

2. STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR Í FRÆDSLUMÁLUM

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum grunnskóla birtist í starfsáætlun fræðslumála ár hvert og í stefnumarkandi ályktunum fræðsluráðs Reykjavíkur og borgarstjórnar Reykjavíkur. Umfjöllun hér er byggð á þessum gögnum en að auki á Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 og lögum um grunnskóla frá 1996 og áherslum fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar frá 2001.

Í starfsáætlun fræðslumála 2004 eru sett fram eftirfarandi megin leiðarljós:

Að börnunum okkar líði vel og þau öðlist menntun fyrir líf og starf í nútímasamfélagi.

Til að stuðla að þessu eru sett fram leiðarljós í sex liðum fyrir grunnskóla Reykjavíkur:

- Að grunnskólar borgarinnar séu í hópi bestu skóla innan lands og utan.
- Að faglegur metnaður mótí allt skólastarf.
- Að allir nemendur njóti alhliða menntunar við hæfi hvers og eins og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga.
- Að skólastarfið í grunnskólum Reykjavíkur stuðli að heilbrigðum lífsháttum og lífsgildum og eflí siðgæðisvitund.
- Að grunnskólinn sé lifandi miðstöð í hverfinu og í virkum tengslum við umhverfi sitt – náttúru, atvinnulíf og menningu í borginni. Skólastarf sé sýnilegt í borgarlífinu og stuðlað sé að jákvæðum viðhorfum til grunnskólans, m.a. með útgáfu kynningarefnis og tengslum skóla við grenndarsamfélagið.
- Að grunnskólanámið sé grunnur að símenntun allra nemenda allt lífið.

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir að allir grunnskólar séu einsetnir og samkvæmt þeim hefur vikulegur kennslutími barna verið að lengjast jafnt og þétt undanfarin ár. Því til viðbótar hefur verið samið við kennara um lengingu skólaárs um 10 daga. Börnin dvelja því mun lengur í skólanum en þau gerðu áður, dagleg viðvera er lengri og jafnframt fleiri skóladagar á hverju ári. Skólatími nemenda hefur lengst um rúmlega 20% síðan 1996 sem samsvarar um tveimur skólaárum.

Fræðsluráð Reykjavíkur leggur áherslu á góða nýtingu húsnæðis m.a. með samnýtingu aðila innan og utan skólans og sveigjanleika í skólastarfinu. Húsnæði skólans á því að vera til afnota fyrir íbúa hverfisins samkvæmt samkomulagi á hverjum stað.

Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík hefur á undanförunum árum verið mörkuð framtíðarsýn til næstu 10 ára eða svo um fimm meginþætti er varða grunnskólann – námsvörður til að vísa veginn fram. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim ásamt hugsanlegum afleiðingum fyrir húsnæði grunnskólanna.

2.1 Þróun kennsluhátta

Til næstu 10 ára er lögð áhersla á að skólar viðhafi opna og sveigjanlega kennsluhætti með áherslu á einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda. Nemendur vinna einir eða saman í misstórum hópum að þemabundnum verkefnum í samræmi við einstaklingsbundnar námsáætlanir hvers og eins. Greiður aðgangur að tölvu- og samskiptatækni er

grundvallaratriði. Áhersla er lögð á samkennslu árganga og að kennarar vinni saman um nemendahópa og beri sameiginlega ábyrgð. Námsefni verður í auknum mæli á netinu og er áhersla á að nemendur læri að velja og hafna og nýta sér það efni.

Áherslur í kennslu ýmissa sérgreina, s.s. tæknimennt, textíl og myndmennt hafa að sama skapi breyst. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er nú lögð áhersla á að nemendur læri að hanna þá hluti sem þau síðan búa til. Fjölbreytni í efnisvali og vinnubrögðum er mikilvæg. Eins og í annarri kennslu er áhersla lögð á sveigjanleika og einstaklingsmiðað nám.

Áhrif á húsnæði og búnað

Sveigjanleiki þarf að vera í stærð kennslurýma sem skapar nemendum möguleika á að starfa saman í misstórum hópum og einstaklingslega. Hið hefðbundna bekkjarkerfi er nú ekki eins niðurnjörvað og áður og það færir í vöxt að árgöngum sé skipt upp á mismunandi vegu eftir viðfangsefnum og nemendum jafnvel skipt í hópa þvert á árganga. Til að auðvelda þessa uppstökkun og styðja jafnframt við markmið um samábyrgð og samstarf kennara um námshópa þarf vinnuaðstaða kennara að vera í nánd við kennslusvæðið. Benda má á að núverandi húsnæði grunnskóla er misjafnlega í stakk búið til þessa að hvetja til breyttra kennsluhátta, erfiðast er að koma því við í elstu skólunum.

Skólasafn er miðstöð þekkingar og upplýsingaöflunar og þarf því að vera staðsett miðlægt í skólahúsinu. Þangað koma nemendur ýmist í hópum eða til að vinna sjálfstætt.

Greiður aðgangur nemenda að tölum víðsvegar um kennslusvæðið er grundvallaratriði. Skjávarpi kemur í stað kortabrauta og myndvarpa í kennslurými á næstu árum.

Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 1999 gerir ráð fyrir talsvert breyttum áherslum í kennslu verk- og listgreina, sérstaklega í smíði sem nú heitir tæknimennt. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér vinnubrögð við að raungera hugmynd frá fyrstu hugdettu að lokaafurð. Til viðbótar koma svo áherslur fræðsluyfirvalda í Reykjavík um sveigjanleika í kennsluháttum og einstaklingsmiðað nám. Þetta felur í sér breytingar á húsnæði og búnaði frá því sem nú er. Til að auka sveigjanleika mætti líta á það rými sem ætlað er til kennslu í textilmennt, tæknimennt og myndmennt sem eitt verkstæði og opna meira á milli þeirra til að skapa möguleika á meiri fjölbreytni í vinnubrögðum og sveigjanleika. Nemendur eru að vinna ólík verkefni og dreifast um svæðið, einir eða í minni hópum efir því sem hæfir þeirra viðfangsefni. Tryggja þarf eðlilega yfirsýn kennara yfir svæðið. Miðlægt eða í góðum tengslum við verkstæðið þarf að vera aðstaða til hönnunar með tölum og forritum til hönnunar. Vinnuaðstaða kennara þarf líka að vera í góðum tengslum við kennslurýmið með góðri yfirsýn.

Dans er nú komin inn í alla grunnskóla sem námsgrein. Kennslan fer fram í fjölnýtisál skólans ásamt tónlist og leiklist. Því eru góð tengsl tónlistarstofu og salar með sviði mikilvæg.

2.2 Skóli án aðgreiningar – sérkennsla

Skipulagsbreytingar standa nú yfir á sérkennslu í grunnskólum borgarinnar. Þær ná til almennrar sérkennslu, sérdeilda og sérskóla. Þessar breytingar hafa áhrif á húsnæðisþörf allra skóla.

Stefnt er að skóla án aðgreiningar í sýn til næstu 10 ára. Nemendur með fötlun eða alvarlegan hegðunarlegan eða námslegan vanda sækja sinn heimaskóla að svo miklu leyti sem kostur er. Þó er gert ráð fyrir að um 1% nemenda verði í sérúrræðum, sérskólum eða sérhæfðum sérdeildum. Sérkennsluver verður í hverjum skóla sem er miðstöð sérkennsluþjónustu skólans.

Áhrif á húsnæði og búnað

Aðstaða fyrir sérkennsluver þarf að vera í hverjum skóla en á mótí kemur að almennar sérdeildir sem þjónað hafa fleiri en einum skóla hafa verið lagðar niður. Í sérkennsluveri þarf að vera aðstaða fyrir stjórnanda sérkennslu, kennslu minni hópa, gögn, búnað, ráðgjöf og viðtöl. Það getur verið staðsett á fleiri en einum stað í húsinu.

Hreyfihömluð börn koma nú í auknum mæli inn í almenna grunnskóla, því er enn mikilvægara en áður að ferlimál fatlaðra í skólabyggingum séu í góðu lagi.

Sérhæfðar sérdeildir sem þjóna nemendum úr allri borginni með fötlun á ákveðnu sviði verða starfræktar áfram og nýjar bætast við. Þær taka að hluta til við nemendum sem annars væru í sérskólum eða eru þar nú. Sérhæfðum sérdeildum er jafnframt ætlað að gegna hlutverki ráðgjafamiðstöðvar fyrir almenna grunnskóla, hver á sínu sviði.

Ráðgert er að eftirtaldar sérhæfðar sérdeildir verði starfandi á næstu árum:

- Blindradeild fyrir blind og alvarlega sjónskert börn sem nú er í Álftamýrarskóla.
- Táknmálssvið fyrir heyrnarlaus og heyrnarskerta nemendur sem nú er í Hlíðaskóla.
- Deildir fyrir einhverfa nemendur eru nú tvær eða í Hamraskóla í Grafarvogi (borgarhluta 4) og í Langholtsskóla (borgarhluta 2). Ákveðið hefur verið að stofna þá þriðju við Fellaskóla í Breiðholti (borgarhluta 3).
- Deildir fyrir nemendur með alvarlegan atferlisvanda verði í hverjum borgarhluta, alls fjórar deildir, sbr. tillögur sem liggja nú fyrir. Þær verði m.a. í Breiðholtsskóla (borgarhluta 3) og Réttarholtsskóla (borgarhluta 2).
- Stefnt er að því að tvær sérdeildir verði fyrir þroskahefta nemendur. Hér er um að ræða nemendahóp sem nú er að stórum hluta í Öskjuhlíðarskóla. Rými gæti verið fyrir þessar deildir t.d. í Víkurskóla fyrir borgarhluta 3 og 4 og við einhvern skóla vestan Elliðaár.

Auk þess er ákveðið er að ein deild fyrir nýbúa verði í hverjum borgarhluta eftir því sem þeim fjölgar. Nú eru starfandi þrjár slíkar, í Háteigsskóla, Austurbæjarskóla og í Breiðholtsskóla.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir núverandi sérhæfðar sérdeildir og mögulega staðsetningu þeirra sem áætlað er að stofna.

Tafla 2: Sérhæfðar sérdeildir í borgarhlutum – áætlun.

Sérhæfðar sérdeildir fyrir:	Borgarhluti 1	Borgarhluti 2	Borgarhluti 3	Borgarhluti 4
Blinda	-	Álftamýrarskóli	-	-
Heyrnarskerta	-	Hlíðaskóli	-	-
Einhverfa	-	Langholtsskóli	Fellaskóli	Hamraskskóli
Atferlistruflaða	óákveðið	Réttarholtsskóli	Breiðholtsskóli	óákveðið
Þroskahefta	-	óákveðið	-	óákveðið
Móttöku nýbúa	Austurbæjarskóli	Háteigsskóli	Breiðholtsskóli	óákveðið

2.3 Sterk sjálfsmynd nemenda og félagsfærni

Stefnt er að því að í öllum grunnskólum borgarinnar verði unnið markvisst að því að styrkja sjálfsmynd nemenda og félagsfærni, sem hluta af daglegu starfi. Það felur m.a. í sér markvissa þjálfun nemenda í félagsfærni og samskipum, fræðslu til foreldra og að nemendur búi við öruggt starfsumhverfi og uppbyggjandi skólaanda.

Liður í þessu markmiði er áhersla á nemendalýðræði þar sem nemendur bera ábyrgð á eigin námi og taka virkan þátt í að móta námið og daglegt skólastarf. Þessi markmið eru í samræmi við markmið um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemanda.

Áhrif á húsnæði og búnað

Nauðsynlegt er að leggja áherslu á öryggi bæði í húsnæði og á skólalóð. Hönnun húsnæðisins þarf að gera ráð fyrir mikilli samvinnu nemenda sem ætlað er að styrkja félagsfærni og samstarf. En ekki er síður mikilvægt að nemendur hafi sína persónulegu aðstöðu í skólanum til að styðja við öryggi, næði og „heimatilfinningu“. Þessi aðstaða getur verið útfærð með mismunandi hætti eftir aldri og aðstæðum.

Mikilvæg svæði hvað varðar vellíðan og félagsþroska eru félagsrými nemenda þ.m.t. fjölnotasalur og skólalóð. Þar þarf að gera ráð fyrir að vinsamleg samskipti geti farið fram með fjölbreyttu sniði. Í þessu sambandi má nefna aðstöðu fyrir tómskundastarf á vegum ÍTR s.s. setkróka, borðtennis o.fl.

2.4 Tengsl skóla og grenndarsamfélags

Lögð er áhersla á nán tengsl við grenndarsamfélagið sem, samkvæmt sýn til 10 ára, felur einkum í sér þrennt. Í fyrsta lagi nánari tengsl við foreldra sem taka virkan þátt í námi barna sinna m.a. með netsamskiptum og heimsóknum í skólann. Gert er ráð fyrir að allir skólar verði með virka upplýsingamiðlun til foreldra á heimasíðu. Í öðru lagi samstarf við íbúa, fyrirtæki og stofnir í hverfinu og vettvangsnám um náttúru og sögu nánasta umhverfis. Í þriðja lagi er stefnt að því að skólinn verði frístunda- og menningarmiðstöð fyrir íbúa hverfisins í ríkari mæli en nú er. Í samræmi við það fer tómskundastarf unglunga á vegum Íþróttá- og tómskundaráð í auknum mæli fram innan skólana og rekur það nú frístundaheimili yngri barna í skólanum eftir að skóla lýkur.

Áhrif á húsnæði og búnað

Til að auðvelda netsamskipti við foreldra, þurfa kennarar greiðan aðgang að nettengdri tölvu.

Gera má ráð fyrir aukinni umferð fólks í húsnæði skólans, því þarf að tryggja þægilega aðkomu að húsinu, s.s. með betri merkingum, áherslu á aðalinngang, gott aðgengi að afgreiðslu sem þarf að vera í nálægð við aðalinngang.

Leggja þarf áherslu á að húsnæði sé þannig skipulagt að unnt sé að nýta hluta þess um kvöld og helgar fyrir íbúa og félagasamtök í hverfinu. Hér er einkum um að ræða sal og sérgreinastofur, s.s. tónlistastofu, myndmenntastofu og verkgreinastofur.

Rými fyrir frístundaheimili og tómstundastarf í skólunum er að stórum hluta samnýtt með skólanum. En þó þarf að gera ráð fyrir svipuðu rými fyrir frístundaheimili og var fyrir skóladagvist, miðju eða hjarta starfsins. Umsjónamaður tómstundastarfsins þarf jafnframt að hafa aðstöðu fyrir sig.

2.5 Sjálfstæðir skólar – styrk stjórnun og jafnræði í umgjörð.

Lögð er áhersla á faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna innan ramma laga og reglugerða. Skólar móta sjálfir sína framtíðarsýn og marka sérstöðu skólans. Með hliðsjón af þessu hefur stöðugildum stjórnenda í skólum verið fjölgað á undanförunum árum.

Í sýn til 10 ára er lögð áhersla á samræmi í umgjörð grunnskólanna í Reykjavík, s.s. húsnæði, búnað, mötuneyti og aðgang að tölvum, eftir því sem kostur er. Í því felst að nemendur í grunnskólum Reykjavíkur eigi kost á sambærilegri menntun óháð því hvaða skóla þau sækja.

Í endurskoðaðri tölvustefnu er stefnt að því að haustið xxx verið fimm nemendur um hverja tölvu og tölvur verði í öllum kennslustofum. Frá hausti 2004 verður öllum nemendum skólanna boðið upp á heitan mat í hádegi, maturinn verði eldaður á staðnum, þar sem því er mögulega við komið.

Áhrif á húsnæði og búnað

Þrátt fyrir samræmi í umgjörð þarf að gera ráð fyrir a fyrirkomulag á námi og annarri starfsemi skóla verði með ólíkum hætti milli skóla vegna aukins sjálfstæðis þeirra. Því er enn mikilvægara en áður að vera í nánú samráði við skólastjórnendur hvers skóla um hönnun og útfærslur, bæði hvað varðar húsnæði og búnað.

Meira rými þarf jafnframt fyrir stjórnendur skóla, fjöldi þeirra er þó misjafn eftir stærð og áherslum hvers skóla.

Framleiðslueldhús þarf að vera í hverjum skóla sem getur framleitt heitan mat fyrir alla nemendur. Reiknað er með að matar sé neytt í fjölnýtisal sem rúmi a.m.k. fjórðung nemenda í einu.

3. UMHVERFISMÁL

Í þessum kafla er fjallað um hvernig tekið verður tillit til umhverfisþátta við hönnun, byggingu og viðhald skólabygginga og skólalóða í grunnskólum Reykjavíkur.

Vakning hefur orðið í umhverfismálum hér á landi undanfarin ár sem hefur haft áhrif víða í samfélaginu m.a. á starfsemi skóla. Ljóst er að umhverfismál verða æ áleitnari við skipulag skólustarfs. Margir grunnskólar borgarinnar eru þegar komnir vel á veg í umhverfisstarfi og áhugi meðal annarra skóla fer vaxandi. Hönnun skóla getur átt stóran þátt í að auðvelda þeim að vinna að auknum umhverfisáherslum í rekstri og námi. Því er mikilvægt að taka tillit til umhverfissjónarmiða í áætlanagerð um skólabyggingar. Það er einnig í samræmi við stefnu borgarinnar í umhverfismálum.

3.1 Umhverfisstefna Reykjavíkurborgar

Í umhverfisstefnu Reykjavíkur segir m.a. að stefnt sé að því að Reykjavík verði vistvænsta höfuðborg norðursins, það umhverfi sem við búum í skuli vera aðlaðandi og heilnæmt með aukna vellíðan borgarbúa að leiðarljósi og að sjónarmið umhverfisverndar skulu höfð að leiðarljósi í rekstri, stjórnun og uppbyggingu borgarinnar. Í umhverfisáætlun Reykjavíkur, Staðardagskrá 21, er markmiðið að koma á sjálfbæru samfélagi sem auðgar lífsgæði fólks án þess að rýra möguleika komandi kynslóða. Áhersla er lögð á að samþætta umhverfisleg, félagsleg og efnahagsleg sjónarmið svo að lausnir á einu sviði skapi ekki vanda á öðru.

Fræðslumiðstöð og Fasteignastofa eru hluti af borginni og skulu því starfa í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar. Auk þess hefur Fræðslumiðstöð sett sérstaka umhverfisstefnu sem kveður á um að umhverfissjónarmið skuli höfð að leiðarljósi í allri starfsemi stofnunarinnar. Í umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar felst m.a. að tekið skuli tillit til umhverfissjónarmiða við hönnun, byggingu og viðhald skóla. Einnig að skipulega sé unnið að því að setja umhverfiskröfur við innkaup á vörum og þjónustu fyrir stofnanirnar borgarinnar. Hjá Fasteignastofu er unnið eftir vinnuferlum sem tryggja að ávallt sé tekið mið af lögum og reglugerðum sem m.a. vinnueftirlit, eldvarnareftirlit og heilbrigðiseftirlit hafa umsjón með.

3.2 Helstu áherslurættir við hönnun, byggingu og viðhald skóla

Við hönnun, byggingu og viðhald skóla í Reykjavík skal leitast við að umhverfi innan- og utanhúss stuðli að heilbrigði og vellíðan þeirra sem þar dveljast jafnframt því að sjónarmið umhverfisverndar verði höfð að leiðarljósi. Ávallt skal reynt að samræma öryggis-, gæða-, hagkvæmis-, heilsu- og umhverfissjónarmið. Sérstök áhersla er lögð á eftirfarandi þætti.

Góð staðsetning

Mikilvægt er að skóli í nýju hverfi sé staðsettur miðlægt í hverfi og að lóð sé nægilega rúm til að koma fyrir þeim þáttum í starfinu sem nauðsynlegir eru. Við staðsetningu skóla þarf að gæta þess að ekki verði óþarfa ónæði frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi. Mikilvægt er að aðkomuleiðir séu öruggar og greiðfærar fyrir gangandi börn en einnig fyrir bifreiðar og hjólandi vegfarendur.

Innra fyrirkomulag

Mikilvægt er að haga heildarskipulagi skólabygginga þannig að innra fyrirkomulag þeirra endurspegli heildarlausnir á umhverfisþáttum bygginganna með tilliti til umhverfissjónarmiða. Þetta á við staðsetningu rýma innbyrðis, að gönguleiðum sé haldið í lágmarki og góðri yfirsýn yfir húsnæði skólans bæði fyrir nemendur, kennara og annað starfsfólk. Einnig er mikilvægt að staðsetning innganga taki mið af tengslum við skólalóð og veiti skjól gegn ríkjandi vindáttum. Nauðsynlegt er að tryggja dagsbirtu sem víðast í skólabyggingum. Leitast skal við að koma fyrir náttúrulegri loftræsingu eins og kostur til þess að minnka þörf á vélrænni loftræingu.

Vandað val á byggingarefnum og byggingaraðferðum

Efni sem notuð eru til skólabygginga og á skólalóðum þurfa að standast öryggis-, heilbrigðis-, umhverfis- og gæðakröfur. Lögð er áhersla á að nota traust, endingargóð og vistvæn byggingarefni sem hafa litla viðhaldsþörf. Forðast verður eftir fremsta megni að nota byggingarefni sem innihalda efni sem talin eru geta verið skaðleg fyrir heilsu og/eða umhverfi. Við byggingarframkvæmdir í skólum ætti ávallt að leitast við að nota aðferðir sem auðvelda viðhald og gera flokkun/endurnýtingu úrgangs við niðurrif auðvelda.

Orkuþörf haldið í lágmarki

Við hönnun skólabygginga og viðhald þeirra er lögð áhersla á að orkuþörf skólans verði sem minnst. Hönnuðir fái sérstök fyrirmæli um þetta og þeir beðnir að stilla upp nokkrum valkostum þar sem fram kemur áætlaður rekstrar-, viðhalds- og stofnkostnaður. Ávallt skal velja þann kost sem hefur minnsta orku- og viðhaldsþörf ef hann uppfyllir öll önnur skilyrði sem sett eru og stofnkostnaður hans er réttlætanager. Við hönnun loftræsikerfa í skólabyggingum er mikilvægt að halda orku- og viðhaldsþörf í lágmarki m.a. með því að taka innloft beint að utan í gegnum loftristar en ekki í gegnum stokka þar sem því verður við komið. Við hönnun og viðhald ljósabúnaðar skal leitast við að nota ljósaperur sem hafa litla orkuþörf og endast lengi. Lögð skal áhersla á að auðvelt sé fyrir starfsfólk skólans að kveikja og slökkva í rýmum í byggingunni. Við hönnun snjóbræðslukerfa á skólalóð skal miðað við að nýta afgangsvatn frá skólabyggingunni og forðast notkun sérstakrar innspýtingar fyrir snjóbræðslukerfið.

Byggingarframkvæmdum lokið áður en húsnæði er tekið í notkun

Reynt skal eftir fremsta megni að ljúka byggingarframkvæmdum áður en húsnæði er tekið í notkun til að hægt sé að halda uppi eðlilegri starfsemi og til að tryggja að þeir sem dveljast í skólanum verði ekki fyrir álagi né óþægindum sem stafa af framkvæmdum og efnanotkun. Við minni viðhaldsframkvæmdir eldri bygginga þarf að haga framkvæmdum þannig að þær valdi sem minnstri hættu, truflun og ónæði í skólastarfinu.

Gott og öruggt innanhússumhverfi

Hafa verður að leiðarljósi við hönnun skólabygginga að innanhússumhverfi sé heilnæmt og stuðli að öryggi, heilbrigði og vellíðan þeirra sem dveljast í byggingunni. Ennfremur að þjóna ólíkum einstaklingum með mismunandi þarfir og að stuðla að góðri umgengni. Lögð

er áhersla á að dagsbirta eða lýsing sé góð og að loftræsing sé í samræmi við gildandi kröfur. Við hönnun skólabygginga skal tryggt að tekið sé tillit til hljóðvistar samkvæmt byggingarreglugerð. Opin og sveigjanleg kennslurými gera meiri kröfur til hljóðvistar en þar sem skólastofur eru lokaðar. Frágangur húsnæðis þarf að vera þannig að þrif séu auðveld og gerðar ráðstafanir til að óþarfa óhreinindi berist ekki inn í skólann. Í hverri kennslustofu skal vera handlaug / stálvaskur. Frestur til að uppfylla þessa kröfu er 1. janúar 2006 samkvæmt reglugerð um hollustuhætti. Jafnt og þétt verði unnið að viðhaldi skólabygginga og þannig leitast við að húsnæðið standist ætíð heilbrigðis- og öryggiskröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum og reglum sem vinnueftirlit, eldvarnareftirlit og heilbrigðiseftirlit hafa umsjón með.

Vandað val á innréttingum og búnaði

Við val á innréttingum og búnaði fyrir skóla innan- og utanhúss skal huga vel að gæða-, umhverfis-, heilsu- og öryggisþáttum, s.s. endingu, styrkleika, efnainnihaldi, orkunotkun, hávaða, geislun, framleiðsluaðferðum og slysaþættu. Lögð verði áhersla á að velja sterkar og endingargóðar innréttingar og búnað. Forðast ber ef mögulegt er að innréttingar og búnaður innihaldi efni sem talin eru geta verið skaðleg fyrir heilsu og umhverfi. Ávallt skal reynt að velja vörur þar sem orkunotkun, hávaði og geislun eru í lágmarki uppfylli þær aðrar gæðakröfur sem settar eru.

Aðstaða og búnaður auðveldi umhverfisáherslur í námi

Mikilvægt er að tekið sé sérstakt tillit til mótuneyta þar sem aðstaða til sorpmeðhöndlunar þarf að vera bæði auðveld og aðgengileg. Flokkunaraðstöðu fyrir úrgang skal komið fyrir í hverri kennslustofu auk þess sem aðgengileg og sýnileg flokkunarmiðstöð verði sett upp miðsvæðis í skólanum. Þar verði gert ráð fyrir ýmsum úrgangsflokkum og að góð tengsl séu við sorpgeymslu. Í hverri kennslustofu væri æskilegt að hafa stálvask til að auðvelda þær kennsluaðferðir sem fela í sér föndur og ýmiss konar rannsóknarvinnu og til að auðvelda aukinn sveigjanleika í skólastarfinu. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir rúmgóðri og þægilegri aðstöðu nálægt útihurð fyrir útiföt og skó nemenda til að auðvelda útiveru í tengslum við frímínútur og útikennslu.

Skólalóðir

Við hönnun skóla er mikilvægt að gera ráð fyrir að flokkun úrgangs frá skólanum sé auðveld og aðgengileg. Í skýrslu um umhverfisátak Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur vorið 2003 er m.a. fjallað um umhverfisáherslur í starfi grunnskólanna. Hefur nokkrum skólum tekist að draga úr sorpmagni umtalsvert, sem getur orðið öðrum skólum fyrirmynd. Gert verði ráð fyrir rúmgóðum sorpgeymslum í byggingunum og/eða komið upp afgirtri og fallegri aðstöðu á skólalóð fyrir gáma. Þessi hönnun þarf að vera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um sorphirðu.

Gera þarf ráð fyrir rúmgóðri útigeyslu þar sem hægt er að geyma áhöld og verkfæri til umhirðu skólalóða, leikföng og ýmsan búnað sem notaður er við útikennslu. Hjólagrindur ættu að vera til staðar við alla skóla. Við alla skóla verði komið fyrir góðum merkingum með nafni skólans og teikningu af skólanum. Einnig verði settar upp merkingar þar sem fólk er beðið að slökkva á bílvél meðan á erindi stendur.

Nánar er fjallað um hvernig skólalóðir skulu hannaðar þannig að þær auðveldi umhverfisáherslur í kennslu í skýrslunni um skólalóðir. Þar er lögð áhersla á að skipulag

skólalóðarinnar taki mið af fjölpættu hlutverki hennar jafnt sem margvíslegum þörfum notendahópsins og að hún sé í samræmi við stefnu og áherslur hvers skóla. Mikilvægt er að nánasta umhverfi skóla sé aðlaðandi, styrki jákvæða ímynd skólans og bjóði fólk velkomið. Auk þess lét Fasteignastofa Reykjavíkur gera ýtarlega úttekt á ástandi skólalóða og liggur skýrsla fyrir.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa annast eftirlit með öryggi leikvallatækja og leiksvæða samkvæmt reglugerð frá janúar 2003. Markmið hennar er að stuðla að öryggi barna og annarra með því að tryggja að leikvallatæki og leiksvæði séu hönnuð, frágengin og þeim viðhaldið á öruggan og viðurkenndan hátt. Í reglugerðinni er veittur frestur til 31. desember 2006 til að endurgera leiksvæði sem eru starfrækt við gildistöku hennar þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Rekstraraðilar leiksvæða skulu setja tímasetta áætlun um endurgerð leiksvæða og senda heilbrigðisnefnd til umsagnar fyrir 1. janúar 2005.

4. NÝTING Á HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLA

Fræðslufirvöld í Reykjavík leggja áherslu á góða nýtingu á húsnæði grunnskólana jafnt sem góð tengsl við grenndarsamfélagið sem m.a. getur birst í aðgegni íbúa hverfisins að húsnæði grunnskóla. Nefnd hefur verið að störfum sem m. a. beitti sér fyrir því að skoðuð var núverandi nýting á skólahúsnæði og farin ferð til Noregs til að skoða stöðu þessara mála þar. Í nefndinni eiga sæti Guðmundur Pálmi Kristinsson forstöðumaður Fasteignastofu, Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri, Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR og Ellert Borgar Þorvaldsson skólastjóri Ártúnsskóla. Sérstakar skýrslur verða birtar bæði um núverandi nýtingu húsnæðis og um kynnisferð til Noregs sem nú þegar er komin út, samantekt hér byggir á þeim skýrslum.

4.1 Núverandi samnýting á skólahúsnæði, samantekt úr skýrslu úttektaraðila.

Úttekt á nýtingu skólahúsnæðis var unnin af starfshópi á vegum Fasteignastofu Reykjavíkurborgar, Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur. Niðurstaða hans var að húsnæði flestra grunnskóla, s.s. kennslustofur og önnur rými, eru fullnýtt meðan á skólahaldi stendur. Aðstaða skólanna er misjöfn. Flestir skólanna hafa fjölnota sali sem nýtast sem mötuneyti, fundaraðstaða, hátíðarsalur, tómstundaaðstaða og fleira á meðan nokkrir hafa fleiri en einn sal til afnota. Önnur opin rými eða miðrými eru einnig nýtt til kennslu og annarrar starfsemi í mörgum skólum.

Það vakti athygli úttektaraðila hve misgóð aðstaða skólanna er varðandi möguleika á útleigu. Nýju skólarnir eru almennt stærrir og gert er ráð fyrir rýmum og svæðum sem hægt væri að nýta utan hefðbundins skólatíma. Í sumum eldri skólum er afar þröngt um skólastarfið. Gerð er grein fyrir möguleikum hvers skóla í skýrslu hópsins.

Fristundaheimili og nokkrar félagsmiðstöðvar, sem reknar eru af ÍTR, hafa aðstöðu innan veggja skólanna. Þessi starfsemi nýtir sér ýmsa aðstöðu, s.s. kennslu- og verkgreinastofur, tölvuver, opin rými, fjölnota sali og íþróttahús. Fristundaheimilin eru opin eftir að skólatíma yngstu barnanna lýkur. Félagsmiðstöðvar eru opnar frá kl. 17.00- 22.00 á kvöldin. Tómstundastarf ÍTR fyrir aldurshópin 10 – 12 ára fer fram seinnipart dags í skólunum. Skólarnir eru einnig með ýmiskonar félagsstarf og bekkjarkvöld en slík starfsemi fer að mestu fram utan hefðbundins skólatíma. Aðstaðan í skólunum er nokkuð misjöfn til að nýta eftir að skóladegi lýkur. Sumir skólar búa við þröngan kost og í öðrum eru rýmin það opin að erfitt getur verið að stjórna starfsemi og hafa yfirsýn. Samningur er milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur um nýtingu íþróttahúsa við skólana síðari hluta dags og á kvöldin.

Salir og önnur stór miðrými eru gjarnan lánuð/leigð út í mörgum skólum. Sjaldgæft er núorðið að hefðbundnar kennslustofur og verkgreinastofur séu leigðar út til námskeiðahalda eða undir annars konar starfsemi. Helst eru það tölvustofur sem eru lánaðar eða leigðar út. Ástæðan fyrir lítilli notkun almennra kennslustofa og verkgreinastofa er sú að stofurnar eru núorðið vinnusvæði kennara. Öll þeirra vinna og gögn liggja þar inni.

Foreldrafélög og foreldraráð hafa aðgang í skólum að rýmum til fundarhalda. Einnig hafa flestir skólar opnað húsnæði, sali og fundarherbergi fyrir ýmsa hverfa- og kynningarfundir og hefur þá sjaldnast verið greidd leiga fyrir.

Í mörgum skólum er tónlistarskóli eða tónlistarstarf af einhverjum toga með aðstöðu inni í kennslustofum og öðrum rýmum. Ýmist er þetta starf á skólatíma eða eftir að skóladegi lýkur. Þetta er nýting sem flestir skólastjórnendur eru sammála um að sé æskileg innan veggja skólanna. Fleiri dæmi um nýtingu á skólahúsnæði utan hefðbundins skólatíma eru jóгатímar, danskennsla, leiklistaræfingar, kóræfingar o.fl.

Í viðtölunum úttektaraðila við skólastjórnendur kom í ljós að þeir höfðu margir sömu hugmyndir og áhyggjur varðandi nýtingu skólanna utan skólatíma. Eftirfarandi atriði komu fram hjá þeim flestum um það hvað helst hindraði samnýtingu eða útleigu:

- Kennslustofur eru vinnustaður nemenda og kennara og hætta á að vinna þeirra fái ekki að vera í friði fyrir utanaðkomandi aðilum ef um útleigu er að ræða.
- Reglur takmarka nýtingu mötuneytis og heimilisfræðiaðstöðu þar sem aðeins starfsfólki er leyfilegt að ganga þar um á meðan verið er að matreiða fyrir nemendur.
- Óljóst hver eigi að hafa umsjón með nýtingu utan skólatíma.
- Allir þurfa að fylgja reglum um bann við reykingum og meðferð áfengis.
- Lyklamál þarf að athuga, hver hefði aðgang að húsinu o.s.frv.
- Ýmsir veltu fyrir sér samkeppni við einkaaðila varðandi útleigu.
- Ákveða þarf hver ber ábyrgð á útleigu, flestir voru á því að tryggja þyrfti sjálfstæði skóla og að þeir gætu sett sér sínar eigin reglur. Útleiga kallar á aukið álag á skólastjórnendur, umsjónarmenn og annað starfsfólk.
- Aukinn kostnaður hlýst af nýtingu skólahúsnæðis utan skólatíma sem felur m.a. í sér umsjón með húsnæði, aukin þrif, rafmagns- og hitakostnað, viðhald á húsnæði, kostnað vegna skemmda og annan rekstur á húsnæðinu.
- Öryggiskerfamál þarfnast athugunar við útleigu. Margar útgönguleiðir eru á skólum og á mörgum stöðum stendur allur skólinn opin um leið og ein hurð er opnuð. Útleiga myndi kalla á dýrar breytingar á öryggiskerfum margra skóla.

Flestir skólastjórnendur voru þó jákvæðir gagnvart aukinni nýtingu húsnæðis utan skólatíma og töldu að ímynd skólans myndi styrkjast og nánari tengsl myndu skapast milli foreldra, íbúa hverfis og skóla. Þeir tóku það þó skýrt fram að slík starfsemi mætti á engan hátt koma niður á meginhlutverki húsnæðisins, þ.e. að hýsa skólastarfið sjálft.

4.2 Kynnisferð til Noregs, samantekt úr skýrslu starfshóps

Hópur starfsfólks af Fasteignastofu, Fræðslumiðstöð og ÍTR heimsótti nokkur sveitarfélög í Noregi í september 2003. Tilgangur ferðarinnar var að skoða samstarf skóla og grenndarsamfélags, samstarf skóla og listaskóla (kulturskolen) og nýtingu skólahúsnæðis utan skólatíma. Heimsóttir voru fimm almennir grunnskólar í Bergen, Asker og Osló, auk þess sem skrifstofa menningarmála í Ulriken bydel í Bergen og höfuðstöðvar Bergen Kulturskole voru heimsóttar. Nánar er fjallað um ferðina í skýrslu starfshópsins.

Bergen kulturskole er listaskóli fyrir alla borgina og nýtir húsnæði grunnskólanna fyrir kennslu í tónlist, myndlist og dansi. Slík kennsla fer fram í 35 – 40 grunnskólum í borginni

af samtals 98 grunnskólum. Kennslan fer fram að mestu eftir skólatíma eða frá hádegi og notaðar eru kennslustofur.

Skranevatnet skole og kultursenter er bæði grunnskóli og menningarmiðstöð og var byggð sem slík. Húsinu er skipt þannig upp að ákveðinn hluti er fyrst og fremst ætlaður menningarmiðstöðinni en nýttur fyrir skólastarf á skólatíma. Aðrir hlutar voru fyrst og fremst ætlaðir til kennslu en nýttir einnig til menningarstarfs utan skólatíma. Báðir aðilar þjóna grenndarsamfélaginu.

Borgen skole og nærmiljösender. Borgen skóli er unglingskóli og safnskóli fyrir þrjá skóla í hverfinu. Gamla skólahúsnæðið sem byggt var um 1970 þarfnáðist gagngerrar endurbyggingar. Það sama var að segja um leikskóla, kirkjuna og íþróttahús hverfisins. Því var ákveðið að rífa gamla skólann niður að grunni og byggja nýtt og stærra hús en um leið skipuleggja skóla, leikskóla, kirkju, heilsugæslu og íþróttamiðstöð sem eina heild, „nærmiljöcenter“, miðstöð náms, menningar og íþróttar þar sem fólk á öllum aldri með ólíkan bakgrunn hittist og getur myndað jákvæð tengsl. Lögð er áhersla á samnýtingu húsnæðisins til náms, menningarstarfsemi og fyrir samkomur af ýmsu tagi (fundi, námskeið, hópastarf), samvinnu um það að veita þjónustu og skapa gott uppeldisumhverfi.

Í þeim skólum og stofnunum sem heimsóttar voru kom alls staðar fram mikil áhersla á samnýtingu skólahúsnæðis með hagsmuni nemenda og þjónustu við íbúa hverfisins að leiðarljósi. Mest var nýting á íþróttahúsnæði en sérgreinastofur voru einnig leigðar út. Í Skranevatnet skole var salur leigður út fyrir ráðstefnur og fundi fyrirtækja eða stofnana. Algengast var þó að skólahúsnæðið væri nýtt til funda foreldra eða klúbba í hverfinu. Skólahljómssveit og kórar svo og Kulturskolen nýta húsnæði skólanna og eru víða sérútbúin rými til nota fyrir tónlistarkennslu.

Skólastjóri ber ábyrgð á útláni og leigu húsnæðisins til annarrar starfsemi sem almennt er án endurgjalds fyrir opinbera þjónustu og frjáls félagsamtök. Greitt er þó vegna umsjónarmanns.

4.3 Möguleg samnýting

Úttekaraðilar ræddu við skólastjóra um mögulega samnýtingu á húsnæði grunnskólanna. Bent var að eftirfarandi möguleika á samnýtingu.

Skólabókasöfn: Aðstaða er afar góð á mörgum skólabókasöfnum í grunnskólum Reykjavíkur en bókaúrvali ef til vill ábótavant. Ef fjölbreyttara efni og fleiri bókatitlar væru til staðar á bókasöfnum skólanna væri hægt að opna þau meira fyrir almenningi, þ.e. íbúum hverfisins.

Salir – miðrými: Margir salir og/eða miðrými bjóða upp á ágætis útleigumöguleika, s.s. fyrir fundarhöld, fræðslu, fyrirlestra, tónlistarviðburði ýmiskonar, kórustarf, tónleika, dansnámskeið, leiklistarnámskeið, fermingarveislur og tómsundastarf. Vandí við að loka af salnum, salernisaðstöðu eða eldhúsaðstöðu hindrar ef til vill útleigu.

Kennslustofur: Einna helst bjóða list- og verkgreinastofurnar sem og tölvustofur upp á útleigu fyrir námskeið. Hægt væri að halda námskeið í t.d. matreiðslu, textíl, smíðum, myndlist, leir- og glervinnu, ljósmyndun, tónlist og tölvuvinnu. Fullt samráð yrði að vera

við kennara og hann hefði jafnvel sjálfur umsjón með námskeiðum. Margar þessara kennslustofa eru glæsilega útbúnar og aðstaða til fyrirmyndar. Útleiga yrði í boði fyrir íbúa hverfis, foreldra, eldri borgara og aðra skóla, þ.e. kennara og annað starfsfólk.

Skólalóð: Tilvalið væri að opna skólalóðina á sumrin fyrir börnin í hverfinu. Hægt væri að koma upp smíða- og gæsluvöllum á lóð, sérstaklega ef lítið annað er í boði fyrir börnin. Ráða þyrfti starfsfólk til að hafa umsjón með því starfi og skóli þyrfti að fá aukafjármagn til að sjá um viðhald og launakostnað, ef ábyrgð væri í höndum skólans.

Sundlaug: Þeir skólar sem hafa yfir sundlaug að ráða vildu gjarnan leigja þær út til eldri borgara eða fyrir ungbarnasund. En þá þyrfti að bæta aðstöðuna, taka sundklefa í gegn og ráða umsjónarmann til að sjá um viðhald og eftirlit.

Íþróttasalir: Þeir skólar sem ekki eru með samning við ÍBR gætu vel hugsað sér að auka útleigu enn frekar. Hægt væri að bjóða upp á ýmis íþróttanámskeið og jafnvel væri hægt að nýta sali undir veislur og fundarhöld.

Skólamötuneyti: Hugmynd kom upp um að nýta mötuneyti skólans sem hálfgerðan veitingastað fyrir nágrennið. Hægt væri að bjóða ákveðnum hópum að nýta sér mötuneytið t.d. á sumrin og þegar eitthvað sérstakt er á döfinni í hverfinu.

5. VINNA UNDIRHÓPA OG SÉRSKÝRSLUR

Fjórir undirhópar voru að störfum í tengslum við gerð þessarar stöðugreiningar. Verkefni þeirra fjölluðu um skólalóðir, lausan stofnbúnað, skólamötuneyti og tölvumál. Auk þess var gerð úttekt á viðhaldsþörf á húsnæði allra grunnskólanna sem byggðir eru eftir 1990. Gefin verður út sérskýrsla um hvert og eitt verkefni, en hér einungis gefið stutt yfirlit yfir vinnu og helstu tillögur hvers hóps.

5.1 Skólalóðir

Í vinnuhópi um skólalóðir sátu:

Anna Kristín Sigurðardóttir, verkstjóri hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Guðrún Þórsdóttir, ritari, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Róbert Árni Róbertsson, Fasteignastofu Reykjavíkur

Guðrún Sigríður Hilmisdóttir, Gatnamálastofu Reykjavíkur

Þórólfur Jónsson, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur

Samkvæmt erindisbréfi hópsins voru helstu verkefni hans:

- Að móta tillögur um hlutverk skólalóða í skólastarfinu.
- Að útfæra dæmigerða skólalóð fyrir tveggja hliðstæðna skóla sem samræmist hugmyndum hópsins þannig að unnt sé að reikna út kostnað.
- Að gera tillögur að fyrirkomulagi á hönnun og ráðstöfun fjármagns vegna skólalóða.

Jafnframt var gerð úttekt á ástandi allra skólalóða við grunnskóla Reykjavíkur í tengslum við vinnu hópsins og er skýrsla þar um fyrirbyggjandi.

Samantekt á helstu tillögum hópsins

Hlutverk skólalóðar

- Samkvæmt stefnu fræðsluráðs Reykjavíkur (samþykkt þann 31. mars 2003) hefur skólalóðin þrjú hlutverk í skólastarfinu sem hefur áhrif á skipulag hennar: Hún er félagslegur vettvangur þar sem hlúð er að þörfum einstaklinga og hópa, hún er námslegur vettvangur fyrir nemendur skólans, auk þess sem hún getur verið nýtt af öðrum íbúum hverfisins.
- Skólalóðir taka mið af stefnu og áherslum hvers skóla, og verða því útfærðar með mismunandi hætti.
- Mikilvægt er að nánasta umhverfi skóla sé aðlaðandi, styrki jákvæða ímynd skólans og bjóði fólk velkomið.

Öryggismál

- Með nýrri reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða skulu rekstraraðilar skila tímasettri áætlun í árslok 2004 um endurgerð leiksvæða þannig að þau uppfylli ákvæði reglugerðarinnar.

Skipulag skólalóðar

- Skipulag skólalóðarinnar skal taka mið af fjölþættu hlutverki hennar jafnt sem margvíslegum þörfum notendahópsins.

- Nauðsynlegt er að lóðin sé skipulögð sem ein heild, en ekki eingöngu einstakir hlutar hennar, með framtíðar hlutverk hennar í huga.
- Kennslugarðar sem eru skipulagt svæði utandyra, verði settir upp á skólalóðum þeirra skóla sem leggja áherslu á útikennslu og umhverfisfræðslu.
- Skógrækt á skólalóðum verði skipulögð sem grenndarskógur þar sem áhersla er lögð á nýtingu hans og ekki eingöngu skógarlundur í nágrenni skólans.

Hönnun og framkvæmd

- Lóðarhópur verði skipaður með hverju verki sem vinnur með hönnuðum og verkefnisstjóra Fasteignastofu að gerð forsagnar. Í honum sitji auk hönnuða og verkefnisstjóra, skólastjóri og fulltrúar kennara, foreldra, Fræðslumiðstöðvar og ÍTR.
- Tryggt verði að hönnuðir og verktakar fái tækifæri til að fylgja verkinu eftir yfir a.m.k. tvö sumur þannig að unnt sé að bæta úr því sem aflaga hefur farið eftir fyrsta veturinn.

Fjármagn til viðhalds og endurgerðar

- Lagt er til að tekið verði frá ákveðin fjárhæð á hverju ári í fimm ár sem ætluð er til endurgerðar / endurbóta á skólalóðum þ.m.t. gerð kennslugarða. Kallað verði eftir tillögum og áherslum hvers skóla. Gerð verði áætlun um framkvæmdir í samræmi við tillögur skólanna og ástand á skólalóðum.
- Gera þarf sérstakt átak í almennu viðhaldi á skólalóðum vegna þess hve ástand margra lóða er slæmt. Gerð verði áætlun þar um til fimm ára og forgangsraðað miðað við ástand lóðanna.

Ráðgjöf til skóla

- Skólum verði tryggður aðgangur að ráðgjöf um plöntuval, umhirðu á plöntum og öðrum gróðri á skólalóðum, umhverfis- og útikennslu og fleira sem tengist nýtingu umhverfisins í kennslu.
- Gerð verði tilraun í einum skóla með hönnun skólalóðar í samræmi við áherslur og þarfir notenda. Verkefnið verði unnið í samstarfi við skólafólk og hönnuði.

5.2 Skólamötuneyti

Í vinnuhóp um skólamötuneyti sátu:

Júlíus Sigurbjörnsson, verkstjóri hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Anna Kristín Sigurðardóttir, ritari hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Bragi Guðmundsson, forstöðumaður framleiðslueldhúss að Lindargötu 59
Karólína Einarsdóttir, iðnhönnuður hjá Arkís

Samkvæmt erindisbréfi hópsins voru helstu verkefni hans eftirfarandi:

- að endurskoða þarfagreiningu fyrir mötuneyti
- að gera tillögur um hvað þarf að gera til að koma fyrir skólamötuneyti í þeim skólum þar sem ekkert er fyrir
- að meta hvort og þá hvaða endurbætur þarf að gera á skólamötuneytum sem þegar eru komin
- að setja fram tillögur að viðmiðum til forgangsroðunar.

Samantekt á helstu tillögum hópsins

- Hópurinn leggur til að lokið verði við að setja fullnægjandi eldhús í alla skóla þar sem því verður mögulega við komið á árinu 2005 (í samræmi við áætlun). Almenna reglan verði sú að ákvarðanir og framkvæmdir við eldhús verði í samhengi við áform um aðrar endurbætur á skólahúsnæðinu eða viðbyggingar.
- Hópurinn leggur fram tillögu að viðmiðunarlista fyrir búnað í eldhús sem annast matseld fyrir annarsvegar 200 – 450 manns og hins vegar fyrir 400 – 600 manns.
- Hópurinn leggur fram endurskoðaða þarfagreiningu um húsnæði, innréttingar og tæki fyrir framreiðslueldhús miðað við breyttar áherslur frá fyrri þarfagreiningu.

5.3 Laus stofnbúnaður

Í vinnuhópi um lausan stofnbúnað í grunnskólum sátu:

Anna Kristín Sigurðardóttir verkstjóri hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Júlíus Sigurbjörnsson, ritari hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Sighvatur Arnarsson, Fasteignastofu Reykjavíkur

Rúnar Gunnarsson, Fasteignastofu Reykjavíkur

Samkvæmt erindisbréfi voru helstu verkefni hópsins þessi:

- að endurskoða núverandi búnaðarlista um stofnbúnað í skólum
- að gera tillögur að því hvernig hægt er að koma til móts við mismunandi vinnubrögð og skipulag í skólum
- að gera tillögu að ferli við ákvarðanatöku varðandi búnaðarmál og kaup á búnaði
- að fjalla um atriði sem varða búnað, s.s. gerð og umhverfissjónarmið.

Samantekt á helstu tillögum og vinnu hópsins

Viðmiðunarskrá

- Hópurinn leggur fram tillögu að viðmiðunarskrár um stofnbúnað í skóla fyrir um 400 nemendur. Listinn verði hafður til viðmiðunar við gerð búnaðarlist fyrir hvern skóla við kaup á stofnbúnaði. Hann verði endurskoðaður árlega að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar.

Tillögur að vinnuferli

- Vinnuferli um samskipti Fræðslumiðstöðvar og Fasteignastofu við kaup á lausum stofnbúnaði í grunnskóla. Fasteignastofa gerir frumáætlun að upphæð til búnaðarkaupa fyrirfram og Fræðslumiðstöð ber ábyrgð á gerð búnaðarlista og innkaupum.
- Vinnuferli um kaup á stofnbúnaði í viðbyggingu eða nýbyggingu grunnskólahúsnæðis eftir að búnaðarlisti liggur fyrir. Skilgreind eru ábyrgðarsvið starfsmanna Fræðslumiðstöðvar og samskipti við skólastjóra um kaupin.

Gagnagrunnur um magn og ástand búnaðar í grunnskólum

- Í tengslum við vinnu starfshópsins var gerð úttekt á magni og ástandi þess búnaðar sem til er í grunnskólum Reykjavíkur í mars 2003. Upplýsingar úr henni mynda gagnagrunn sem lagt er til að verði uppfærður með reglulegu millibili.

- Upplýsingar úr gagngrunni verði nýttar við forgangsröðun í endurnýjun búnaðar og byrjað þar sem ástandið er verst.
- Gerðar verið reglur um afskrift búnaðar.

5.4 Tölvur

Í vinnuhópi um tölvumál í grunnskóla sátu eftirtaldir:

- Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, verkstjóri hópsins, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
- Einar H. Jónsson, Fasteignastofu Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt erindisbréfi voru helstu verkefni hópsins:

- að endurskoða fyrirbyggjandi stefnu í tölvumálum
- að fara yfir stöðuna um lagnir og tölvumál í hverjum skóla
- að gera tillögur að vinnuferli og verkaskiptingu milli Fræðslumiðstöðvar og Fasteignastofu m.a. um kaup og viðhald á tölvubúnaði og skilgreina stofnbúnað
- að móta tillögur um viðmið að forgangsröðun í fimm ára áætlun.

Gerð var úttekt á ástandi tölvulagna í öllum grunnskólum og skilgreindar þarfir fyrir tölvulagnir og búnað.

5.5 Viðhaldspörf

Úttekt var gerð á viðhaldspörf húsnæðis allra grunnskóla sem byggðir voru fyrir 1990. Hún var framkvæmd af Línuhönnun fyrir Fasteignastofu Reykjavíkur í mars 2003. Gerð var frumkostnaðaráætlun á viðhaldskostnaði innan- og utanhúss í grunnskólum í Reykjavík og sett fram áætlun sem tekin er saman í sérskýrslu. Undanfarin ár hafa miklar endurbætur verið framkvæmdir innan- og utanhúss.

Áætlunin byggist á viðhaldsframkvæmdum sem nauðsynlegar geta talist á næstu fimm árum. Skólunum er skipt upp í byggingaráfanga og þeir kostnaðareiknaðir með sömu skiptingu. Ekki voru skoðaðir skólar sem eru yngri en 10 ára og framkvæmdir sem fóru fram í skólunum á árinu 2003 eru ekki inn í áætluninni.

Innanhúss voru skoðaðir 21 grunnskóli. Áætlaður heildarkostnaður við viðhald innanhúss á næstu fimm árum er um 1.000 millj. kr. Stór hluti af kostnaðinum er endurnýjun á rafkerfi og ljósum, hurðum, s.s. í kennslustofum vegna reglugerðar um brunavarnir.

Utanhúss voru skoðaðir 14 grunnskólar. Áætlaður heildarkostnaður við viðhald utanhúss á næstu fimm árum er um 360 millj. kr.

6. STAÐA Í EINSTÖKUM SKÓLUM OG TILLÖGUR UM FRAMKVÆMDIR

Hér er fjallað um tillögur að framkvæmdum í grunnskólum sem byggja á rýmisathugun sem gerð var árið 2002, heimsóknum í alla skóla og viðræðum við skólustjórnendur. Auk þess er fjallað um sérskóla og nýja grunnskóla. Í umfjöllun um hvern skóla er skoðuð þörf fyrir viðbótarrými og innri endurskipulagningu m.a. með hliðsjón af áherslum skólans og fræðslufirvalda og ástandi húsnæðisins. Fyrst er fjallað um grunnskóla sem fullnægja ekki rýmisþörf samkvæmt rýmisathugun 2002 (kafla 6.1), þá um aðra almenna grunnskóla (kafla 6.2), sérskóla (kafla 6.3) og að lokum nýja grunnskóla (kafla 6.4). Í kafla 6.5 er síðan samantekt á öllum tillögum sem settar eru fram.

6.1 Almennir grunnskólar sem fullnægja ekki húsrýmisþörf

Í rýmisathugun frá árinu 2002 var gert ráð fyrir að 14 almennir grunnskólar þyrftu aukið húsrými og/eða verulega endurskipulagningu á núverandi húsnæði. Þessir skólar eru: Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Hagaskóli, Háteigsskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli, Rimaskóli, Seljaskóli, Vesturbæjarskóli, Vogaskóli og Ölduselsskóli. Við nánari skoðum kom í ljós að ekki er þörf á viðbótarrými við Háteigsskóla a.m.k. ekki næstu fimm árin auk þess sem rýmisþörf Rimaskóla þarfnast verulegrar endurskoðunar m.a. vegna breyttra áætlana um íbúasamsetningu. Við athugun á öllum skólum kom jafnframt í ljós að til viðbótar þarf aukið rými í Árbæjarskóla. Því er gert ráð fyrir aukinni rýmisþörf við 14 grunnskóla og er fjallað sérstaklega um þá í þessum kafla.

Fjallað er um hvern og einn þessara 14 grunnskóla í stafrófsröð, viðbótarrýmisþörf hans, hvernig húsnæði samrýmist sérstöðu skólans og stefnu fræðslufirvalda, almennt ástand húsnæðis, lóðar og búnaðar, velt upp mögulegum lausnum, reynt að meta hversu aðkallandi úrbætur eru og loks settar fram ákveðnar tillögur um framkvæmdir á næstu árum.

Upplýsingar um almennt ástand húsnæðis byggja á úttekt sem unnin var á vegum Fasteignastofu Reykjavíkur vorið 2003. Allir skólar voru heimsóttir og metin viðhaldsþörf innanhúss. Nánari niðurstöður um viðhaldsþörf eru birtar í sérskýrslu. Gerð hefur verið viðamikil framkvæmdaáætlun um úrbætur á eldvarnarmálum sem verið er að vinna eftir í tímasettum áföngum. Hún er byggð á úttektum eldvarnaeftirlits og er framkvæmdum forgangsraðað.

Lítillaga er fjallað um skólalóðir við hvern skóla sem byggir að mestu leyti á úttekt Fasteignastofu Reykjavíkur á ástandi lóða í maí 2003. Tölur um stærð lóða á hvern nemenda eru reiknaðar út frá upplýsingum í skýrslu um einsetningu grunnskóla Reykjavíkur. Dregið er frá það svæði sem fer undir húsið sjálft og deilt með nemendafjölda haustið 2002. Nýtingarhlutfall lóðar er heildarbyggingamagn deilt með lóðarstærð. Að öðru leiti er vísað til sérskýrslu um skólalóðir. Almennt ástand lóðar tekur til heildarmats á lóðinni, þar sem athugað var sérstaklega ástand girðinga, yfirborðs, lýsingar og leiktækja auk fleiri þátta. Ekki var tekin afstaða til gæða skipulags skólalóðanna.

Upplýsingar um lausan búnað eru unnar upp úr gögnum eftir úttekt á magni, aldri og ástandi á lausum búnaði í grunnskólum. Úttektin var gerð á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur á vorönn 2003. Hér er einungis birtur stuttur útdráttur um hvern skóla, nánari niðurstöður eru birtar í sérskýrslu um lausan búnað.

Upplýsingar um stöðu tölvulagna í grunnskólum er samantekt úr spurningalista sem sendur var tölvuumsjónarmönnum allra skóla. Starfsmenn á tölvudeild Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur söfnuðu upplýsingunum á vorönn 2004. Nánari niðurstöður eru birtar í sérskýrslu um tölvumál. Upplýsingar um fjölda nemenda um hverja tölvu eru teknar úr starfsáætlun fræðslumála 2004.

Austurbæjarskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002, vantar u.þ.b. um 300 m² upp á að skólinn fullnægi rýmisþörf. Ný nemendaspá gerir ráð fyrir um 820 nemendum í skólahverfinu til framtíðar miðað við áætlanir um þéttingu byggðar. Auk þéttingar byggðar skilar sér nú í skólann stærra hlutfall þeirra barna sem eiga lögheimili í hverfinu en áður var. Starfshópur fjallaðir um mögulegar úrbætur í skólamálum hverfisins, hann skilaði tillögum sínum í lok mars 2004. Jafnframt auknu húsrými er þörf á endurskipulagningu stjórnunarálmu.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skóla

Skólinn er staðsettur í miðborginni. Hann er móðurskóli í fjölmennningarlegum kennsluháttum, margt fólk af erlendum uppruna eru meðal starfsfólks og nemenda. Í skólanum er jafnframt ein af þremur nýbúadeildum í borginni. Skólinn er sérstakur í byggingalistarlegu samhengi.

Litlar stofur eru í skólanum sem hefur bæði kosti og galla. Það hentar að mörgu leiti vel fyrir fjölmennningarlega kennslu og sveigjanlega kennsluhætti en á móti kemur að þær eru of litlar fyrir fjölmenna bekkji eða hópa. Litlir sem engir möguleikar eru til að kenna í stærri hópum eða að samkenna bekkjum eða árgöngum. Mikið rými fer í ganga sem nýtist ekki til kennslu. Aukin áhersla er á blöndun nemenda og rými fyrir sérkennsluver hefur verið komið fyrir í risi.

Stjórnunarrými þarfnast endurskipulagningar, lítið rými er fyrir millistjórnendur og þröngt er um afgreiðslu skólans.

Aðgengi fyrir fatlaða er hvorki gott að aðalinngangi né um skólahúsnæðið, þá eru miklir stigar og engin lyfta. Skólinn er heldur ekki aðgengilegur fyrir fólk sem þangað á erindi hvað varðar merkingar, hann er ómerktur að utan og merkingum innandyra er ábótavant. Margvíslegt starf fer fram í húsnæði skólans utan skólatíma, má þar nefna ÍTR, sunddeild KR, lúðrasveit o.fl., þrátt fyrir að húsnæði henti ekki allskostar vel fyrir slíkt. Fristundaheimili er starfrækt í mataraðstöðu nemenda í kjallara.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er gott eftir umtalsverðar framkvæmdir á útveggjum og gluggum, sem þó er ekki lokið. Almennt ástand þess hluta húsnæðisins sem ekki hefur verið endurskipulagt er lélegt, viðhaldi undanfarinna ára hefur verið frestað vegna áætlana um endurskipulagningu. Á næsta sumri er áætlað umtalsvert átak í að bæta ástand kennslustofa, ljúka endurnýjun gólfduka og rafljósa og málun, loft endurnýjuð, læga hljóðvist og þetta gluggar. Unnuð er að eldvarnarhönnun á byggingunni og úrbótum samkvæmt úttektum Eldvarnaeftirlits. Almennt ástand lagnakerfa er þökkalegt, þó þarf að setja nýjan öryggisbúnað á innstreymi á heitu vatni í sundlaug..

Mögulegar lausnir

Húsnæðið býður ekki upp á mikla möguleika til viðbygginga eða breytinga, enda er það friðað að utan. Til umræðu hefur verið að skólinn fái aðstöðu í húsnæði í Vörðuskóla sem

borgin á að hluta, það er nú nýtt af Iðnskólanum. Húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur, við hliðina á skólanum, er ekki notað í dag en það þarfnast mikilla endurbóta. Þar mætti hugsanlega koma fyrir fjórum kennslustofum á tveimur hæðum og t.d. félagsrými fyrir nemendur, aðstöðu til að matast eða aðstöðu til tónlistarkennslu. Ennfremur er í athugun að skólinn fái rými til bráðabirgða í húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Vandí stjórnunarrýmis verður leystur með því að endurskipuleggja núverandi rými, í stað þess að færa það eins og fyrri tillögur gerðu ráð fyrir.

Önnur leið er að reyna að takmarka nemendafjölda skólans. Má í því sambandi m.a. benda á að sérgreinastofur skólans eru nú nýttar að fullu og myndi fjölgun nemenda skapa þörf fyrir aukið sérgreinarými. Mörk skólahverfa Austurbæjarskóla og Háteigsskóla skarast nokkuð, það sama gildir um mörk Laugarnesskóla og Austurbæjarskóla. Jafnframt hefur verið nefndur möguleiki á sérstökum miðborgarskóla sem yrði ekki endilega hverfissskóli, heldur tæki við nemendum úr mörgum hverfum. Sérstakur hópur er að störfum, eins og áður hefur komið fram sem er að fara yfir þessa möguleika.

B. Lóð

Skólalóð Austurbæjarskóla er tæpir 20 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall lóðar er 0,32. Lóðin er að stærstum hluta malbikuð og almennt ástand hennar er þokkalegt. Lagfæra þarf girðingar og yfirborð lóðar að hluta. Lýsingu þarf að bæta. Mögulega þarf að bæta við leiktækjum. Lóðin er mikið nýtt utan skólatíma Nýlegur gervigrasvöllur er á lóðinni sem nýtist skólanum vel m.a. í íþróttakennslu.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 16 nemendur um hverja tölvu í skólanum. Tölvulagnir og tengingar vantar í nokkur rými. Í flestum kennslustofum eru fjórir tenglar, þar af aðeins einn virkur. Tengingar eru illa merktar auk þess sem þær vika illa vegna þess að vegalengdir frá mörgum stofum í lagnaskáp eru of langar. Á þetta við um helming kennslustofa. Nauðsynlegt er að endurskoða allar tölvulagnir skólans.

Laus búnaður

Stærstur hluti nemendahúsgagna er í ágætu ásigkomulagi þó hluti þeirra sé nokkuð kominn til ára sinna og þarfnast endurnýjunar. Kennaraborð og stólar hafa að stórum hluta verið endurnýjuð. Töflur og sýningartjöld þarfnast endurnýjunar að stórum hluta. Skápar og hillur eru í ágætu lagi þegar á heildina er litið. Hluti búnaðar þarfnast endurnýjunar á næstu árum.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti er í þröngri aðstöðu í kjallara hússins og getur ekki annað matseld fyrir alla nemendur skólans. Nú er nemendum í 1. – 7. bekk boðið upp á heita máltíð daglega. Það þarf að líða nokkur tími á milli hópa vegna þess að tæki eldhússins eru afkastalítill. Nauðsynlegt er að fá afkastameiri tæki í eldhúsið, þó er erfitt að koma öllum þeim tækjum fyrir sem nauðsynleg eru. Meira rými þarf til þess að unglíngarnir geti matast líka. Hugmyndir eru um að setja matarlyftu úr eldhúsi og upp í ris. Gangi það ekki þarf að finna aðrar leiðir til að fullnægja þörf fyrir mataraðstöðu.

E. Tillögur

Aðkallandi er að gera úrbætur í húsnæðismálum skólans sérstaklega vegna mikilla þrengsla og fyrirsjáanlegrar fjölgunar á næstu tveimur árum. Skortur er á sérhæfðum rýmum og húsnæðið þarfnast viðhalds og endurbóta.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- stjórnunarrými verði endurskipulagt á núverandi stað.
- skólinn fá aukið rými til bráðabirgða haustið 2004 auk þess sem gerðar verði áætlanir um framtíðarlausnir.
- gerðar verði nauðsynlegar úrbætur í eldvarnarmálum.
- tækjakostur í eldhúsi verði bættur til að auka afköst þess og bætt við rýmið þar sem nemendur matast.
- lokið verði við umfangsmikið viðhald á húsnæðinu.
- tölvulagnir verði endurbættar.
- aðgengi fatlaðra verði leyst.
- gerðar verði endurbætur á lóð í samræmi við athugasemdir.

Árbæjarskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 var gert ráð fyrir að ný viðbygging og innri breytingar myndu fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendasþá. Samkvæmt nýrri spá vantar þó enn almennt kennslurými miðað við áætlaðan fjölda nemenda, eða um 240 m², þrátt fyrir að stækkun og innri breytingum sé lokið. Nemendafjöldi sveiflast nokkuð til á milli ára.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Árbæjarskóli er safnskóli á unglíngastigi og heildstæður grunnskóli. Áhersla er lögð á tölvu- og upplýsingamennt og var skólinn móðurskóli á landsvísu á því sviði í nokkur ár. Sérkennsluver er ekki við skólann, en hægt að koma því fyrir. Frístundaheimili og hluti af almennt kennslu er í lausum stofum. Í miðri byggingunni er opinn garður þar sem möguleiki er að koma upp kennslugarði til náttúrufræðikennslu.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand utanhúss er þokkalegt. Eftir er að gera við útveggi 3. áfanga, íþróttahúss, sundlaugar og hluta útveggs á 2. áfanga. Ástand innanhúss er misjafnt eftir áföngum, en á heildina litið er ástand hússins orðið gott. Áfangar I, II og IV eru í góðu lagi. Endurnýja þarf lýsingu í III. áfanga og eitthvað af gólfdukkum. Endurnýja þarf loftræstikerfi íþróttasalar. Ástand eldvarnamála er í góðu lagi.

Mögulegar lausnir

Kanna þarf hvernig koma mætti fyrir fleiri almennum kennslustofum ef með þarf, en auðvelt virðist að bæta þeim við skólann með viðbyggingu. Frístundaheimili má koma fyrir í félagsmiðstöðinni Árseli. Þar mætti einnig koma fyrir einhverri kennslu.

B. Lóð

Skólalóð Árbæjarskóla er rúmlega 12 m² á hvern nemanda eftir að byggt var við skólann. Nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,51. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Endurbæta þarf að hluta lýsingu, girðingu, yfirborð og leiktæki. Fleiri bílastæði vantar við skólann. Búið er að endurgera hluta lóðarinnar og tengist hún Árbæjartorgi. Möguleiki er á að setja upp kennslugarð í innigarði.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru rúmlega 12 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Nýlegar tölvulagnir eru í flest rými skólans sem eru í ágætu lagi. Ljósleiðaratengingar eru í allar tölvur í nýbyggingu og í stjórnunarálmu. Bæta þarf ástand lagna í elsta hluta skólans og í lagnaherbergi við inngang.

Laus búnaður

Búnaður skólans er í góðu ástandi en ljúka þarf við endurnýjun á húsgögnum. Töflur og sýningartjöld þarf að endurnýja að stærstum hluta.

D. Skólamötuneyti

Nýlegt mötuneyti er við skólann fyrir alla nemendur og fullnægir þörfum hans.

E. Tillögur

Framkvæmdum við skólann er lokið. Viðbótarkennslurými verði leyst með færanlegum kennslustofum eða með því að flytja frístundaheimili í Ársel.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Frístundaheimili verði starfrækt í Árseli a.m.k. þar til fækkar í skólanum.
- Lokið verði viðhaldi á 3. áfanga og íþróttahúsi.

Breiðagerðisskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er viðbótarrymisþörf skólans um 900 m² miðað við að Staðarborgin, sem var leikskóli við hlið skólalóðarinnar, væri nýtt áfram til kennslu. Síðar var ákveðið að Staðarborgin verði ekki nýtt áfram fyrir skólann og hafnar eru framkvæmdir við um 1.145 m² viðbyggingu. Nauðsynlegt er að endurskipuleggja stjórnunarrými og stóran hluta kennslurýmisins. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á nemendafjölda næstu árin. Nú er kennt í fimm lausum kennslustofum auk Staðarborgar.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Breiðagerðisskóli er móðurskóli í sveigjanlegum kennsluháttum og einstaklingsmiðaðri kennslu yngri barna. Hefðbundnar bekkjareiningar eru stokkaðar upp og stefnt að blöndun árganga og sameiginlegri ábyrgð kennara á nemendahópum. Húsnæði skólans hentar ekki alls kostar fyrir slíkt skipulag, það bíður ekki upp á kennslu í misstórum hópum nema að takmörkuðu leyti. Þó hefur verið opnað fram á gang í einni stofu í vesturálmum með því að taka einn vegg.

Sérkennsluver er nú í fyrrverandi húsvardaríbúð í risi. Í samræmi við stefnu skólans er vilji fyrir að dreifa aðstöðu fyrir sérkennslu um skólann á kennslusvæðin til að styðja við markmið um blöndun.

Aðkoma að aðalinngangi skólans er greinileg og skólinn er merktur að utan. Litlar merkingar eru að innan og afgangi skólans er óaðgengileg fyrir þá sem eiga erindi í skólann. Salur á 2. hæð er nýttur á kvöldin af öðrum aðilum. Frístundaheimili er alfarið starfrækt í kennsluhúsnæði 1. bekkjar, og hefur enga sérstaka aðstöðu, utan mjög litla og óvistlega kompu sem umsjónarmaður nýtir.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Húsið að utanverðu er í gott. Innanhúss er ástand þess lélegt. Ekki hefur verið farið í lagfæringar innanhúss vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar innanhúss í tengslum við viðbyggingu sem nú er í smíðum. Víða þarfa að mála innanhúss, endurnýja ljósabúnað og loft í kennslustofum. Loftræstikerfi í sundlauginni er orðið lélegt. Brunahólfa þarf bygginguna, endurnýja hurðir á skólastofum í samræmi við eldvarnareglugerð og setja brunaslöngur á viðeigandi stöðum.

Mögulegar lausnir

Unnið er að viðbyggingu við skólann, sem áætlað er að taka í notkun haustið 2005. Viðbyggingin mun leysa húsnæðisþörf skólans. Áætlað er að opna fleiri kennslustofur til að skapa möguleika á sveigjanleika. Unnið er að tillögu um endurskipulagningu eldra skólahúss.

B. Lóð

Skólalóð Breiðagerðisskóla er um 44 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,19. Almennt ástand hennar er gott. Bæta þarf aðkomu að skólanum. Nokkrar lagfæringar þarf að gera á girðingu, yfirborði og lýsingu. Leiktæki þarf að endurnýja.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 8 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Bráðabirgða tölvulagnir eru í Breiðagerðisskóla nema í stjórnunarálmum.

Laus búnaður

Ástand á búnaði skólans er slæmt. Mikillar endurnýjunar er þörf á nánast öllum húsgögnum og búnaði.

D. Skólamötuneyti

Unnið hefur verið að gerð skólamötuneytis en framkvæmdur lauk í desember 2004.

E. Tillögur

Aðkallandi er að ljúka framkvæmdum við viðbyggingu og gera endurbætur á eldri hluta húsnæðis m.a. vegna þrengsla og ástands húsnæðis. Eldvarnarmál þarfnast jafnframt endurbóta.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við 1.145 m² viðbyggingu, samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum.
- Breytingar innanhúss, s.s. endurskipulagning stjórnunarálmum verði framkvæmdar jafnhliða viðbyggingu.
- Farið verði í umfangsmiklar endurbætur vegna viðhalds og eldvarnarmála á eldra húsnæði í beinu framhaldi af viðbyggingu.
- Búnaður og tölvulagnir verði endurnýjaður samhliða endurbótum.
- Hafnar verði viðhaldsframkvæmdir á skólalóð í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur.

Breiðholtsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar um 800 m² til að húsnæðið fullnægi rýmisþörf skólans, aðallega almennt kennslurými. Nú eru tíu færanlegar stofur á lóð. Gert er ráð fyrir að tvær sérdeildir verði áfram starfandi við skólann og þarf því að endurskoða rýmisþörfina í samræmi við það. Allt bendir til að nemendafjöldi muni haldast nokkuð óbreyttur til næstu 15 ára og því vantar framtíðarhúsnæði. Talsvert vannýtt húsnæði er í kjallara sem þó er erfitt að nýta. Þörf er á nokkurri endurskipulagningu innanhúss.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skóla

Í skólanum er starfrækt sérstök starfsdeild fyrir unglunga með félagsleg vandamál og nýbúadeild. Þær eru nú í færanlegu húsnæði en gera þarf ráð fyrir þeim í nýrri húsrýmisáætlun.

Húsnæði skólans hentar ekki vel fyrir skóla án aðgreiningar né fyrir einstaklingsmiðað nám og sveigjanlega kennsluhætti. Húsnæði fyrir sérkennsluver vantar og ferlimál fatlaðra eru ekki í lagi, en verið er vinna að úrbótum þar. Jafnframt vantar rými fyrir millistjórnendur.

Miðrými skólans er nú nýtt sem matsalur sem kemur niður á félagsaðstöðu fyrir unglunga.

Aðkoma að skólanum er góð og er hann vel merktur að utan, en merkingar vantar við götu. Afgreiðsla skólans er nokkuð aðgengileg. Salur er með hallandi gólfi sem takmarkar nokkuð nýtingarmöguleika hans, þó hægt sé að nýta hann t.d. sem fyrirlestrarsal og leikhús. Skólahljómsveit Breiðholts hefur aðstöðu í skólanum.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðis að utanverðu er gott, nema suðurhlið barnaálmuna og tengigangs íþróttahúss, en nokkuð er um steinsteypuskemmdir, þó ekki sé aðkallandi að fara í viðgerðir. Ástand húsnæðis að innanverðu er nokkuð gott. Helst er að endurnýja þarf loft í eldri áföngum hússins. Ástand málningar og lagnakerfis er viðunandi. Loftræstikerfi í B-álmuna er orðið lélegt. Huga þarf bráðum að endurnýjun ljósa í kennslustofum. Unnið er að eldvarnarhönnun af byggingunni. Æskilegt er að brunahólfa eldri skólastofur frá öðrum rýmum í eldri hluta hússins.

Mögulegar lausnir

Byggja þarf við skólann. Mögulegt er að byggja ofan á nýjustu álmuna, sem var hönnuð með það í huga. Jafnframt mætti stækka miðrými til norðurs. Kanna þarf betur möguleika á nýtingu á rými í kjallara skólans, t.d. fyrir geymslur. Í tengslum við viðbyggingu þarf að endurskipuleggja önnur rými, t.d. fyrir námsráðgjafa og sálfræðing.

B. Lóð

Skólalóð Breiðholtsskóla er um 33 m² á hvern nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,26. Bílastæði vantar við skólann. Almennt ástand lóðar er gott og ekki þörf á umfangsmiklu viðhaldi nema í við færanlegar kennslustofur.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 16 nemendur um hverja tölvu í skólanum. Tölvulagnir vantar í nokkur rými skólans t.d. í aðstöðu hjúkrunarfræðings, tónlistarkennara og íþróttakennara, einnig í allar færanlegar kennslustofur, á ganga þar sem hugmyndir eru uppi um að setja upp vinnuástöðu fyrir nemendur og á kaffistofu starfsmanna. Frágangur lagna og tenginga er í ólagi í álmu eldri barna og á bókasafni.

Laus búnaður

Endurnýja þarf stóran hluta af húsgögnum í skólanum sem og töflur og sýningartjöld. Tæki eru hins vegar í góðu lagi.

D. Skólamötuneyti

Nýlegt eldhús er í skólanum og er nú öllum nemendum skólans boðið upp á heita máltíð í hádegi. Matast er í miðrými skólans sem um leið er anddyri. Miðrýmið er frekar lítið og væri stækkun á því æskileg.

E. Tillögur

Aðkallandi er að bæta við húsnæði skólans þar sem nú þegar eru tíu færanlegar stofur við hann og sumar þeirra í slæmu ástandi.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggð verði um 800 m² viðbygging við skólann.
- Gerðar verði nauðsynlegar innri breytingar á núverandi húsnæði.
- Gert verði átak í endurnýjun á búnaði og tölvulögnum.
- Bílastæðum við skólann verði fjölgað eftir því sem unnt er.

Hagaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar um 850 m² til að fullnægja rýmisþörf. Þar af mætti leysa um 150 – 200 m² með endurskipulagningu í kjallara auk þess sem gert var ráð fyrir sérstökum matsal sem ekki er gert ráð fyrir nú. Því er ljóst að rýmisþörfin er talsvert minni. Nýbyggingaþörf er því talin vera um 650 fm Von er á lítilsháttar fjölgun nemenda. Endurskipulagning á ákveðnum rýmum er nauðsynleg. Skoða þarf rýmisþörf skólans í samhengi við aðra skóla í Vesturbæ.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Hagaskóli er stór unglingskóli. Mikið framboð er á valgreinum í skólanum, þar er eingöngu faggreinakennsla og þar af leiðandi engar heimastofur. Skólinn er safnskóli fyrir Melaskóla, Grandaskóla og Vesturbæjarskóla.

Komið er til móts við markmið um sveigjanlega kennsluhætti með því að bjóða upp á mikið val í 9. og 10. bekk, auk þess er ferðakerfi í 10. bekk miðað við getu nemenda, þar sem farið er á mismunandi hraða yfir námsefnið. Ein lítil stofa er notuð undir sérkennslu og þarf að stækka þá aðstöðu til að stofna sérkennsluver. Einnig er aðstaða fyrir millistjórnendur þröng. Ekkert miðrymi er í skólanum og bókasafn mætti endurskipuleggja til að það henti betur sem tölvu- og upplýsingaver í unglingskóla.

Aðkoma að skólanum er góð. Skólinn er vel merktur að utan þó aðalinngangur sé ekki merktur sérstaklega. Afgreiðsla er illa staðsett, innarlega á gangi á efri hæð og í þröngu rými. Húsið er illa til þess fallið að leyfa öðrum aðilum að nýta það um kvöld og helgar þar sem erfitt er að loka hluta þess.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðis að utan- og innanverðu er gott. Halda þarf áfrma að skipta út móðugleri sem er víða. Töluverð endurnýjun hefur farið fram á rafkerfi skólans. Vélbúnaður loftræstikerfis í íþróttahúsi þarfnast endurnýjunar. Endurnýja þarf hurðir og loft á gangi í eldri hluta hússins, til samræmis við kröfur reglugerðar um brunavarnir. Einnig þarf að skipta húsinu niður í eldhólf. Eldvarnarhönnun er til af skólahúsnæðinu en ekki af íþróttahúsinu.

Mögulegar lausnir

Endurskipuleggja má stjórnunarrými þannig að afgreiðsla færir á stigapall á efri hæð og verði þannig aðgengilegri fyrir fólk sem á erindi í húsið. Finna þarf vinnuástöðu kennara annað rými sem og aðstoðarskólastjóra sem nú er með skrifstofu í einni kennslustofu.

Endurskipuleggja þarf skólasafn í núverandi aðstöðu, t.d. að opna fram á gang eða tengja við tölvuver til að fá stærra rými og hentugri aðstöðu fyrir einstaklingsmiðað nám. Þörf er fyrir aukið kennslurými. Hana mætti e.t.v leysa með því að koma fyrir fyrirlestrasal sem rúmaði 50 – 70 nemendur. Hann gæti komið í viðbyggingu eða jafnvel í kjallara og stofu beint fyrir ofan. Fyrirlestrarsalur kæmi í staðinn fyrir kennslustofu, fjölnýtistofu og tónlistastofu sem vantar í skólann samkvæmt rýmisathugun. Gangar skólans eru ekki nýttir nema sem umferðarými.

Í kjallara er ónotað rými. Ef á að nýta það þarf að grafa frá fyrir gluggum og gera flóttaleið. Þar mætti t.d. koma fyrir fundaraðstöðu, vinnuaðstöðu fyrir kennara, bókageymslu eða félagsrými fyrir nemendur. Viðbyggingamöguleikar við skólann eru takmarkaðir en þó væri hægt að byggja við hann m.a. til norðurs að Hagatorgi.

B. Lóð

Skólalóð Hagaskóla er rétt um 13 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,51. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Lóðin er malbikuð að stærstum hluta. Endurbæta þarf girðingar og yfirborð að hluta. Bæta þarf lýsingu. Aðstöðu fyrir unglunga vantar á lóðina.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 14 nemendur um hverja tölvu. Fullnægjandi tölvulagnir eru um allan skólann.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Borð og stólar fyrir nemendur og kennara eru nokkuð komin til ára sinna en ástand þeirra er þó almennt gott. Töflur eru ágætar en komið er að endurnýjun á sýningartjöldum. Skólinn er vel búinn tækjum sem eru í ágætu ásigkomulagi.

D. Skólamötuneyti

Mötuneyti var tekið í notkun í nóvember 2004

E. Tillögur

Aðkallandi er að endurskipuleggja skólann innanhúss.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Endurskoðuð verði forsögn fyrir skólann miðað við breyttar forsendur.
- Útbúin verði félagsaðstaða fyrir nemendur.
- Gerðar verði breytingar á afgreiðslu skólans.
- Skólasafn verði stækkað og endurskipulagt, samnýtt með tölvuveri og komið upp aðstöðu fyrir nemendur til að vinna einstaklingsbundið eða í minni hópum.
- Eldvarnir verði bættar í samræmi við ábendingar slökkviliðs.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Langholtsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Framkvæmdum við 400 m² viðbyggingu lýkur í lok árs 2004. Unnið er að hönnun á endurskipulagningu eldri hluta skólabyggingarinnar og stjórnunar. Nemendafjöldi er í jafnvægi en þó fyrirsjáanlegt að nemendum fjölgi lítillega á næstu árum.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er lögð áhersla á samkenndu í yngstu árgöngum. Húsnæðið hentar ekki sérlega vel til sveigjanlegra kennsluhátta eða samkenndu árganga. Rými vantar fyrir millistjórnendur og vinnuáðstöðu fyrir kennara. Sérkennsluver hefur aðstöðu í risi.

Aðkoma að skólanum er ekki góð, hann er ómerktur og erfitt er að rata að aðalinnangi. Þegar inn er komið er afgreiðsla illa staðsett og litlar merkingar innandyra. Ferlimál fatlaðra þarfnast endurskoðunar, aðeins er ein pallalyfta við miðrymi skólans. Lítil notkun er á húsnæði skólans eftir að skóla lýkur utan þess að íþróttasalur er leigður út.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand hluta húsnæðisins að utanverðu er lélegt að hluta, en áætlað er að endurbótum utanhúss ljúki árið 2005. Almennt ástand innanhúss er óviðunandi, þar ræður mestu um frestun viðhalds vegna gagngera endurbóta, sem unnar verða vegna endurskipulagningar innanhúss. Halda þarf áfram endurnýjun raflagna, raflýsingar, eldvarnarhurða og brunalokana. Málun er sumstaðar ábótavant, ástand frárennislagna er lélegt undir A-álmu, gólfdukar eru víða farnir að láta á sjá. Unnið er að eldvarnarhönnun í tengslum við endurskipulagningu. Eins og í öðrum eldri skólum þarf að endurnýja hurðir á skólastofum í samræmi við núverandi eldvarnareglugerð.

Mögulegar lausnir

Mötuneytiseldhús og salur verða í viðbyggingu, auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum inngangi. Fyrirhugað er að breyta aðkomu að skólanum þannig að hún verði frá Holtavegi. Nauðsynlegt er að gera innri breytingar í kjölfar viðbyggingar til að fá betri nýtingu á kennslurými. Jafnframt þarf að endurskipuleggja stjórnunarrými og afgreiðslu m.t.t. viðbyggingar. Aðstöðu til verkgreinakennslu verður komið fyrir í kjallara.

B. Lóð

Skólalóð Langholtsskóla er rétt um 28 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,29. Almennt ástand lóðarinnar er lélegt. Girðingar, yfirborð og leiktæki þarfnast töluverðs viðhalds og bæta þarf lýsingu. Fyrirhugað er að aðkoma og bílastæði skólans verði við Holtaveg.

C. Búnaður

Tölvur

Samtals voru um 13 nemendur um hverja tölvu í skólanum haustið 2003. Tölvulagnir eru í flest rými skólans og í ágætu lagi. Þó þarf að bæta við tenglum í nokkur rými. Skipta þarf út netskiptum.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er lélegt. Endurnýja þarf nemendaborð og stóla, verulegan hluti af kennarahúsgögnum og öðrum húsgögnum. Sýningartjöld eru í þokkalegu lagi en töflur þarfnast endurnýjunar.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti var tekið í notkun í desember 2004.

E. Tillögur

Lokið verður við viðbyggingu sumarið 2004 og tekinn í notkun salur, mötuneyti o.fl. Aðkallandi er að framkvæma innri endurskipulagningu í tengslum við viðbyggingu, sérstaklega þar sem kennslurými skerðist eftir framkvæmdir og víða er komið að viðhaldi. Sú endurskipulagning er hafin.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við viðbyggingu og innri breytingar, einkum á stjórnun, kjallara og kennslurými.
- Umfangsmiklu viðhaldi sem staðið hefur yfir verði lokið.
- Átak verði gert í endurnýjun á búnaði.
- Lóð skólans verði lagfærð og endurskipulögð með tilkomu viðbyggingar.

Laugarnesskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir skólahúsnæðið ekki rýmisþörf í dag. Fimm færanlegar stofur eru á lóðinni. Hafnar eru framkvæmdir við um 1.550 m² viðbyggingu. Auk þess er þörf á endurskipulagningu á stórum hluta núverandi húsnæðis, sérstaklega elsta hluta þess. Fjölgun nemenda er fyrirsjáanleg á næstu árum m.a. vegna uppbyggingar í Sóltúnshverfi.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Húsnæði Laugarnesskóla hefur byggingasögulegt gildi. Í starfi skólans er byggt á gömlum hefðum, þar er t.d. skipulagður morgunsöngur á hverjum morgni. Jafnframt skapar nágrenni við Laugardalinn ákveðna sérstöðu, sem m.a. lýsir sér í áherslu á umhverfisfræðslu og útikennslu. Stofur eru litlar og erfitt er að nýta ganga til kennslu. Rými vantar fyrir sérkennsluver og óhagræði og þrengsli eru í stjórnunarrými.

Aðkoma að skólanum er þokkaleg en skólinn er ekki merktur að utan og aðalinngangur er ekki greinilegur. Afgreiðsla er óaðgengileg þegar inn er komið. Erfitt er að veita öðrum aðgang að húsinu eftir að skóla lýkur, vegna þess hve húsnæði er opið og ekki hægt að loka af einstökum hlutum þess. Ferlimál eru ekki góð og lyftu vantar í húsið. Lúðrasveit hverfisins notar þó miðrymið. Öflugt foreldrastarf er við skólann.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðis að utanverðu er ágætt, en nú er lokið viðgerðum á útveggjum, gluggum og endurnýjun þaks á 1. áfanga. Almennt ástand innanhúss er ekki gott vegna frestunar viðhalds þar sem fyrirhugað er að endurskipuleggja innra rými hússins. Endurnýja þarf rafmagn, vatns-, hita- og frárennslislagnir í austurálm. Skipta þarf um lampa í vesturálm, um gólfefni í vesturálm og nýtt parkett á íþróttasal. Bæta þarf eldhólfanir. Unnið er að eldvarnarhönnun samhliða viðbyggingu

Mögulegar lausnir

Fyrirliggjandi eru teikningar að viðbyggingu og stefnt að því að framkvæmdir hefjist á árinu 2004. Þær gera ráð fyrir að byggt verði utan á elsta hluta skólans að norðanverðu auk gagngerra breytinga á þeim hluta.

B. Lóð

Skólalóð Laugarnesskóla er rúmir 36 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,14. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Lóðin er að hluta óskipulögð með trjágróðri og náttúrulegu umhverfi. Endurbætur þarf að gera á girðingum, yfirborði, lýsingu og leiktækjum að hluta. Unnið er að hönnun á nýrri aðkomu og bílastæðum.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 17 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Ágætar tölvulagnir eru í flestum rýmum skólans, nema í smíðahúsi og í einni færanlegri kennslustofu. Þá er og lögnum ábótavant í tölvustofu.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði í skólanum er slæmt og ljóst að það þarf að endurnýja þau að mjög miklu leyti.

D. Skólamötuneyti

Ekkert eldhús er í skólanum en gert er ráð fyrir því í viðbyggingu.

E. Tillögur

Aðkallandi er að bæta úr húsnæðisþörf skólans m.a. vegna þrengsla og vöntunar á sérhæfðum rýmum. Elsti hluti (austurhluti) hússins þarfnast viðhalds. Eldvarnarmál þarfnast jafnframt endurbóta.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggð verði um 1.550 m² viðbygging við skólann, þar sem m.a. verði kennslurými og mötuneyti.
- Stjórnunarrými verði endurskipulögð samhliða viðbyggingu.
- Gert verði átak í viðhaldi á eldri hluta hússins.
- Nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á eldvarnarmálum.
- Aðkoma að skólanum verði bætt og bílastæðum fjölgað.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.

Melaskóli

A. Húsnæði

Viðbyggingaþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugum 2002 vantar um 400 m² til að fullnægja rýmisþörf, auk kennslurýmis til bráðabirgða til að leysa hámark í nemendafjölda. Nokkur nemendafjöldun er fyrirjáanleg á næstu árum. Heppilegast væri að þurfa ekki að byggja við skólann þar sem byggingin er friðuð og lóðin lítil. Endurskipulagningar er þörf innan húss vegna óhagræðis sérstaklega í stjórnunarrými. Áætluðum breytingum innanhúss er ólokið. Stöðu skólans þarf að skoða í samhengi við rýmisþörf í öðrum grunnskólum í hverfinu.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Melaskóli er móðurskóli í náttúrufræði / tækni og vísindakennslu. Hann er fjölmennur yngri barna skóli sem starfar í tveimur húsum og er innangengt á milli þeirra um undirgöng. Eldri hluti húsnæðisins hefur byggingasögulegt gildi sem gefur honum ákveðna sérstöðu. Húsnæðið í eldri hluta skólans býður ekki upp á mikinn sveigjanleika í kennsluháttum þar sem stofur eru litlar og þrengsli víða í húsnæði. Sérkennsluver og aðstöðu fyrir frístundaheimili vantar við skólann. Stjórnun er í þröngri aðstöðu og dreifð um skólann.

Aðkoma að skólanum er góð. Þó er aðalinngangur ógreinilegur vegna þess að inngangur sem snýr að bílastæði er ekki notaður. Skólinn er ómerktur að utan auk þess sem afgreiðsla skólans er illa staðsett. Húsnæði er ekki hentugt fyrir notkun utan skólatíma en er þó talsvert nýtt af öðrum aðilum. Ferlimál eru ekki í lagi og lyftu vantar í húsið. Kórar æfa í skólanum, tónlistarskóli, lúðrasveit, ÍTR o.fl. nýta húsnæði skólans.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðis er gott, enda vel vandað til byggingarinnar í upphafi. Helstu endurbætur felast í viðhaldi á tréþiljum, rafkerfi og endurmálun húss. Ástand pípuþagna er þokkalegt og loftræstikerfi er í ágætu lagi. Bæta þarf bruanhólfun húsnæðisins en taka verður mið af verndunarsjónarmiðum. Unnið er að eldvarnarhönnun af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Litlir möguleikar eru á að byggja við skólann vegna þrengsla á lóð, auk þess sem húsið er friðuð. Því er æskilegt að þurfa ekki að byggja við skólann. Til greina kemur þó lág bygging meðfram Hagamel. Hugmyndir hafa verið uppi um að breyta íþróttahúsi í kennslustofur og leysa íþróttakennslu með öðrum hætti. Önnur hugmynd er að byggja ofan á tengigang í nýju bygginguna þar sem t.d. mætti koma fyrir stjórnun. Enn önnur leið er að takmarka nemendafjölda t.d. með stofnun miðborgarskóla, Skerjafjarðarskóla eða að flytja fleiri árganga yfir í Hagaskóla. Það síðastnefnda myndi kalla á viðbyggingu við þann skóla. Fyrirliggjandi eru hugmyndir að innri endurskipulagningu sem þarfnast nánari skoðunar.

B. Lóð

Skólalóð Melaskóla er um 10 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,46. Hún er að stærstum hluta malbikuð. Almennt ástand lóðar er þokkalegt, hún hefur verið endurbætt í tengslum við viðbyggingu. Girðingar, yfirborð, lýsing og leiktæki eru í þokkalegu lagi en leiktækjum þarf að fjölga.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 10 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulögnum skólans er ábótavant, og vantar í nokkur rými, s.s. stjórnun, aðstöðu húsvarðar og fleiri starfsmanna og í Kringluna þar sem hluti af vinnuaðstöðu kennara er. Fleiri tengla vantar í kennslustofur og víðar. Bæta þarf tengingar í skáp og endurnýja og fjölga netskiptum.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Þó þarf að endurnýja stóran hluta af húsgögnum í eldri hluta skólans þar sem þau eru komin til ára sinna. Töflur og sýningartjöld og tæki eru almennt í góðu ástandi.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti er við skólann. Eldhúsi hefur verið komið fyrir í kjallara skólans og er nú öllum nemendum boðið upp á heita máltíð daglega. Matast er í litlum sal og í holi í nýbyggingu. Þröngt er um aðstöðu til að matast.

E. Tillögur

Aðkallandi er að ljúka innri endurskipulagningu vegna óhagræðis í húsnæði. Jafnframt er aðkallandi að bæta við kennsluhúsnæði eða að draga úr nemendafjölda.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við innri endurskipulagningu.
- Endurbætur verði gerðar á tölvulögnum skólans.
- Aukin húsnæðisþörf skólans á næstu árum verði leyst með bráðabirgðahúsnæði og jafnframt unnið að tillögum fyrir framtíðarlausn.

Réttarholtsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar um 250 m² til að skólinn fullnægi rýmisþörf til framtíðar. Bent hefur verið á að hana megi leysa t.d. með því að flytja úr húsinu einhverja af þeirri starfsemi sem þegar er í því og þjónar allri borginni. Lokið er við hluta af áætlaðri endurskipulagningu innanhúss s.s. flutning á skólasafni. Áætlað er að nemendum fjölgi lítillaga á næstu árum en fækki síðan aftur.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Réttarholtsskóli hefur lagt áherslu á fjölbreytt val- og ferðakerfi, þar sem farið er yfir námsefnið á mismunandi hraða og áhersla lögð á verkmenntagreinar. Myndver og fjölnám eru í skólanum sem þjónar öllum skólum borgarinnar. Skólinn er safnskóli á unglíngastigi fyrir Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla.

Kennslustofur eru litlar og allar í sömu stærð, vandi hefur skapast í almennu kennslurými vegna þessa. Verkmenntastofur eru hins vegar rúmar. Reynt hefur verið að koma til móts við stefnu um sveigjanlega kennsluhætti með fjölbreyttu vali. Sérhæfð sérdeild fyrir nemendur í félagslegum vanda er í Bjarkarhlíð, gömlu húsi við Bústaðaveg sem tilheyrir Réttarholtsskóla. Húsnæðið þarfnast gagngerra endurbóta.

Aðkoma að skólanum er góð og er hann merktur að utan. Aðkoma að afgreiðslu er ekki aðgengileg og merkingar innandyra eru ógreinilegar.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðisins að utan er gott nema útveggir lágbyggingar og norðurhliðar stjórnunarálmu. Almennt ástand innanhúss er viðunandi. Endurnýja þarf víða málun og gólfefni. Endurnýjun rafmagns er nánast lokið. Ástand loftræstikerfis er lélegt. Eldvarnarhönnun af byggingunni er nýlega lokið, bæta þarf m.a. brunahólfun skólastofa og samkomusalár.

Mögulegar lausnir

Leita þarf lausna við að fullnægja rýmisþörf skólans án þess að byggja við hann, s.s fyrir skólamötuneyti sem koma mætti fyrir í stofu nálægt sal skólans. Ef starfsemi sem þjónar nemendum í allri borginni er flutt úr skólanum, s.s. myndver eða fjölnám, væri nægilegt rými til staðar.

B. Lóð

Skólalóð Réttarholtsskóla er um 64 m² á nemanda. Nýtingahlutfall er 0,22. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Endurbæta þarf girðingar, yfirborð, lýsingu og leiktæki. Gerð hefur verið tillaga að endurskipulagningu og endurbótum. Gervigrasvelli hefur verið komið fyrir á lóðinni. Aðstaða er til að koma upp kennslugarði á lóð.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 10 nemendur um hverja tölvu í skólanum. Tölvulagnir eru í flest rými skólans og í ágætu lagi. Tengingu vantar við Bjarkarhlíð. Fleiri tengla vantar í kennslustofur. Skipta þarf út netskiptum.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er fremur slæmt. Talsverðrar endurnýjunar er þörf á kennarahúsgögnum, sýningartjöldum og töflum. Nemendahúsgögn eru talsvert komin til ára sinna en eru þó í þokkalegu ástandi. Tækjabúnaður er í góðu lagi.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti er í skólanum.

E. Tillögur

Aðkallandi að gera úrbætur m.a. vegna ástands húsnæðis og óhagræðis, auk þess sem mötuneyti vantar við skólann.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Mögulegar breytingar á innra skipulag í kennsluhúsnæðis verði kannað betur, þannig að það samræmist betur þörfum skólans og stuðli að betri nýtingu.
- Gerðar verði nauðsynlegar úrbætur í eldvarnarmálum.
- Gert verði átak í viðhaldi.
- Gert verði átak í endurnýjun búnaðar.
- Skólalóð verði endurskipulögð í samræmi við fyrirliggjandi tillögu.

Rimaskóli

A. Húsnæði

Viðbótar rýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar talsvert upp á að skólinn fullnægi framtíðarrýmisþörf samkvæmt nemendasþá. Vegna breyttra forsendna í íbúasamsetningu í nýju íbúðahverfi á fyrrum lóð Gufunesradíós er ljóst að viðbótarrrýmisþörf er nokkru minni en áætlað var eða um, 600 - 700 m². Nú eru tíu lausar stofur á lóðinni og ljóst að þeim þarf að fjölga. Skólahúsið er nýlegt og ekki þörf fyrir endurskipulagningu innanhúss að neinu marki.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Rimaskóli er einn af stærstu skólum borgarinnar með rúmlega 800 nemendur. Áhugi er fyrir að koma til móts við markmið um sveigjanlega kennsluhætti og er húsnæðið að mörgu leyti hentugt til þess. Áhersla er á kennslu í verklegum greinum, en þó er nú alveg á mörkunum að rými til sérgreinakennslu sé nægilegt fyrir þann nemendafjölda sem er í skólanum. Góð aðstaða er til sérkennslu, þó vantar minni rými eða hópherbergi. Með fjölgun stjórnenda var fundaraðstaða tekin undir skrifstofur stjórnenda, því vantar fundaraðstöðu.

Rimaskóli var upphaflega hugsaður sem félags- og menningarmiðstöð í hverfinu og var hannaður sem slíkur. Það hefur gengið eftir og er mikil notkun á húsinu á kvöldin. Er það nýtt m.a. af ÍTR, kirkjunni og skátum.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand húsnæðisins að utan, sem innanhúss er gott. Einn fátta skóla á landinu sem stóðst skoðun Brunamálastofnunar í viðamikilli yfirferð sem fram fór fyrir nokkrum árum. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Hugmyndir eru uppi um viðbyggingu við skólann sem rúma myndi tvo árganga auk fjögurra deilda leikskóla. Slík eining gæti tengst núverandi skólahúsi með tengigangi og nýtt þannig ýmis rými sem eru í skólanum. Verði af því þarf að endurskipuleggja nýtingu núverandi húsnæði með hliðsjón þar af.

B. Lóð

Lóð Rimaskóla er um 50 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,16. Hún var vel búin leiktækjum sem nú eru farin að láta á sjá og þarfnast endurnýjunar. Lóðin er einnig grenndarvöllur Rimahverfis. Almennt ástand hennar er gott að stærstum hluta. Endurbæta þarf girðingar og yfirborð sérstaklega við færanlegar kennslustofur, þar sem girðingar eru til bráðabirgða. Endurbæta þarf leiktæki. Mikið álag er á lóðinni. Áætlun er um að gera gerfigrasvöll á lóðinni.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 23 nemendur um hverja tölvu, haustið 2003. Tölvulagnir eru um allan skólann í þokkalegu lagi. Bæta þarf lagnir í tölvustofu. Flestar færanlegar kennslustofur eru enn án tölvulagna. Netskipta vantar.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og öðrum búnaði er mjög gott.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti er í skólanum. Lokið er nauðsynlegaum lagfæringum til að auka afkastagetu þess.

E. Tillögur

Aðkallandi er að gera úrbætur í húsnæðismálum m.a. vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggð verði um 1.300m² viðbygging við skólann sem rúmi fyrstu tvo árganga hans auk fjögurra deilda leikskóla.
- Fundaraðstöðu verði komið fyrir í tengslum við stjórnun.
- Framkvæmdum á lóð verði lokið þegar færanlegar kennslustofur fara.

Seljaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir skólinn ekki rýmisþörf í dag, fimm færanlegar kennslustofur eru á lóðinni. Hönnun að um 700 m² viðbyggingu er hafin auk endurskipulagningar á eldra húsi. Miðrymi eru í einstökum einingum byggingarinnar sem eru lítið nýtt í dag. Nemendafjöldi er í jafnvægi.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er lögð áhersla á samvinnu árganga, sérstök áhersla er á yngri barna kennslu og samstarf við leikskóla. Ekki er hægt að opna á milli stofa til að auðvelda sveigjanleika og samvinnu árganga. Ekkert sameiginlegt miðrymi er í skólanum. Nokkur minni rými eru nýtt í sérkennslu sem eru dreifð um skólann og henta illa fyrir sérkennsluver. Með fjölgun stjórnenda var fundaraðstaða tekin undir skrifstofur stjórnenda og því vantar fundaraðstöðu.

Aðkoma að skólanum er góð, skólinn er vel merktur sem og aðalinngangur. Afgreiðsla skólans er illa staðsett en góðar merkingar bæta það að nokkru upp. Lyftu vantar í skólann. Margar útgönguleiðir eru á húsinu sem kallar á mikla gæslu.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er gott. Eftir er að endurbæta álfellur á þaki á einu húsanna. Almennt ástand innanhúss er þokkalegt. Klæða þarf öll loft í kennslustofum skólans. Víða er endurmálunar þörf. Mikil endurnýjun hefur farið fram á raflýsingu. Unnið er að eldvarnarhönnun í tengslum við viðbyggingu og tillögur að endurskipulagningu innanhúss.

Mögulegar lausnir

Verið er að hanna viðbyggingu sem tengir núverandi samkomuhús við aðra hluta skólans. Auk þess verða gerðar ýmsar innri breytingar, fjölnýtisalur og skólamötuneyti verði í einu af núverandi húsum en núverandi salur nýttur sem kennslurými og fyrir frístundaheimili. Jafnframt verði útbúið sérstakt verkmenntahús og opnað á milli stofa til að nýta miðrymin betur.

Ferlimál fatlaðra þarf að laga, halli á skábrautum er of mikill, þannig að nemendur í hjólastól geta ekki notað þær, auk þess sem lyftu vantar í skólann.

B. Lóð

Skólalóð Seljaskóla er rúmlega 50 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,16. Stærsti hluti hennar er malbikaður og býður ekki upp á mikla fjölbreytni í viðfangsefnum. Almennt ástand hennar er lélegt. Laga þarf girðingu og lýsingu í tengslum við öryggismyndavélar. Fjölga þarf leiktækjum á lóð. Hægt er að koma kennslugarði fyrir í einum innigarðanna.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 16 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir og tengla vantar í nokkur rými skólans og endurnýja þarf hluta af þeim sem fyrir eru. Bæta þarf ástand lagna að skápum og á milli þeirra.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er ekki gott. Endurnýja þarf hluta nemendahúsgagna og kennaraborða sem eru talsvert komin til ára sinna. Önnur húsgögn þarf að endurnýja að hluta á næstu árum.

D. Skólamötuneyti

Áætlað er að framkvæmdum við mötuneyti ljúki í byrjun árs 2005.

E. Tillögur

Aðkallandi er að byggja við skólann og að fá mötuneytisaðstöðu og þau sérgreinarými sem vantar. Framkvæmdir við skólann hafa verið lengi í undirbúningi. Úrbætur þarf að gera í eldvarnarmálum.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggð verði um 700 m² viðbygging við skólann.
- Endurskipulagning innanhúss verði framkvæmd samhliða viðbyggingu í samræmi við fyrirliggjandi tillögur.
- Gerðar verði nauðsynlegar endurbætur í eldvarnarmálum.
- Lyftu verði komið fyrir í núverandi húsnæði skólans.
- Átak verði gert í viðhaldi.
- Tölvulagnir verði endurbættar.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð og leiktækjum fjölgað.

Vesturbæjarskóli

A. Húsnæði

Viðbóttarrýmispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugum 2002, vantar um 200 m² við skólann til að hann fullnægi rýmisþörf, þ.m.t. eldhús og kennslurými. Lítils háttar fjölgun nemenda er fyrirsjáanleg á næstu árum en síðan fækkun aftur. Lítil þörf er fyrir endurskipulagningu innanhúss. Tvö gömul íbúðarhús sem eru á lóð hafa verið nýtt fyrir skólustarfið. Verði ákveðið að gera það áfram, þarf að gera á þeim miklar endurbætur.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er m.a. lögð áhersla á sveigjanlega kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám og samstarf árganga. Húsnæðið hentar að mörgu leyti vel fyrir slíka kennslu. Aðeins ein kennslustofa í skólahúsnæðinu býður þó upp á að þar megi kenna fjölmennari nemendahópum. Aðstöðu fyrir sérkennsluver vantar en sérkennsla fer fram inni í bekkjum og í litlum hópum. Aðstaða til þess er á tveimur stöðum í skólanum, í fremur þröngum stofum og er önnur þeirra gluggalaus.

Aðkoma að skólanum er góð og hann merktur að utan. Aðalinngangur er greinilegur og aðgengi að skrifstofu gott. Ferlimál fatlaðra eru í lagi. Félags- og tómsundastarf fer fram í íþróttasal og samkomusal eftir kl. 17:00. Sérgrainastofur og bekkjastofur eru einnig nýttar til þessara starfa. Frístundaheimili er rekið á vegum ÍTR og hefur aðstöðu á Vesturvallagötu 10 og 12 auk þess sem Skólahljómsveit Vesturbæjar hefur þar aðstöðu.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis er gott að utan, þótt nokkuð sé um lausa steiningu á útveggjum. Almennt ástand innanhúss er gott. Loftræstikerfi í skólanum þarfnast skoðunar vegna hávaða. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Skólalóðin er mjög lítil og leyfir ekki stóra viðbyggingu. Unnt er að byggja litla viðbyggingu fyrir mötuneyti út frá sal. Það leysir ekki allan húsnæðisvanda skólans, þyrfti e.t.v. frekar að skoða möguleika á að takmarka nemendafjölda. Lögð hefur verið fram hugmynd um að byggja við skólann í útjaðri lóðarinnar með tengibyggingu út frá sal. Sú viðbygging myndi rúma frístundastarf, mötuneyti o.fl. Verði það gert verður að rífa íbúðarhúsin á lóðinni. Gæta þarf þess að hanna viðbyggingu fyrir skólamötuneyti þannig að það komi ekki í veg fyrir frekari viðbyggingarmöguleika.

Laga þarf inngang af skólalóð á 2. hæð, þar hefur myndast þröngt skot sem skapar vanda bæði inni og úti. Auðvelt að laga það með því að færa dyrnar utar í skotið.

Ekki er alveg ljóst hvort spár um nemendafjölgun ganga eftir. Unnið er að tillögum í skólamálum miðborgar sem gætu létt á nemendafjölda í Vesturbæjarskóla.

B. Lóð

Skólalóð Vesturbæjarskóla er rúmlega 10 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,51. Almennt ástand hennar er þökkalegt. Lagfæra þarf girðingar og

girða við Vesturvallagötu vegna slysaþættu. Yfirborð og lýsingu þarf að bæta sérstaklega í grennd við viðbyggingu. Leiktæki þarf að lagfæra í samræmi við kröfur frá heilbrigðiseftirliti. Taka þarf afstöðu til viðhalds á lóðum við íbúðarhús á skólalóðinni, þeim lóðum hefur ekki hefur verið haldið við.

C. Búnaður

Tölvur

Samtals voru um 16 nemendur um hverja tölvu í skólanum haustið 2003. Tölvulagnir vantar í nokkrar stofur fyrir verk og listgreinar, jafnframt vantar lagnir á kaffistofu, á skrifstofu íþróttakennara og á gang þar sem nemendur eiga að hafa vinnuástöðu. Fjölga þarf tenglum í skólanum t.d. í námsveri og í ljósritunarherbergi. Frágangur á lögnum er í ólagi einnig í skáp, þar eru frágangur og merkingar í ólestri. Netskipta vantar.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði í skólanum er gott.

D. Skólamötuneyti

Unnið er að gerð mötuneytis við skólann og er áætlað að framkvæmdum ljúki í febrúar 2005.

E. Tillögur

Aðkallandi er að fá mötuneyti í skólann. Athuga þarf heildarlausn til framtíðar vegna þrengsla í skólanum.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Skipaður verði starfshópur til að skilgreina heildarlausn fyrir skólann til framtíðar.
- Gerðar verði breytingar á inngangi á efri hæð.
- Endurbætur verði gerðar á tölvulögnum skólans.
- Íbúðarhús á skólalóð verði fjarlægð og gerðar úrbætur á lóðinni.

Vogaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar um 1.250 m² til að fullnægja rýmispörf skólans. Nú eru níu færanlegar stofur á lóð sem er þó mjög lítil. Ákveðið hefur verið að húsnæðisvandi skólans verði leystur með því að rífa hluta af núverandi húsnæði og byggja í staðinn 1.450 m² viðbyggingu auk bílastæða í kjallara.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er lögð áhersla á verk- og listgreinar og einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemanda og kennara. Mikil þrengsli eru í skólanum og óhagræði í húsnæði. Rými vantar fyrir sérkennsluver og millistjórnendur. Sérgreinarými er í kjallara. Skólinn varð nýlega móðurskóli í nemendalýðræði.

Aðkoma að skólanum er góð eftir að aðalinngangur fluttist að Skeiðavoginum. Skólinn er þó ómerktur að utan og erfitt að komast að afgreiðslu þegar inn er komið, þar sem hún er illa staðsett og merkingar litlar. Ferlimál fatlaðra eru ekki í lagi og engin lyfta er í húsinu. Alútboð stendur nú yfir (des. 2004) um þriggja hæða viðbyggingu við skólann.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Almennt ástand elsta áfangans að utan er gott. Almennt ástand innanhúss er lélegt. Endurnýja þarf raflagnir, lampa, málningu og gólflagnir. Viðhaldi hefur verið frestað vegna áætlana um breytingar í húsnæðismálum. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni, en hún verður gerð í tengslum við framkvæmdir sem eru að hefjast.

Mögulegar lausnir

Litlir viðbyggingamöguleikar eru á lóð, ákveðið er að rífa nýrri hluta hússins og byggja í staðinn þriggja hæða hús með bílastæðakjallara. Um leið verður hugsanlega rifin tengibygging milli húsnæðis MS og Vogaskóla og húsnæðismál skólanna leyst óháð hvort öðru.

B. Lóð

Menntaskólinn við Sund stendur á sömu lóð og Vogaskóli. Ef áætlað er að Vogaskóli hafi til umráða um 1/3 af lóðinni að frádregnu húsnæði og færanlegum kennslustofum má ætla að hver nemandi hafi um 15 m² að meðaltali. Endurbætur þarf að gera á girðingum, yfirborði, lýsingu og leiktækjum. Bílastæði eru fá. Ástand lóðarinnar er lélegt og hana þarf að endurskipuleggja í tengslum við nýja viðbyggingu.

C. Búnaður

Tölvur

Um 30 nemendur voru um hverja tölvu í skólanum haustið 2003. Tölvulagnir eru í flest rými skólans. Fleiri tengla vantar í flest rými. Endurskoða þarf lagnir og lagnaskáp í tölvustofu.

Laus búnaður

Stór hluti búnaðar er í slæmu ástandi og þarfnast endurnýjunar. Það á m.a. við um húsgögn fyrir nemendur og kennara. Þökkalegt ástand er á tækjum og vinnustöðvum með tölvum. Talsverðrar endurnýjunar er þörf á næstu árum.

D. Skólamötuneyti

Ekkert mötuneyti er í skólanum og ekki unnt að koma því fyrir nema með viðbótarhúsnæði. Þangað til er nemendum boðið upp á aðkeyptan, heitan mat í hádegi.

E. Tillögur

Úrbætur eru aðkallandi á húsnæðismálum m.a. vegna þrengsla og skorts á sérhæfðum rýmum og mötuneyti.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggð verði við skólann 1.450 m² viðbygging auk bílakjallara.
- Gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á eldri hluta skólans.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
- Tölvulagnir verði endurbættar.
- Lóð verði endurskipulögð og endurbætt.

Ölduselsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 vantar um 500 m² til að skólinn fullnægi viðbótarrýmisþörf til framtíðar (þ.m.t. fjölgun vegna 30 íbúða á Alaskalóð). Nú eru sjö færanlegar stofur á lóð og ekki útlit fyrir umtalsverðar breytingar á nemendafjölda á næstu árum. Auk þessa er þörf fyrir endurskipulagningu á hluta húsnæðisins.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, verk- og listgreinar, og upplýsinga- og tæknimennt. Sveigjanlegir kennsluhættir eru viðhafðir í yngstu árgöngum. Það skapar ákveðinn vanda hve kennslustofur eru dreifðar um húsnæðið, sums staðar bara ein eða tvær saman í álmu. Hægt er að opna fram í miðrými á efri hæð, sem nýtist illa vegna þess hve hljóðvist er slæm í miðrýminu. Rými vantar fyrir millistjórnendur og ekki er mötuneyti í skólanum.

Aðkoma að skólanum er góð, hann er vel merktur að utan. Litlar merkingar eru innandyra og afgreiðsla er ekki mjög aðgengileg fyrir utanaðkomandi. Ferlimál fatlaðra eru í góðu lagi. Einungis ÍTR nýtir húsnæði skólans utan skólatíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er gott en gert er ráð fyrir utanhússklæðningu síðar á 1. áfanga. Almennt ástand innanhúss er þokkalegt. Helstu aðgerðir í viðhaldi eru endurnýjun á lömpum og hurðum vegna eldvarna. Búið er að eindurnýja öll loftefni í eldri hluta skólans. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni, bæta þarf brunahólfun.

Mögulegar lausnir

Lóðin er stór og margir möguleikar á viðbyggingu. Vegna óhagræðis í húsnæði er mikilvægt að hanna endurskipulagningu innanhúss samhliða hönnun á viðbyggingu.

Bæta þarf við kennslurými auk þess sem endurskipuleggja þarf hluta núverandi kennsluhúsnæðis. Hljóðvist í miðrými þarf að laga til að það nýtist sem kennsluhúsnæði. Stjórnun er vel staðsett þar sem hún er nú, þó mætti bæta aðgengi að afgreiðslu með betri merkingum. Koma þarf upp nemendamötuneyti í skólanum. Salurinn er nýttur sem félagsaðstaða fyrir unglíngana. Þegar farið verður að nýta hann sem matsal þarf að finna annað rými fyrir hana a.m.k. í hádegi. Bæta þarf salernisaðstöðu starfsmanna.

B. Lóð

Skólalóð Ölduselsskóla er rúmlega 60 m² á hvern nemanda, auk þess sem hún liggur að opnu útivistarsvæði. Nýtingarhlutfall er 0,16. Almennt ástand lóðarinnar er þokkalegt. Lagfæringar þarf að gera á girðingum, yfirborði, leiktækjum og lýsingu. Frágangi lóðar er ekki lokið.

C. Búnaður

Tölvur

Um 14 nemendur voru um hverja tölvu í skólanum haustið 2003. Tölvulagnir vantar víða um skólann, s.s. í álmu þar sem námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og fjármálastjóri eru til húsa, í stjórnunarálmu, í vinnuherbergi kennara og í miðrymi í suðurálmu. Tengla vantar jafnframt á þessa staði. Frágangur á lögnum er oftast ágætur.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er ekki gott. Stór hluti af nemenda- og kennarahúsgögnum þarfnast endurnýjunar og það sama gildir um töflur og sýningartjöld. Tækjakostur skólans er hins vegar í ágætu lagi.

D. Skólamötuneyti

Ekkert eldhús er í skólanum og nemendur koma með nesti eða kaupa samlokur í skólanum.

E. Tillögur

Aðkallandi er að fá mötuneyti við skólann auk þess sem þarf að leysa húsnæðisþörf skólans til framtíðar.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Byggt verði við skólann og endurskipulagning gerð í núverandi húsnæði.
- Komið verði upp framleiðslueldhúsi.
- Hljóðvist í miðrymi á efri hæð verði löguð.
- Tölvulagnir verði endurbættar.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
- Gerðar verði endurbætur á lóð.

6.2 Aðrir almennir grunnskólar

Hér á eftir er fjallað um þá grunnskóla þar sem ætla má að húsnæði fullnægi rýmisþörf til næstu ára samkvæmt rýmisathugun 2002 og spá um nemendaþróun. Þó er ekki fjallað um Ingunnarskóla og Korpuskóla sem er í bráðabirgðahúsnæði né Víkurskóla og Borgarskóla sem eru nýjustu skólar borgarinnar.

Álftamýrarskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni með viðbyggingu sem nýlega hefur risið. Eftir er að ljúka við innri endurskipulagningu í eldri hluta skólans sem nauðsynleg er til að koma fyrir ákveðnum rýmum sem vantar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á nemendafjölda næstu árin.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Álftamýrarskóli er móðurskóli í tungumálakennslu. Þar er staðsett sérdeild fyrir blind börn. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlegt skólastarf og skóla án aðgreiningar þótt húsnæðið henti ekki sérstaklega til þeirra kennsluhátta. Bæta þarf aðstöðu fyrir sérkennsluver. Áætlað er að setja það á stofn í tengslum við blindradeildina. Aðstöðu vantar fyrir millistjórnanda, sálfræðing og námsráðgjafa.

Aðkoma að að skólanum er þökkaleg en merkja þarf skólann og aðalinngang. Einnig þarf að merkja stjórnunarhluta betur innandyra. Skóladagvist (frístundaheimili) hefur verið starfrækt í félagsmiðstöðinni Tónabæ. Húsnæði Álftamýrarskóla er lítið notað utan skólatíma. Bæta þarf aðgengi fatlaðra við skólann.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er þökkalegt, suðurhlið hússins er farin að láta á sjá. Almennt ástand innanhúss er þökkalegt. Endurnýja þar raflagnir og aðaltöflu. Endurbæta þarf vesturálmú hússins. Timburklæðning er í loftum í norðurálmú og meirihluti hurða á kennlustofum stenst ekki reglugerð um brunavarnir og þarf því að endurnýja. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Fara þarf betur yfir rýmisþörfina og athuga hvort og hvernig koma megi fyrir rýmum sem vantar, m.a. sérkennsluveri, fundaraðstöðu, viðtalsherbergi, frístundaheimili og aðstöðu deildarstjóra, innan núverandi húsnæðis. Áformað hafði verið að leggja niður blindradeildina við skólann og koma þar fyrir sérkennsluveri, nú hefur verið hætt við það að sinni og þarf því að gera ráðstafanir í samræmi við það.

B. Lóð

Skólalóð Álftamýrarskóla er um 43 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,21. Almennt ástand hennar er gott. Leiktæki eru í allgóðu ástandi. Laga þarf aðkomu og bílastæði við skólann. Verið er að koma fyrir gervigrasvelli á lóðinni.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru 21 nemandi um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir eru í flest rými skólans, þó vantar lagnir í sal og í anddyri þar sem hugmyndir eru uppi um að setja upp vinnuáðstöðu fyrir nemendur. Jafnframt þarf að laga lagnir á vesturgangi skólans. Fleiri tengla vantar í kennslustofur, en tveir tenglar eru í stokkum í hverri stofu.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Þó þarf að endurnýja eldri húsgögn, sérstaklega skúffuskápa og hillur.

D. Skólamötuneyti

Nýtt mötuneyti er við skólann sem getur annað matseld fyrir alla nemendur.

E. Tillögur

Brýnt er að koma upp sérkennsluveri, aðstöðu fyrir millistjórnanda og laga aðstöðu blindradeildar, auk þess að ganga fá ferlimálum fatlaðra. Fara þarf yfir innri breytingar í heild sinni.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Komið verði upp aðstöðu fyrir millistjórnanda innan núverandi húsnæðis.
- Taka þarf ákvörðun um staðsetningu á frístundaheimili.
- Vesturálma verði endurbætt.

Ártúnsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni með viðbyggingu sem nýlega hefur risið. Gert er ráð fyrir fækkun nemenda og verður þá rúmt um skólaflokkinn.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Skólinn er lítill yngri barna skóla og er lögð áhersla á sveigjanleika í skólaflokknum. Gott miðrymi er í húsinu sem tengist inn á almenn kennslurými. Aðkoma að skólanum er góð sem og aðgengi um skólann.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er gott. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

B. Lóð

Skólalóð Ártúnsskóla er rúmlega 52 m² á nemanda auk þess sem hún liggur að opnu svæði. Nýtingarhlutfall er 0,26. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Lagfæra þarf girðingar sem eru lélegar. Jafnframt þarf að bæta yfirborð að hluta og lýsingu. Fleiri bílastæði vantar við skólann. Innigardur er á lóð þar sem hægt væri að setja upp kennslugarð.

C. Búnaður

Tölvur

Tæplega 6 nemendur voru um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir eru um allan skólann sem eru í ágætu lagi. Lagnakerfið var allt yfirfarið þegar ný viðbygging og breytingar á innra húsnæði stóðu yfir. Tenglar eru nægilega margir og virka vel. Frágangur á lögnum er í góðu lagi.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott og ekki þörf á mikilli endurnýjun nema á hluta af skúffuskápum og hillum.

D. Skólamötuneyti

Nýtt skólamötuneyti er við skólann sem fullnægir þörfum hans.

E. Tillögur

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við endurbætur á lóð.

Engjaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans tæplega húsrýmisþörfinni um sinn. Færanlegum kennslustofum á lóð hefur fækkað undanfarin ár samhliða fækkun nemenda en nú er þar þrjár stofur. Fækkun nemenda er í raun hraðari en eldri nemendaspa gerði ráð fyrir.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í skólanum er lögð áhersla er á einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt skólastarf. Aðstaða fyrir stjórnun er þröng og fundarherbergi hefur verið lagt undir skrifstofu. Raungreinastofa er of lítil og þarfnast endurskoðunar.

Aðkoma að skólanum er góð og hann vel merktur að utan. Merkja mætti stjórnunarhluta betur innandyra. Frístundaheimili er í lausum stofum. Húsnæði Engjaskóla er mikið notað utan skólatíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er mjög gott. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Eldvarnarhönnun er til af byggingunni

Mögulegar lausnir

Lokið er við breytingar og endurskipulagningu innanhúss sem miðaði m.a. að því að stækka mötuneyti og bæta aðstöðu raungreina.

B. Lóð

Skólalóð Engjaskóla er um 43 m² á nemanda auk þess sem hún tengist opnu útivistarsvæði hverfisins. Nýtingarhlutfall er 0,21. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Bæta þarf yfirborð og lýsingu á austurhluta lóðarinnar. Bæta þarf öryggissvæði við leiktæki. Bent hefur verið á nokkra umferðarhættu við aðkomutorg skólans. Náttúrulegt umhverfi er á hluta lóðarinnar.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 7 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir vantar enn í nokkur rými, s.s. hóprými, námsver, eina kennslustofu og í nýja raungreinastofu. Fleiri tenglar þyrftu að vera í vinnustofu kennara og sums staðar er ekki dregið nema í annan tengil af tveimur. Því telst frágangur tölvulagna í ólagi sérstaklega í lagnaherbergi þar sem hann er óviðunandi.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum, tækjum og öðrum búnaði er í ágætu lagi.

D. Skólamötuneyti

Lokið hefur verið við að bæta aðstöðu mötuneytis og getur það nú annað matseld fyrir alla nemendur.

E. Tillögur

Framkvæmdum við nýtt skólamötuneyti er lokið og endurbótum innanhúss.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Tölvulagnir skólans verði endurbættar og fullfrágengnar.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Fellaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð að húsnæðisþörf skólans sé fullnægjandi miðað við framtíðar nemendaspá. Ónotað rými er í kjallara og eru áætlanir uppi um að koma þar fyrir listasmiðju sem þjónar nemendum í öllum grunnskólum Reykjavíkur.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Í Fellaskóla er mikil sérkennsla og stuðningur við nemendur og náíð samstarf við félagsþjónustu borgarinnar. Sérkennsluver er við skólann og aðstaða er fyrir millistjórnendur. Frístundaheimili er við skólann sem þyrfti betri aðstöðu. Aðkoma að skólanum er góð. Betri merkingar þarf þó við skólann. Skólinn er þó nokkuð notaður utan skólatíma. Hægt væri að nota hluta hans meira, s.s mótuneyti fyrir fundi í hverfinu, en það er með séraðkomu. Aðgengi fatlaðra er í lagi.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðisins að utan er mjög gott, íþróttahús þarfnast þó utanhússviðgerða á næstu árum. Almennt ástand innanhúss er þokkalegt. Endurnýja þarf lampa og hurðir að stórum hluta, fjarlægja þarf plasteinangrun og spónaplötur í útveggjum eldri hluta skólans. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni,

Mögulegar lausnir

Húsnæði skólans fullnægir þörfum hans um rými. Kanna þarf betur nokkrar kennslustofur á jarðhæð þar sem gluggar eru hátt á vegg, æskilegt er að grafa frá þeim.

B. Lóð

Skólalóð Fellaskóla er um 20 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0.47. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Eftir er að ganga frá lóð við nýbyggingu og bæta lýsingu. Nokkrar endurbætur þarf að gera á girðingum og leiktækjum.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 21 nemandi um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulögnum er ábótavant sérstaklega í eldri hluta hússins, þar sem aðeins er hægt að tengja eina tölvu í hverri stofu. Bæta þarf við lagnaskáp og netskiptum.

Laus búnaður

Almennt ástand húsgagna og búnaðar er frekar slæmt. Endurnýjunar er þörf á u.þ.b. helming húsgagna og á töflum og sýningartjöldum. Tæki eru hins vegar í viðunandi ástandi.

D. Skólamötuneyti

Mjög gott mótuneyti er við skólann sem annar matseld fyrir alla nemendur skólans.

E. Tillögur

Ekki er þörf á framkvæmdum til að bæta rýmisþörf skólans. Til eru skemmtilegar hugmyndir um listasmiðju í kjallara skólans sem myndu bæði vera til hagsbóta fyrir nemendur skólans og þá nemendur borgarinnar sem hafa sérstakan áhuga eða hæfileika á sviði lista.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Komið verði upp listasmiðju í kjallara skólans í samræmi við fyrri áætlanir.
- Finna úrlausn í kennslustofum þar sem gluggar eru hátt á vegg.
- Tölvulagnir skólans verði endurbættar.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.

Foldaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að tilkoma nýrrar viðbyggingar sem risin er og innri breytingar muni fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendasþá. Eftir er að framkvæma að hluta endurskipulagningu í eldri húsnæði.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Foldaskóli er móðurskóli í tæknimennt. Húsnæðið býður upp á einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt skólastarf. Aðstaða fyrir stjórnun þarfnast endurskipulagningar. Mötuneyti hefur verið komið upp í tengslum við sal.

Aðkoma að skólanum verður ágæt þegar lóðarframkvæmdum er lokið og aðalinngangur merktur. Frístundaheimili er í húsinu. Húsnæðið er mikið notað utan kennslutíma sem félagsmiðstöð á vegum ÍTR. Aðgengi fatlaðra verður í lagi þegar framkvæmdum er lokið við skólann.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott. Almennt ástand innanhúss er gott. Áfram þarf að mála innanhúss, korkflísar á gólfum þarf væntanlega að fjarlægja síðar. Endurnýja þarf hluta raflýsingar. Bæta þarf loftræstikerfi með reyk- og eldvarnalokum á milli hæða. Eldvarnarhönnun er til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Lokið var við viðbyggingu á árinu 2003. Ljúka þarf innri breytingum í skólanum miðað við fyrirbyggjandi hugmyndir, m.a breytingum á stjórnunarhluta. Kanna þarf hvernig loka má af hluta hússins við Fjörgyn vegna notkunar eftir skólatíma.

B. Lóð

Skólalóð Foldaskóla er rúmlega 33 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,33. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Helst þarf að laga girðingu. Yfirborð og leiktæki þarfnast jafnframt nokkurra endurbóta. Eftir er að ganga frá nýjum bílastæðum og aðkomu að skólanum með tilkomu viðbyggingar.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 11 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir og netbeinar eru almennt í góðu standi.

Laus búnaður

Almennt ástand búnaðar er í slakara lagi nema í viðbyggingu. Endurnýja þarf húsgögn fyrir nemendur og kennara. Töflur og sýningartjöld þarfnast jafnframt endurnýjunar að hluta.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti hefur verið komið upp við skólann sem fullnægir þörfum hans.

E. Tillögur

Ekki er þörf á frekari viðbyggingum við skólann.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við endurskipulagningu innanhúss.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.

Fossvogsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að húsnæðisþörf skólans sé fullnægt miðað við framtíðar nemendaspá. Gert er ráð fyrir innri endurskipulagningu í eldri byggingu. Hluti hennar hefur verið framkvæmdur, þó er allmikið eftir enn.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlegt skólastarf og leikræna tjáningu. Sérkennsluver (námsver) er í litlu ófullnægjandi rými. Aðstaða stjórnunar er þröng og óhagkvæm. Eftir er að breyta henni í samræmi við fyrirhugaðar breytingar innanhúss.

Aðkoma að skólanum er ekki greinileg og hann er lítið merktur að utan. Aðalinngangur er enginn eins og er, en á eftir að breytast. Litlar merkingar eru innandyra og við afgreiðslu skólans. Frístundaheimili er í húsinu. Húsnæðið er lítið notað utan kennslutíma. Aðgengi fatlaðra er ábótavant við innganga, bæði í nýbyggingu og eldri hluta. Lyftur eru komnar í húsið.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott, þó er nokkuð um steypuskemmdir á suður og austurhlíðum I. og II. áfanga. Almennt ástand innanhúss er gott. Fyrirhuguð er endurskipulagning innanhúss á húsi B. Endurnýja þarf hurðir í húsi A. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Frumhugmyndir liggja fyrir að innri breytingum. Fara þarf betur yfir þær miðað við núverandi stöðu.

B. Lóð

Skólalóð Fossvogsskóla er rétt um 46 m² á nemanda, auk þess sem skólinn er staðsettur við opnið útivistarsvæði í Fossvogsdalnum. Nýtingarhlutfall er 0,19. Almennt ástand lóðar er þokkalegt. Bæta þarf sérstaklega girðingar, lýsingu og leiktæki. Eftir er að malbika hluta af bílastæðum og aðkomu að aðalinngangi með tilkomu viðbyggingar.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru tæplega 15 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir eru í þokkalegu ástandi, þó þyrfti að fjölga tenglum og bæta tengingar í vinnuádstöðu kennara, deildarstjóra og hjúkrunarfræðings. Þar er notast við bráðabirgðatengingar.

Laus búnaður

Húsgögn fyrir nemendur eru almennt í ágætu ástandi en hluti þeirra er þó kominn til ára sinna. Skúffuskápar og hillur þarfnast endurnýjunar að hluta. Skólinn er ágætlega tækjum búinn og er ástand þeirra almennt gott.

D. Skólamötuneyti

Öllum nemendum skólans er boðið er upp á heitan mat í mötuneyti í kjallara.

E. Tillögur

Aðkallandi er að ljúka við viðbyggingu og gera innri breytingar samkvæmt fyrirbyggjandi frumhugmyndum. Eldvarnarmál þarfnast jafnframt endurbóta.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við breytingar innanhúss.
- Gerðar verði úrbætur á eldvarnarmálum.
- Lokið verði við að leggja tölvulagnir um allan skólann.
- Endurbótum á skólalóð verði lokið.

Grandaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni miðað við hverfið í jafnvægi samkvæmt áætlaðri nemendaspá þótt þröngt sé um ákveðna hluta starfseminnar. Gera þarf minniháttar breytingar innanhúss.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Grandaskóli var móðurskóli í tölvu- og upplýsingamennt. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, sveigjanlegt skólastarf og skóla án aðgreiningar eftir því sem aðstæður leyfa í skólanum. Fundarherbergi vantar.

Aðkoma að skólanum er þökkaleg. Merkja þarf skólann og aðalinngang. Einnig þarf að merkja stjórnunarhluta betur innandyra. Frístundaheimili er við skólann sem hefur verið komið fyrir í færanlegri stofu á lóð gæsluvallar í nágrenni skólans. Mötuneyti er við skólann í tengslum við fjölnotasal. Loftræsikerfi í mötuneyti þarfnast lagfæringar. Aðgengi fatlaðra er í lagi. Húsnæði skólans er talsvert notað utan skólatíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er mjög gott. Almennt ástand innanhúss er gott. Ástand á eldri hluta er sæmilegt. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni, eldverja þarf klæðningar í loftum í rýmingarleiðum.

Mögulegar lausnir

Æskilegt er að opna leið (hurðir) út úr tengigangi milli eldri byggingar og viðbyggingar vegna betri nýtingar skólalóðar og tengigangs.

B. Lóð

Skólalóð Grandaskóla er um 20 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,33. Almennt ástand hennar er þökkalegt. Endurbætur þarf að gera á girðingum og yfirborði, en talsvert missig er á köflum. Jafnframt þarf að bæta lýsingu og leiktæki.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 10 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulögnum er ábótavant, þær vantar víða um skólann. Fáir tenglar eru í kennslustofum sem þar að auki virka ekki allir. Netskipta vantar í skápa svo unnt sé að nettengja allar tölvur.

Laus búnaður

Stólar og borð fyrir nemendur og kennara eru almennt í ágætu ástandi og sömuleiðis tæki. Hluta af töflum, sýningartjöldum og skúffuskápum þarf að endurnýja.

D. Skólamötuneyti

Mötuneyti er við skólann í tengslum við fjölnotasal, sem getur annað matseld fyrir alla nemendur.

E. Tillögur

Leyst hefur verið úr vanda frístundaheimilis með færanlegri stofu á gæsluvallarlóð. Koma þarf sérkennsluveri fyrir við skólann.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Tölvulagnir skólans verði yfirfarnar og endurbættar.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Hamraskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að innri endurskipulagning á núverandi húsnæði muni fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendasþá. Á árinu 2003 voru framkvæmdar innri breytingar, m.a. innréttuð kjallari fyrir verkgreinarými, skólamötuneyti komið fyrir og stjórnunaraðstaða bætt. Búið er við að nemendum fækki nokkuð á næstunni, þó eru enn óljós áhrif uppbyggingar í Bryggjuhverfi á nemendafjölda skólans.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Hamraskóli er móðurskóli í samstarfi leikskóla og grunnskóla. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt skólastarf. Húsnæði skólans býður þó ekki sérstaklega upp á kennslu í misstórum hópum. Í skólanum er sérdeild fyrir einhverfa nemendur og sérkennsluver.

Aðkoma að skólanum er góð en hann er lítið merktur. Aðalinngangur er greinilegur en litlar merkingar eru innanhúss og við afgreiðsla skólans. Frístundaheimili er í of litlu húsnæði. Ferlimál eru í lagi. Húsnæði skólans, sérstaklega íþróttahús er mikið notað utan kennslutíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er mjög gott. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Hafin er eldvarnarhönnun af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Nýlokið er við endurbætur á húsnæði skólans sem fullnægja rýmisþörf hans. Nauðsynleg er að koma aðstöðu frístundaheimilis fyrir innan skólahúsnæðisins.

B. Lóð

Skólalóð Hamraskóla er tæplega 20 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,36. Almennt ástand hennar er þökkalegt þótt hún bjóði ekki upp á mikla fjölbreytni í viðfangsefnum. Endurbætur þarf að gera á girðingu sem er léleg og á leiktækjum. Jafnframt þarf að gera endurbætur á yfirborði og lýsingu á lóðinni nema við austurhluta hennar. Bæta þarf aðkomu að skólanum fyrir þjónustuumferð og aðföng.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru rúmlega 11 nemendur um hverja tölvu. Tölvulagnir og tengla vantar í nokkur rými. Sumir tenglar eru ótengdir. Bæta þarf frágang á lögnum í tölvustofu, stækka tölvuskáp og bæta við netskiptum.

Laus búnaður

Húsgögn og búnaður eru almennt í góðu lagi en þó er að koma að endurnýjun á hluta nemendahúsgagna.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti var komið upp í tengslum við breytingar árið 2003.

E. Tillögur

Bæta þarf tölvulagnir, aðstöðu frístundaheimilis og skólalóð.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Tölvulagnir skólans verði yfirfarnar og endurbættar.
- Vandí frístundaheimilis verði leystur innan núverandi húsnæðis.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Háteigsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni um sinn. Verði hins vegar af fyrirhugaðri þéttingu byggðar í nágrenni skólans þarf að endurskoða rýmisþörf hans. Innri endurskipulagningu er að mestu lokið.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Háteigsskóli er móðurskóli í leikrænni tjáningu og leiklist í skólastarfi. Þar er starfrækt nýbúadeild. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og sveigjanlegt skólastarf eftir því sem aðstæður leyfa, sérstaklega í nýrri viðbyggingu. Sérkennsluver er við skólann. Aðstöðu vantar fyrir millistjórnanda og fundarherbergi vantar.

Aðkoma að skólanum er þökkaleg en merkja þarf skólann og aðalinngang. Einnig þarf að merkja stjórnunarhluta betur innandyra. Frístundaheimili er við skólann. Aðstaða mötuneytis er ekki fullnægjandi. Bæta þarf aðgengi fatlaðra við skólann og fyrirhugað er að koma fyrir lyftu í eldri hluta húsnæðisins árið 2005.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er mjög gott. Almennt ástand innanhúss er þökkalegt. Áfram þarf að endurnýja loft, lýsingu og endurmála skólastofur í I. áfanga. Búið er að endurnýja mikið af gólfdukkum. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Fara þarf betur yfir forsendur rýmisþarfar og hugmyndir að innri breytingum, s.s. vegna mötuneytis, stjórnunar, vinnurýma kennara og einnig vegna kennslurýmis fyrir yngstu nemendur.

B. Lóð

Skólalóð Háteigsskóla er um 20 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,36. Almennt ástand hennar er gott, en hluti lóðar var endurgerður í tengslum við viðbyggingu árið 2000. Girðingar yfirborð og lýsing eru í góðu ásigkomulagi. Ástand leiktækja er jafnframt gott.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 11 nemendur um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir eru í flest rými skólans og eru í ágætu lagi. Búnað vantar til að tengja ljósleiðara sem liggur upp í tölvustofu. Nú er notast við bráðabirgðatengingu. Netskipta vantar í skápa.

Laus búnaður

Almennt ástand búnaðar er frekar slæmt í eldri hluta skólans. Komið er að endurnýjun á stórum hluta nemendahúsgagna, töflum og sýningartjöldum.

D. Skólamötuneyti

Nýlegt mötuneytiseldhús er við skólann og var það stækkað sumarið 2004.

E. Tillögur

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar í eldri hluta.

Hlíðaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að með viðbyggingu sem nú er risin, ásamt innri endurskipulagningu, sé húsnæðiþörf skólans fullnægt miðað við framtíðar nemendasþá. Viðbyggingu og endurskipulagningu innanhúss lauk haustið 2003.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Hlíðaskóli er móðurskóli í verk- og listgreinum. Starfsemi Vesturhlíðaskóla hefur nú flust í Hlíðaskóla og þjónar táknaðssvið skólans heyrnarskertum og heyrnarlausum nemendum af öllu landinu. Íþróttahús er talsvert notað utan skólatíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er mjög gott nema klæða þarf útveggi íþróttahúss. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Eftir er að endurnýja raflagnir, loftaefni og hurðir í 1. áfanga. Eldvarnarhönnun er til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Húsnæði Hlíðarskóla er fullnægjandi miðað við áætlaðan nemendafjölda. Samkvæmt nemendasþá fjölgar nemendum þó lítillega á næstu árum, gangi það eftir mætti leysa viðbótarþörf með færanlegu húsnæði.

B. Lóð

Skólalóð Hlíðaskóla er tæpir 20 m² á nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0.46. Almennt ástand hennar er lélegt. Verulegar endurbætur þarf að gera á girðingum, yfirborði og lýsingu. Jafnframt þarf að endurbæta leiktæki. Lóðin þarfnast endurskipulagningar og endurbóta.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru rúmlega 13 nemendur um hverja tölvu í Hlíðaskóla. Tölvulagnir vantar enn í fjölnýtisál. Í sumum rýmum eru of fáir tenglar, jafnvel bara einn í nokkrum kennslustofum. Á sumum stöðum í nýbyggingu eru of fáir tenglar og staðsetning þeirra óhentug.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Þó þarf að endurnýja hluta af húsgögnum fyrir nemendur og kennara. Sýningartjöld og töflur í eldri hluta skólans þarfnast endurnýjunar.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti er nú komið í skólann í nýja viðbyggingu sem fullnægir þörfum hans.

E. Tillögur

Með viðbyggingu eru húsnæðismál skólans leyst, nauðsynlegt er að gera endurbætur á skólalóð og ljúka endurbótum í 1. áfanga.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við endurbætur á 1. áfanga.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Hólabrekkuskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að eldra húsnæði skólans auk viðbyggingar muni fullnægja húsnæðispörf skólans miðað við framtíðar nemendaspá. Gert er ráð fyrir mikilli innri endurskipulagningu í eldri byggingu sem eftir er að framkvæma.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Möguleiki er á að opna á milli stofa í nýbyggingu til að stuðla að meiri sveigjanleika í kennsluháttum. Sérkennsluver er við skólann. Mötuneyti er við skólann, staðsetning þess miðar við að mögulegt sé að byggja yfir innigarð sem yrði matsalur.

Aðkoma að skólanum verður ágæt þegar lóðarframkvæmdum er lokið. Skólinn er vel merktur. Frístundaheimili er í húsinu. Húsnæðið er lítið notað utan kennslutíma. Aðgengi fatlaðra er í lagi og lyftur eru í skólanum.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott. Á næstu árum þurfa að fara fram utanhússviðgerðir á II. og III. áfanga. Almennt ástand innanhúss er þokkalegt. Endurnýja þarf lampa í eldri áföngum hússins. Brunahólfa þarf eldri áfanga byggingarinnar samkvæmt eldvarnateikningum. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Fyrir liggja tillögur að veigamiklum innri breytingum í eldri hluta, m.a. yfirbyggingu á innigarði.

B. Lóð

Skólalóð Hólabrekkuskóla er tæpir 20 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,37. Almennt ástand hennar er lélegt. Laga þarf girðingu, yfirborð og lýsingu. Leiktæki eru fá og í sæmilegu ásigkomulagi. Aðstaða er til að setja upp kennslugarð á lóðinni.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 21 nemandi um hverja tölvu haustið 2003. Tölvulagnir eru í flest rými skólans sem eru í góðu ástandi. Fjölga þarf tenglum víða um skólann, í sumum rýmum er jafnvel bara einn. Sérstaklega þarf að fjölga tenglum í vinnuherbergi kennara.

Laus búnaður

Almennt ástand húsgagna og búnaðar er nokkuð gott. Ríflega helmingur nemendastóla og borða er nýtt og í ágætu ástandi en þó er nokkuð stór hluti enn í slæmu ástandi og þarfnast endurnýjunar. Önnur húsgögn, s.s. skúffuskápar, stólar og sófar þarfnast endurnýjunar og töflur og sýningartjöld í eldri hluta byggingarinnar.

D. Skólamötuneyti

Nýtt mötuneytiseldhús er í skólanum og snýr það að garði sem hugmynd er um að byggja yfir þannig að nemendur geti matast þar.

E. Tillögur

Ljúka þarf við innri breytingar í eldri hluta og endurgera lóð sem fyrst.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við innri breytingar og þær útfærðar í áföngum.
- Tölvulagnir skólans verði endurbættar.
- Endurgera skólalóð.

Húsaskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmispörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans ekki húsrýmispörfinni eins og er, en fyrirsjáanlegt er að nemendum skólans mun fækka á næstu árum. Tímabundin rýmispörf er nú leyst með færanlegum stofum sem hefur þó fækkað talsvert á undanförunum árum.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðsluvalda og sérstöðu skólans

Húsaskóli hefur sérstöðu varðandi náíð samstarf við leikskóla hverfisins og tengsl við Borgarholtsskóla, jafnframt því sem lögð er sérstök áhersla á tónmennt í skólanum. Tónskóli grunnskólanna er með aðstöðu í skólanum. Sérkennsluver er að hluta til við skólann. Aðstaða fyrir stjórnun er þröng og fundarherbergi vantar.

Aðkoma að skólanum er góð en þó þyrfti að merkja aðalinngang. Einnig þarf að merkja stjórnunarhluta betur innandyra. Frístundaheimili er í færanlegum stofum. Húsnæði Húsaskóla er talsvert notað utan skólatíma m.a. af ÍTR og Grafarvogskirkju. Aðgengi fatlaðra er gott.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er mjög gott. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Nægilegt rými verður fyrir skólastarfið þegar nemendum fækkar.

B. Lóð

Skólalóð Húsaskóla er um 20 m² á nemandu að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,31. Almennt ástand hennar er gott. Nokkrar endurbætur þarf að gera á girðingu, yfirborði, lýsingu og leiktækjum.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru rúmlega 9 nemendur um hverja tölvu. Tölvulögnum er ábótavant og þær vantar í mörg rými skólans m.a. í bókasafn. Tölvuskápa vantar. Brýnt er að endurskoða tölvulagnir skólans.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Sýningartjöld eru í góðu lagi en endurnýja þarf hluta af töflum.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti var útbúið í skólanum haustið 2003.

E. Tillögur

Skoða þarf hvernig unnt er að koma fyrir þeim rýmum sem vantar við skólann.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Tölvulagnir verði endurbættar.
- Gerðar verði lagfæringar á skólalóð.

Hvassaleitisskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að viðbygging ásamt innri endurskipulagningu muni fullnægja húsnæðisþörf skólans miðað við framtíðar nemendasþá.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Húsnæði skólans býður ekki upp á sveigjanleika í kennsluháttum. Sérkennsluver (námsver) er ekki við skólann, en rými er til staðar. Aðkoma að skólanum er góð en hann er lítið merktur. Þröng aðkoma er þó fyrir foreldra að koma með börn sín í bílum. Aðalinngangur er ekki greinilegur og erfitt er að finna stjórnunarhluta skólans, sem einnig er illa merktur. Fristundaheimili er við skólann. Húsnæði skólans er ekki notað utan skólatíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott, á næstu árum þurfa að fara fram utanhúsviðgerðir á íþróttahúsi. Almennt ástand innanhúss er þokkalegt. Nýbyggt er við skólann og er búið að lagfæra eldri rými sem tengjast nýbyggingu. Endurnýja þarf miðstöðvarlagnir í I. og II. áfanga og timburklæðningu í sömu áföngum. Jafnframt þarf að endurnýja lampa og hurðir vegna eldvarna. Gólfefni í íþróttasal þarfnast endurnýjunar. Bæta þarf brunahólfun skólastofa og brunapól lofta og veggja. Hafin er eldvarnarhönnun af byggingunni,

Mögulegar úrlausnir

Útbúa þarf aðstöðu fyrir sérkennsluver (námsver). Gera þarf úrbætur í hljóðvistarmálum í íþróttasal.

B. Lóð

Skólalóð Hvassaleitisskóla er um 30 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,26. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Endurbæta þarf girðingar, yfirborð og lýsingu. Ástand leiktækja er gott. Aðkoma og bílastæði skólans þarfnast endurskoðunar.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 18 nemendur um hverja tölvu í skólanum. Tölvulagnir eru í flest rými og í ágætu lagi. Þær vantar þó enn í skóladagvist og til umsjónarmanns. Netbeinum þarf að skipta út.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er gott. Þó er komið að endurnýjun á hluta húsgagna fyrir nemendur og kennara í eldri hluta skólans. Sýningartjöld eru í góðu lagi en endurnýja þarf hluta af töflum.

D. Skólamötuneyti

Mötuneyti er við skólann og öllum nemendum skólans boðið upp á heitan mat í hádegi.

E. Tillögur

Úrbætur eru ekki mjög aðkallandi eins og er, utan að bæta hljóðvist í íþróttasal. Rúmt er um skólastarfið.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Gera úrbætur í hljóðvistarmálum í íþróttasal.
- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Klébergsskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrýmisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni með viðbyggingu og innri breytingum miðað við að hverfið sé í jafnvægi.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Klébergsskóli er elsti grunnskóli Reykjavíkur. Skólinn er að marka sér braut í nýjum kennsluháttum. Tónskóli er í skólanum.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er þokkalegt, en I. áfanga lélegt. Framkvæmdum við viðbyggingu er lokið en eftir er að endurskipuleggja I. áfanga og II. áfanga. Dúkur í I. áfanga er ónýtur og þarfnast endurnýjunar sem og lampar og hurðir vegna krafna um eldvarnir. Eldvarnarhönnun er ekki til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Með nýbyggingu og endurbótum á elsta hluta skólans verður húsnæði hans fullnægjandi.

B. Lóð

Skólalóð Klébergsskóla er um 77 m² á nemandu, auk þess sem skólinn er staðsettur á opnu svæði. Nýtingarhlutfall er 0,16. Almennt ástand lóðarinnar er lélegt. Girðingar, yfirborð og lýsing þarfnast mikilla endurbóta. Leiktæki eru fá en eru í viðunandi ástandi. Lokið er við hönnun lóðarinnar en framkvæmdir ekki hafnar.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum var engin nýleg tölva haustið 2003. Tölvulögnum í skólanum er víða ábótavant en unnið hefur verið að endurbótum. Fleiri tengla vantar í stofur, tölvuver og á bókasafn. Búið er að gera endurbætur á 2. áfanga en tengingar virka illa. Jafnframt þarf að bæta tengingar í nýbyggingu.

Laus búnaður

Almennt ástand húsgagna og búnaðar er fremur slæmt í eldri hluta húsnæðisins. Endurnýja þarf stóran hluta nemendahúsgagna og hluta kennarahúsgagna. Endurnýja þarf töflur og sýningartjöld.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti hefur verið komið upp við skólann sem fullnægir þörfum hans.

E. Tillögur

Framkvæmdum við viðbyggingu er lokið, eftir að gera endurbætur á elsta hluta húsnæðisins.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við innri endurskipulagningu á eldra húsnæði.
- Tölvulagnir verði yfirfarnar og endurbættar.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar og lokið við að kaupa búnað í nýbyggingu.
- Gengið verði frá skólalóð.

Laugalækjarskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 fullnægir húsnæði skólans rýmisþörfinni með viðbyggingu og viðbót sem kom með húsnæði Fósturskólans. Endurbætur hafa verið gerðar á eldri hluta húsnæðisins.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Laugalækjarskóli er unglíngaskóli fyrir nemendur í 7. til 10. bekk. Gert er ráð fyrir að í skólanum verði miðstöð tómskundastarfs í hverfinu. Þar er starfrækt tungumálaver sem þjónar nemendum í allri borginni.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott. Almennt ástand innanhúss er mjög gott. Úttekt á eldvarnarmálum liggur ekki fyrir. Eldvarnarhönnun er til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Með nýbyggingu og endurbótum á elsta hluta skólans verður húsnæði skólans fullnægjandi.

B. Lóð

Skólalóð Laugalækjarskóla er um 46 m² á hvern nemanda að meðaltali. Nýtingarhlutfall er 0,24. Lóðin er óskipulögð og almennt ástand hennar er lélegt. Girðingar, yfirborð lóðar, lýsing og leiktæki þarfnast mikilla endurbóta. Endurskipuleggja þarf lóðina í heild sinni.

C. Búnaður

Tölvur

Haustið 2003 voru um 15 nemendur um hverja tölvu í skólanum. Nýlegar tölvulagnir eru í flest rými skólans og í ágætu lagi.

Laus búnaður

Almennt ástand á húsgögnum og búnaði er ágætt þótt nokkurn hluta hans þurfi að endurnýja vegna aldurs og ástands. Hluti af töflum og sýningartjöldum þarfnast endurnýjunar.

C. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti verður í nýrri viðbyggingu sem fullnægir þörfum skólans.

E. Tillögur

Brýnt er að ljúka yfirstandandi framkvæmdum við skólann.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Endurbætur verði gerðar á skólalóð.

Selásskóli

A. Húsnæði

Viðbótarrymisþörf og endurskipulagning innanhúss

Samkvæmt rýmisathugun 2002 er gert ráð fyrir að húsnæðisþörf skólans sé fullnægt með tilkomu nýrrar viðbyggingar og innri breytingum, miðað við framtíðar nemendasþá. Eftir er að framkvæma hluta af áætlaðri endurskipulagningu innanhúss. Gert er ráð fyrir að nemendum muni fækka nokkuð á næstu árum.

Staða húsnæðis miðað við stefnu fræðslufirvalda og sérstöðu skólans

Selásskóli er móðurskóli í náttúrufræði. Nýbygging er hönnuð með það fyrir augum að bjóða upp á sveigjanleika í kennsluháttum sem er erfiðara í eldri hluta. Sérkennsluver er við skólann. Aðstöðu vantar fyrir millistjórnanda og gera þarf ýmsar breytingar í stjórnunarrými. Frístundaheimili er rekið í húsinu. Húsnæðið er lítið notað utan kennslutíma.

Almennt ástand húsnæðis og öryggismál

Ástand húsnæðis að utan er gott. Almennt ástand innanhúss er gott. Eldverja þarf timburklæðningu í loftum í eldri hluta skólans. Eldvarnarhönnun er til af byggingunni.

Mögulegar lausnir

Fyrir liggja tillögur að innri breytingum í eldri hluta. Þar er m.a. gert ráð fyrir breytingum á stjórnun, opnun á skólastofum út í gangarými og breytingum á miðrymi.

B. Lóð

Skólalóð Selásskóla er um 32 m² á nemanda. Nýtingarhlutfall er 0,28. Almennt ástand hennar er þokkalegt. Miklar endurbætur þarf að gera á girðingum og nokkrar á lýsingu og leiktækjum. Yfirborð lóðarinnar er í allgóðu ástandi. Kennslugarður er í tengslum við nýbyggingu.

C. Búnaður

Tölvur

Í skólanum voru um 7 nemendur um hverja tölvu, haustið 2003. Tölvulagnir og tengingar vantar í tvær álmur skólans, þar sem hvorki er lagt fyrir síma né tölvum. Jafnframt er bráðbirgðalausn á tölvulögnum í miðrymi þar sem önnur tölvustofan er. Í öðrum hlutum skólans eru lagnir í lagi.

Laus búnaður

Almennt ástand búnaðar er misjafnt. Nýleg húsgögn eru í nýrri viðbyggingu en í eldri hluta skólans þarf að endurnýja stóran hluta að húsgögnum fyrir nemendur og kennara. Töflur og tækjakostur skólans er hins vegar í ágætu lagi.

D. Skólamötuneyti

Skólamötuneyti hefur verið komið upp við skólann í tengslum við fjölnýttisál.

E. Tillögur

Ljúka þarf við þær breytingar sem á að gera á eldri byggingu.

Tillögur til úrbóta gera ráð fyrir að:

- Lokið verði við áætlaðar breytingar innanhúss.
- Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
- Lokið verði við tölvulagnir skólans.
- Lokið verði við endurbætur á skólalóð.

6.3 Húsnæði sérskóla

Undanfarið hafa málefni sérskóla verið til umræðu og hafa starfshópar verið að störfum sem hafa fjallað um húsnæðismál, innra starf og skipulag. Þegar hafa verið gerðar breytingar á skólaskipan heyrnarláusa og heyrnarskertra nemenda með flutningi Vesturhlíðarskóla inn í Hlíðarskóla. Einholtsskóli og Hlíðarhúsaskóli hafa verið sameinaðir í Brúarskóla og tillaga er uppi um að Dalbrautarskóli verði hluti af honum. Jafnframt hefur verið lagt til að Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli sameinist. Húsnæði sérskólanna er í eigu ríkisins (heyrir undir menntamálaráðuneytið) og eru viðræður milli Sambands sveitarfélaga og ríkisins í gangi um framtíð þess.

Sérskólar fyrir börn með atferlisvanda og félagslega erfiðleika

Þrjú skólar þjónuðu þessum nemendahópi, Einholtsskóli, Hlíðarhúsaskóli og Dalbrautarskóli. Fræðsluráð Reykjavíkur ákvað (þann 9. maí 2003) að þeir skyldu sameinaðir í einn skóla, Brúarskóla, auk þess sem stofnuð yrði ráðgjafardeild og deild fyrir nemendur í fikniefnavanda. Brúarskóli starfar nú í fyrrverandi húsnæði Vesturhlíðarskóla. Nauðsynlegt er að gera nokkrar lagfæringar á húsnæðinu, t.d. vantar lagnir fyrir tölvur og síma, merkja þarf skólann að utan og gera umtalsverðar umbætur í búnaðarmálum.

Deild Brúarskólas sinnir kennslu nemenda sem hafa verið lagðir inn á barna- og unglingsdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss til greiningar, fyrrum Dalbrautarskóli. Börnin eru því tímabundið í skólanum. Deildin er starfrækt í þremur færanlegum húsum sem ekki eru á samþykktu deiliskipulagi. Byggingar eru einingahús úr timbri (færanlegar kennslustofur). Deildin þjónar börnum á grunnskólaaldri af öllu landinu, um 35% eru af landsbyggðinni og 65% af höfuðborgarsvæðinu. Húsnæði er ófullnægjandi og þjónar illa þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Að auki eru nú tvær sérhæfðar sérdeildir fyrir nemendur með félagslega og geðræna erfiðleika við almenna grunnskóla sem þjóna nemendum í allri borginni. Önnur er við Breiðholtsskóla í færanlegum stofum sem verulega eru farnar að láta á sjá. Hin heyrir stjórnunarlega undir Réttarholtsskóla en er staðsett í Bjarkarhlíð sem er gamalt einbýlishús við Bústaðaveg. Staðsetning húsnæðisins er góð en almennt ástand húss og búnaðar er slakt og þarfnast verulegra endurbóta. Haustið 2004 er gert ráð fyrir að ný sérdeild fyrir þennan nemendahóp taki til starfa í einum grunnskólanna í Grafarvogi.

Sérskólar fyrir börn með þroskahamlanir

Unnið er að tillögum að skólaskipan barna með þroskahamlanir og er sú vinna enn í gangi. Samhliða rýmisathugun 2002 var unnin rýmisathugun fyrir Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla þar sem metin er húsrýmisþörf miðað við nokkrar útfærslur. Í stefnu fræðsluyfirvalda um sérkennslu er gert ráð fyrir sameiningu þessara skóla. Jafnframt verði stofnaðar tvær sérhæfðar sérdeildir fyrir hluta þess nemendahóps sem nú er í Öskjuhlíðarskóla, ein í Grafarvogi og önnur við skóla í hverfum vestan Elliðaár.

Eins og fyrr segir heyrir húsnæði sérskóla undir menntamálaráðuneytið sem hefur nú áhuga á að nýta húsnæði Safamýrarskóla fyrir aðra starfsemi. Brýna nauðsyn ber því til að finna honum annað húsnæði. Lagt hefur verið til að nemendur Safamýrarskóla flytjist í

Öskjuhlíðarskóla. Húsnæðið þarf þá að aðlaga að þörfum þess nemendahóps og byggja við sundlaug, íþrótt- og samkomusal, framleiðslueldhús og fleira.

Safamýrarskóli þjónar alvarlega þroskahömluðum og fjölfötluðum börnum. Hann er einsetinn og flest börn dveljast í skólanum allan daginn. Skóladagvist er í kennslustofum. Nokkur börn eru í skóladagvist á barnaheimilinu Lyngási, samtengdri byggingu. Nemendur eru um 30 af öllu höfuðborgarsvæðinu. Fjöldinn er óbreyttur frá árinu 1996. Skólinn sinnti áður forskólabörnum og börnum á framhaldsskólaaldri auk grunnskólaaldurs. Húsnæðið er of lítið og þarfnast verulegra endurbóta auk þess það er afar óhentugt fyrir starfsemina.

Öskjuhlíðarskóli þjónar þroskahömluðum og fjölfötluðum nemendum í 1. – 10. bekk af landinu öllu. Nú eru um 90-95 börn í skólanum samtímis. Hausti 2003 komu flest börnin af höfuðborgarsvæðinu, þar af voru um 65% úr Reykjavík. Skólinn var einsetinn að fullu árið 1995. Fyrir einsetningu voru í skólanum um 130 nemendur, um 60-65 börn í einu. Skipulag skólans og hönnun miðar við þennan nemendafjölda. Það hefur því verulega þrengt að. Þetta kallar einnig á aukið rými, bæði vegna hjálpartækja barnanna og herra hlutfalls starfsfólks. Húsgögn og annar búnaður þarfnast talsverðrar endurnýjunar en nýlegar tölvulagnir eru um skólann sem eru í ágætu lagi. Meira rými vantar fyrir skólann auk þess sem endurskipuleggja þarf núverandi húsnæði.

6.4 Nýir grunnskólar

Miðað við Aðalskipulag Reykjavíkur er ljóst að byggja þarf nokkra nýja skóla á næstu 10 – 15 árum. Erfitt er að segja til um hversu margir þeirra þurfa að rísa á næstu árum, ræðst það af hraða í uppbyggingu nýrra hverfa, þéttingu byggðar og aldurssamsetningu íbúanna. Hér er reynt að sjá fyrir um nauðsynlegar framkvæmdir eða undirbúning að framkvæmdum við nýja grunnskóla og gefur tafla 3 vísbendingu um þá þörf sem er fyrir nýja skóla á næstu árum. Síðan er gerð grein fyrir uppbyggingu einstakra hverfa.

Tafla 3: Nýir skólar á næstu árum

Nýir skólar	Skipu- lag tilbúið	Fjöldi íbúða	Uppbyg- gingartími hverfis	Fjöldi nemenda	Ráðning skólastjóra *	Upphaf starfs í lausum stofum eða bráðabirgðahúsnæði
Ingunnarskóli	er tilbúið	957	í gangi	300-400	í starfi	er hafið
Korpuskóli	er tilbúið	354	lokið	120 - 270	í starfi	er hafið
Sæmundarsk.**	er tilbúið	914	í gangi	200-300	óvíst	haust 2004
Norðlingaholt	er tilbúið	1000	2003-2008	400-600	jan. 2005	haust 2005
Sóltúnsskóli	er tilbúið		í gangi	180 (6 árg.)	óvíst	óvíst
Úlfarsfell, hv. 4	2003	1000	óvíst	400-600	óvíst	óvíst
Ánan./Mýrarg ***	óvíst	4-500	óvíst	80-100	óvíst	óvíst
Skerjafj. III	óvíst	275	óvíst	50-60	óvíst	óvíst

*Ahersla er lögð á að skólastjóri sé ráðinn um leið og undirbúningur hönnunar hefst og að hann taki þátt í því ferli.

** Ákveðið hefur verið að stofna skólasel frá Ingunnarskóla fyrir yngstu börnin í austurhluta Grafavogs, a.m.k. fyrst um sinn.

*** Starfhópur um skólalag í miðborginni að störfum.

Grafarholt

Ingunnarskóli er nú starfræktur í færanlegum kennslustofum í austurhluta hverfisins. Framkvæmdir við nýja skólabyggingu eru hafnar og er áætlað að hún verði tilbúinn haustið 2005. Ingunnarskóli er hannaður fyrir um 400 - 450 nemendur, en gert er ráð fyrir nokkuð færri nemendum eftir að hverfið er komið í jafnvægi. Hópur fólks undirbjó hönnun skólans undir stjórn bandaríks arkitekt Bruce Jilk, skólaárið 2000 – 2001.

Í austurhverfi Grafarholts er gert ráð fyrir um 780 – 915 íbúðum og er frátekin lóð fyrir skóla í nágrenni Reynisvatns. Gert er ráð fyrir um 200 - 300 nemendum í skólanum þegar hverfið er komið í jafnvægi. Gera má ráð fyrir að Ingunnarskóli geti rúmað stóran hluta nemenda úr öllu hverfinu. Vegna fjarlægðar er þó nauðsynlegt að hafa skólalag fyrir yngstu nemendurnar í austurhluta hverfisins og hefur því verið ákveðið að starfrækja skólasel frá Ingunnarskóla a.m.k. fyrstu árin. Skólaselid tók til starfa í bráðabirgðahúsnæði haustið 2004 en nauðsynlegt er að hefja undirbúning að byggingu varanlegs húsnæðis.

Staðarhverfi

Skóli fyrir Staðarhverfi er nú í bráðabirgðahúsnæði á Korpúlfsstöðum, Korpuskóli. Þar voru tæplega 200 nemendur haustið 2003. Í framtíðar nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendur á grunnskólaaldri í hverfinu verði flestir árið 2006 eða rúmlega 270 en fari síðan fækkandi og verði um 120 miðað við hverfi í jafnvægi. Undirbúningsvinna fyrir hönnun fór fram á árinu 2002. Hópur skólafólks, foreldra, hönnuða, tæknimanna og aðila úr atvinnuvinnulífinu mótaði hugmyndir um starfsemi skólans og byggingu og gaf út skýrslu

þar um. Rýmisgreining fór síðan fram haustið 2003. Hafin er bygging á um 2.850 m² skólabyggingu fyrir um 170 nemendur í 1. – 10. bekk ásamt íþróttasal. Þegar fer að fækka í hverfinu getur leikskólinn flutt inn í húsnæði grunnskólans. Ekki er gert ráð fyrir börnum á leikskólaaldri í byggingunni fyrstu árin meðan nemendafjöldi er í hámarki. Sumarið 2003 tók leikskóli til starfa í bráðabirgðabyggingu sem má flytja annað síðar.

Sóltúnshverfi

Nýr skóli í Sóltúnshverfi hefur verið í umræðunni síðan þétting byggðar hófst í hverfinu og er til lóð fyrir hann. Þróun í nemendafjölda hefur verið hæg og nemendur hafa gengið í Laugarnesskóla. Með áætlaðri viðbyggingu við Laugarnesskóla má áætla að hann geti tekið við nemendum úr þessu hverfi a.m.k. næstu fjögur til fimm árin. Nú eru í Sóltúnshverfi 87 nemendur á grunnskólaaldri eða tæplega níu í árgangi að meðaltali. Börn á leiksskólaaldri eru heldur fleiri eða um 16 í hverjum árgangi að jafnaði. Verði þróun í nemendafjölda hraðari en áætlað hefur verið þarf að taka aftur upp umræðu um byggingu skólans. Má benda á að ef hlutfall barna í hverfinu verður svipað og í barnflestu götum hverfisins má gera ráð fyrir að meðalfjöldi barna í árgangi verði fast að 30 samkvæmt nemendaspá Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.

Norðlingaholt

Skipulagi Norðlingaholts er lokið. Hafin var vinna við gatnakerfið á árinu 2003 og lóðum úthlutað í 1. áfanga. Í hverfinu er gert ráð fyrir rúmlega 900 íbúðum (hámark 935). Lóð fyrir grunnskóla fyrir 1.-10. bekk er miðsvæðis í hverfinu. Nemendafjöldi á grunnskólaaldri verður því um 400 þegar hverfið er komið í jafnvægi en allt að 600 að hámarki. Uppbygging er hafin í hverfinu, því þarf að hefja þar skólastarf haustið 2005 í lausum stofum og jafnhliða undirbúning skólabyggingar.

Úlfarsfell

Nú er unnið að skipulagi sjö hverfa í Úlfarsfellslandi fyrir 18-20 þúsund íbúa. Alls er gert ráð fyrir sjö grunnskólum á svæðinu. Áætlað er að skipulagi eins hverfis, þ.e. hverfis 4, verði lokið á árinu 2004. Þar verða um 1000 íbúðir. Ekki er enn ljóst hvenær uppbygging hverfisins hefist.

Vesturbær / Miðbær

Vegna þéttingar byggðar í Miðbæ og Vesturbæ hefur börnum á grunnskólaaldri fjölgað á þessum svæðum. Það hefur gert það að verkum að mjög þröngt er orðið í grunnskólum hverfanna. Um er að ræða fimm skóla, Vesturbæjarskóla, Grandaskóla, Melaskóla, Hagaskóla og Austurbæjarskóla. Erfitt er að byggja við flesta þessa skóla m.a. vegna þrengsla á lóð.

Ýmsar leiðir hafa verið nefndar sem lausn á húsnæðisvanda þessara skóla. Ein af þeim er stofnun sérstaks miðborgarskóla sem ekki væri hverfisskóli heldur tæki við nemendum úr fleiri en einu hverfi samkvæmt óskum foreldra. Margt er þó að athuga í sambandi við þá lausn, t.d. er óvíst að slíkur skóli mundi létta á þeim skólum sem eru í mestum húsnæðisvanda eða hvort áhugi er fyrir hendi meðal foreldra. Skortur á lóðum í miðborginni setur þessari hugmynd jafnframt þröngar skorður. Starfshópur er að fara yfir

Húsnæði grunnskóla Reykjavíkur
Desember 2004

mögulegar lausnir á húsnæðisvanda skóla í Vesturbæ og Miðbæ í tengslum við
framfarðarþróun í nemendafjölda.

Grafarvogur

Gert er ráð fyrir að Bryggjuhverfið í Grafarvogi stækki til muna þegar þar bætast við um
1.200 íbúðir, e.t.v. á öðrum áratug aldarinnar. Þá þarf væntanlega að reisa þar skóla.

6.5 Samantekt á tillögum um framkvæmdir við grunnskóla

Í þessum kafla eru teknar saman tillögur um framkvæmdir við skóla sem fjallað er um hér að framan. Nánari rökstuðning er að finna í kafla um viðkomandi skóla. Tillögurnar eru settar fram í töflum, fyrir almenna grunnskóla, sérskóla og nýja skóla. Í töflu 7 er síðan samantekt á umfangi framkvæmda við hvern og einn skóla.

Tafla 4: Tillögur um framkvæmdir við almenna grunnskóla

Skóli	Tillögur
Austurbæjarskóli	<ul style="list-style-type: none"> Stjórnunarrými verði endurskipulagt á núverandi stað. Húsnæðismál skólans verði leyst til bráðbirgða. Gerðar verði nauðsynlegar úrbætur í eldvarnarmálum. Lokið verði við umfangsmikið viðhald á húsnæðinu og tölvulagnir endurgerðar. Aðgengi fatlaðra verði lagfært. Gerðar verði endurbætur á lóð í samræmi við athugasemdir.
Álftamýrarskóli	<ul style="list-style-type: none"> Komið verði upp sérkennsluveri og aðstöðu fyrir millistjórnendur. Vesturálma verði endurbætt. Taka þarf ákvörðun um staðsetningu á frístundaheimili.
Árbæjarskóli	<ul style="list-style-type: none"> Frístundaheimili verði starfrækt í Ársel. Lokið verði viðhaldi 3. áfanga og íþróttahúsi.
Ártúnsskóli	<ul style="list-style-type: none"> Lokið verði við endurbætur á lóð.
Breiðagerðisskóli	<ul style="list-style-type: none"> Lokið verði við um 1.130 m² viðbyggingu. Breytingar innanhúss verði framkvæmdar jafnhliða viðbyggingu. Farið verði í umfangsmiklar endurbætur vegna viðhalds og eldvarnarmála á eldra húsnæði. Búnaður og tölvulagnir verða endurnýjað. Hafnar verði viðhaldsframkvæmdir á skólalóð.
Breiðholtsskóli	<ul style="list-style-type: none"> Byggð verði um 800 m² viðbygging við skólann. Gerðar verði nauðsynlegar innri breytingar á núverandi húsnæði. Gert verði átak í endurnýjun á búnaði og tölvulögnum. Bílastæðum við skólann verði fjölgað eftir því sem unnt er.
Engjaskóli	<ul style="list-style-type: none"> Tölvulagnir skólans verði yfirfarnar. Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Fellaskóli	<ul style="list-style-type: none"> Komið verði upp listasmiðju í kjallara skólans í samræmi við fyrri áætlanir. Fundin verði úrlausn í kennslustofum þar sem gluggar eru hátt á vegg. Tölvulagnir skólans verði endurbættar. Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
Foldaskóli	<ul style="list-style-type: none"> Lokið verði við breytingar innanhúss. Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
Fossvogsskóli	<ul style="list-style-type: none"> Lokið verði við breytingar innanhúss. Gerðar verði endurbætur á eldvarnarmálum. Lokið verði við að leggja tölvulagnir um allan skólann. Lokið verði við endurbætur á skólalóð.
Grandaskóli	<ul style="list-style-type: none"> Tölvulagnir skólans verði yfirfarnar og endurbættar. Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Hagaskóli	<ul style="list-style-type: none"> Endurskoðuð verði forsögn fyrir skólann miðað við breyttar forsendur. Gerð verði félagsaðstaða fyrir nemendur. Gerðar verði breytingar á afgreiðslu skólans. Skólasafn verði stækkað og endurskipulagt. Eldvarnir verði bættar í samræmi við ábendingar slökkviliðs. Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Hamraskóli	<ul style="list-style-type: none"> Tölvulagnir skólans verði yfirfarnar og endurbættar.

	<ul style="list-style-type: none"> • Frístundaheimili verði komið fyrir í núverandi húsnæði. • Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Háteigsskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
Hlíðaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Hólabrekkuskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við innri breytingar. • Tölvulagnir skólans verði endurbættar. • Skólalóð verði endurskipulögð og endurbætt.
Húsaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Tölvulagnir verði endurbættar. • Gerðar verði lagfæringar á skólalóð.
Hvassaleitisskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Gerðar verði úrbætur í hljóðvistarmálum í íþróttasal. • Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Klébergsskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við innri endurskipulagningu á eldra húsnæði. • Tölvulagnir verði yfirfarnar og endurbættar. • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar og lokið við kaup á búnaði í nýbyggingu. • Skólalóð skipulögð og endurbætt.
Langholtsskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við viðbyggingu og innri breytingar. • Umfangsmiklu viðhaldi sem staðið hefur yfir verði lokið. • Átak verði gert í endurnýjun á búnaði. • Lóð skólans verði lagfærð og endurskipulögð.
Laugarnesskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við um 1500 fm viðbyggingu við skólann. • Stjórnunarrými verði endurskipulagt. • Gert verði átak í viðhaldi á elsta hluta hússins. • Nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á eldvarnarmálum. • Aðkoma að skólanum verði bætt og bílastæðum fjölgað. • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
Laugalækjarskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Melaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við innri endurskipulagningu. • Endurbætur verði gerðar á tölvulögnum skólans. • Aukin húsnæðisþörf skólans verði leyst með bráðabirgðahúsnæði.
Réttarholtsskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Innra skipulag í kennsluhúsnæði verði endurskoðað. • Gerðar verði nauðsynlegar úrbætur í eldvarnarmálum. • Gert verði átak í viðhaldi. • Gert verði átak í endurnýjun búnaðar. • Skólalóð verði endurskipulögð.
Rimaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Byggð verði um 1.300m² viðbygging við skólann sem rúmi fyrstu tvo árganga hans auk fjögurra deilda leikskóla. • Fundaraðstöðu verði komið fyrir í tengslum við stjórnun. • Framkvæmdum á lóð verði lokið þegar færanlegar kennslustofur fara.
Seláskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Lokið verði við áætlaðar breytingar innanhúss. • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar. • Lokið verði við tölvulagnir skólans. • Endurbætur verði gerðar á skólalóð.
Seljaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Byggð verði um 700 m² viðbygging við skólann. • Endurskipulagning innanhúss fari fram samhliða viðbyggingu. • Gerðar verði nauðsynlegar endurbætur í eldvarnarmálum. • Átak verði gert í viðhaldi. • Tölvulagnir verði endurbættar. • Endurbætur verði gerðar á skólalóð og leiktækjum fjölgað.
Vesturbæjarskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Skipaður verði starfshópur til að skilgreina heildarlausn fyrir skólann. • Gerðar verði breytingar á inngangi á efri hæð. • Endurbætur verði gerðar á tölvulögnum skólans. • Íbúðarhús á skólalóð verði fjarlægð og gerðar úrbætur á lóðinni.
Vogaskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Byggð verði um 1.450 m² viðbygging við skólann auk bílakjallara. • Gerðar verði nauðsynlegar endurbætur á eldri hluta skólans. • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar. • Tölvulagnir verði endurbættar.

	<ul style="list-style-type: none"> • Lóð verði endurskipulögð og endurbætt.
Ölduselsskóli	<ul style="list-style-type: none"> • Byggt verði við skólann og núverandi húsnæði endurskipulagt. • Hljóðvist í miðrymi á efri hæð verði löguð. • Tölvulagnir verði endurbættar. • Átak verði gert í endurnýjun búnaðar. • Gerðar verði endurbætur á lóð.

Tafla 5: Tillögur um framkvæmdir við sérskóla og sérhæfðar sérdeildir

skóli	tillögur
Öskjuhlíðarskóli /Safamýrarskóli	Unnið verði út frá þeirri hugmynd að sameina skólana, byggja við Öskjuhlíðarskóla og stofna tvær sérhæfðar sérdeildir við almenna grunnskóla.
Brúarskóli	Gerðar verða endurbætur á tölvu- og símalögnum auk þess sem átak verði gert í endurnýjun búnaðar.
Bjarkarhlíð	Húsnæðið verði endurbætt.

Tafla 6: Tillögur um framkvæmdir við nýja grunnskóla

hverfi	tillögur
Grafarholt	Lokið verði við byggingu Ingunnarskóla og hafin undirbúningur að byggingu húsnæðis fyrir skólasel fyrir nemendur í austurhluta hverfisins, Sæmundarsel
Staðarhverfi	Lokið verði við byggingu nýs Korpuskóla fyrir 1. - 10. bekk.
Norðlingaholt	Undirbúningur að nýjum skóla hefjist árið 2004.
Úlfarsfell	Engar framkvæmdir á næstu árum.
Sóltún	Nemendur fari í Laugarnesskóla enn um sinn.
Vesturbær / Miðbær	Starfshópur hefur skilað tillögum um lausn á húsnæðisvanda grunnskólann í Vesturbæ / Miðbæ.

Tafla 7: Samantekt á áætlaðri viðbyggingaþörf og umfangi endurskipulagningar á húsnæði grunnskóla

Skóli	Viðbótarrymi	Áætlað umfang endurskipulagningar	Athugasemdir
Austurbæjarskóli	300 m ²	280 m ²	Stjórnunaráлма og viðbótarhúsnæði.
Álftamýrarskóli		230 m ²	Vestari tengibygging.
Árbæjarskóli			
Breiðagerðisskóli	1.145 m ²	3000 m ²	Byggingaframkvæmdir í gangi.
Breiðholtsskóli	800 m ²	100 m ²	Ýmis svæði..
Engjaskóli			
Fellaskóli		400 m ²	Listasmiðja í kjallara.
Foldaskóli		400 m ²	Stjórnunaráлма, eldhús o.fl.
Fossvogsskóli		170 m ²	Stjórnunaráлма.
Grandaskóli		100 m ²	Ýmis svæði.
Hagaskóli	650 m ²	440 m ²	Stjórnun, skólasafn og kjallari.
Hamraskóli			
Háteigsskóli		100 m ²	Ýmis svæði og eldhús
Hlíðaskóli			Lýkur árið 2003
Hólabrekkuskóli		970 m ²	Ýmis svæði auk innigarða.
Húsaskóli			
Hvassaleitisskóli		100 m ²	Ýmis svæði.
Klébergsskóli		220 m ²	Áfangar 1 og 2.
Langholtsskóli		900 m ²	Ýmis svæði. Byggingaframkvæmdir í gangi.
Laugarnesskóli	1.550 m ²		Tengsl við viðbyggingu. Í undirbúningi.
Melaskóli		350 m ²	Stjórnun o.fl. auk lyftu.
Réttarholtsskóli		170 m ²	Ýmis svæði auk eldhúss.
Rímaskóli	650 m ²		
Seláskóli		750 m ²	Ýmis svæði auk eldhúss.
Seljaskóli	700 m ²	2600 m ²	Þar af um 800 m ² í minni háttar
Vesturbæjarskóli		50 m ²	Skólamötuneyti
Vogaskóli	1.450 m ²		
Ölduselsskóli	500 m ²	500 m ²	Ýmis svæði auk eldhúss.
Samtals	8.195 m ²		
Sérskólar			
Öskjuhlíðarskóli	400 m ²		
Safamýrarskóli			
Brúarskóli			Endurnýjun á tölvu- og símalögnum og búnaði.
Samtals	400 m ²		
Nýir grunnskólar			
Korpuskóli	2.800 m ²		Byggingaframkvæmdir í gangi.
Ingunnarskóli	4.000 m ²		Byggingaframkvæmdir í gangi.
Sæmundarsel	1.600 m ²		
Norðlingaholt	3.500 m ²		
Úlfarsfell	4.000 m ²		
Samtals	15.900 m ²		

7. FORGANGSRÖÐUN

Í þessum kafla er gerð tillaga að framkvæmdaröð og þeim viðmiðum sem hópurinn hafði til hliðsjónar við forgangsröðun verkefnanna. Framkvæmdahraði ræðst alfarið af því fjármagni sem er til ráðstöfunar ár hvert því eru framkvæmdir ekki tímasettar hér.

Fræðsluyfirvöld í Reykjavík leggja á það áherslu að skólar búi við samræmi í ytri umgjörð skólustarfsins eftir því sem kostur er. Í töflu 8 er að finna nokkrar lykiltölur sem auðvelda mat á nokkrum þáttum sem mynda ytri umgjörð, þær voru hafðar til hliðsjónar við forgangsröðun.

Table 8: Ýmsar lykiltölur varðandi ytri umgjörð skólanna

	Nýting húsnæðis 2002 m ² á nem.	Nýting 2006-2007 ²	Fjöldi almennra kennslustofa	Bekkjardeildir 2003 (áætun)	Færanlegar stofur - fjöldi	Fjöldi nemenda / tölvu 2003	Skóla-mötuneyti	Próun í nemendafjölda
Austurbæjarskóli	8,8 m ²	7,3 m ²	29	29	4	16	já ⁽³⁾	fjölgun
Árbæjarskóli	8,6 m ²	8,4 m ²	35	36	8	12,4	já	jafnvægi
Álftamýrarskóli	12,3m ²	12,0 m ²	17	19	0	21,1	já	jafnvægi
Ártúnsskóli	12,2 m ²	16,8 m ²	10	9	0	5,7	já	fækkun
Borgaskóli	10,2 m ²	8,1 m ²	21	23	4	18,5	já	fjölgun
Breiðagerðisskóli	7,7 m ²	7,9 m ²	16	17	5	8,2	já	jafnvægi
Breiðholtsskóli	8,9 m ²	8,7 m ²	30	31	9	15,9	já	jafnvægi
Engjaskóli	10,4 m ²	10,6 m ²	24	22	5	6,9	Já	fækkun
Fellaskóli	14,6 m ²	13,2 m ²	26	26	0	21,2	já	jafnvægi
Foldaskóli	10,7 m ²	12,7 m ²	27	29	0	11,1	já	fækkun
Fossvogsskóli	10,9 m ²	13,6 m ²	16	16	0	14,7	já	fækkun
Grandaskóli	10,7 m ²	10,0 m ²	20	19	0	10,4	já	jafnvægi
Hagaskóli	9,0 m ²	8,3 m ²	25	23	0	14,1	já	fjölgun
Hamraskóli	9,4 m ²	10,7 m ²	20	19	2	11,3	já	fækkun
Háteigsskóli	11,5 m ²	8,7m ²	20	20	0	11,1	já	fjölgun
Hlíðaskóli	12,5 m ²	12,5 m ²	27	28	2	13,5	já	jafnvægi
Hólabrekkuskóli	11,4 m ²	10,6 m ²	30	28	0	21,3	já	jafnvægi
Húsaskóli	9,9 m ²	11,4 m ²	26	21	5	9,2	já	fækkun
Hvassaleitisskóli	11,1 m ²	12,5 m ²	18	16	0	17,8	já	fækkun
Klébergsskóli		14,8 m ²	13	10	4	0	já	fjölgun
Langholtsskóli	11,1 m	10,0 m ²	23	26	0	13,5	já	fjölgun
Laugalækjarskóli	10,3 m ²	11,5 m ²	12	13	0	15,2	já	jafnvægi
Laugarnesskóli	7,8 m ²	6,3 m ²	23	21	5	16,7	nei	fjölgun
Melaskóli	8,4 m ²	6,6 m ²	28	28	0	10,4	já	fjölgun
Réttarholtsskóli	11,2 m ² ⁽¹⁾	9,5 m ²	13	12	0	9,8	nei	jafnvægi
Rimaskóli	7,7 m ²	7,6 m ²	33	37	10	23,1	já	fjölgun
Selásskóli	10,7 m ²	10,6 m ²	19	19	3	7,3	já	fækkun
Seljaskóli	9,9 m ²	10,0 m ²	34	33	5	25,4	já	jafnvægi
Vesturbæjarskóli	10,3 m ²	9,5 m ²	14	16	0	15,8	nei	jafnvægi
Víkurskóli		15,9 m ²			0	3,5	já	fjölgun
Vogaskóli	6,7 m ²	7,4 m ²	17	20	8	29,4	nei	jafnvægi
Ölduselsskóli	9,2 m ²	9,5 m ²	27	32	6	14,4	nei	jafnvægi

⁽¹⁾ Húsnæði fyrir myndver er fráregið.

² Miðað er við nýtingu húsnæðis skólaárið 2006 – 2007 ef ekki koma til viðbætur á húsnæðinu, gengið er út frá nemendafjölda samkvæmt endurskoðaðri nemendaspá Fræðslumiðstöðvar í rýmisathugun 2002. Ekki gert ráð fyrir færanlegum stofum í útreikningum um nýtingu.

³ Er til staðar en mun ekki geta annað matseld fyrir alla nemendur m.v. núverandi aðstæður.

⁴ A = ástand almennt gott, B = þarfnast nokkurs viðhalds, C = þarfnast mikils viðhalds.

Hafðar eru til hliðsjónar þær áherslur fræðsluyfirvalda að byggja ekki húsnæði fyrir hámarksfjölda nemenda í hverjum skóla, heldur fyrir fjölda miðað við hverfi í jafnvægi. Færanlegum kennslustofum er þá komið fyrir á skólalóðinni til að mæta húsrýmisþörfinni tímabundið. Ekki liggja fyrir skýr viðmið um það hve lengi er ásættanlegt að nýta slíkt bráðabirgðahúsnæði, það ræðst m.a. af ástandi húsnæðisins. Hópurinn gekk út frá því að færanlegar kennslustofur væru ekki framtíðarlausn á húsnæðisvanda skóla.

Íþróttarými er ekki talið með í þessari áætlanagerð, en bent er á að skólar búa við mismunandi aðstæður hvað það varðar. Sumir skólar hafa íþróttahús við skólann á meðan aðrir þurfa að senda nemendur annað í íþróttir. Það sama gildir um sundlaugar. Margir skólastjórar þeirra skóla sem ekki hafa íþróttahús eða sundlaug óskuðu eindregið eftir því að slíkt yrði byggt. Nauðsynlegt er að taka upp umræðu um aðstöðu til íþrótt- og sundnáms og marka stefnu í aðstöðumálum þessara námsgreina.

Að lokum er lögð áhersla á að dreifa framkvæmdum sem minnst og ljúka þeim á sem stystum tíma.

7.1 Vinnubrögð og forsendur fyrir forgangsröðun

Hér er gerð grein fyrir forgangsröðun starfshóps um rýmisþörf grunnskóla Reykjavíkur. Hópurinn fylgdi eftirfarandi ferli við forgangsröðun á framkvæmdum við grunnskólana í Reykjavík.

I.

Ákveðin voru viðmið til að leggja til grundvallar við forgangsröðun og vægi hvers þáttar. Tafla 9 sýnir þau viðmið sem notuð voru og vægi hvers og eins. Gengið var út frá því að rými í færanlegri stofu jafngilti vöntun.

Tafla 9: Viðmið í forgangsröðun og vægi þeirra

Flokkur	Lýsing á viðmiðum	Vægi
Þrengsli í húsnæði	Almenn þrengsli, miðað var við að hæfilegt húsrými væri um 10 – 11 m ² á hvern nemanda (20%). Nemendapróun, skoðað var hvort fyrirsjáanleg væri fjölgun eða fækkun nemenda á næstu árum (10%).	30%
Skortur á rýmum	Vöntun á skólamötuneyti eða mötuneyti sem þarfnast lagfæringa. (15%). Skortur á sérhæfðum rýmum, s.s. fyrir tónmennt, myndmennt, textil eða tæknirými, raungreinar, sérkennslurými eða stjórnun. Jafnframt var skoðað hvort vantaði félagsrými s.s. sal eða skólasafn (15%). Skortur á almennu kennslurými (15%).	45%
Ástand húsnæðis	Almennt ástand húsnæðis (10%). Ástand öryggismála (15%).	25%

II.

Þegar viðmið voru ákveðin var öllum almennum skólum gefin einkunn frá einum og upp í fimm. Eftir því sem talan var hærrí var meira aðkallandi að gera úrbætur. Fulltrúar í hópnum gáfu fyrst einkunn hver fyrir sig og síðan voru niðurstöður samræmdar í hópvinnu og komist að sameiginlegri niðurstöðu um hvert og eitt atriði. Einkunn hvers skóla var reiknuð og þeim raðað upp eftir henni. Efstur var sá skóli sem fékk hæstu einkunnina og brýnast að gera úrbætur (sjá kafla 7.2, töflu 10).

III.

Nú var farið aftur yfir listann og metið hvort einhver önnur atriði gætu haft áhrif á forgangsröðun. Gæti t.d. verið óvissa í ákveðnu skólahverfi eða að ytri aðstæður hindri framkvæmdir. Út úr þessu var listanum raðað upp á nýtt.

7.2 Yfirlit yfir stöðu hvers skóla

Farið var yfir alla skólana út frá þeim viðmiðun sem gefin eru upp í töflu 9 og þeim gefin einkun frá 1 og upp í 5. Hærrí einkun gefur til kynna verra ástand á viðkomandi þætti. Einkunnirnar eru til stuðnings þeim sem taka endanlega ákvörðun um forgangröðun framkvæmda miðað við fjárhagsramma borgarinnar hverju sinni. Í töflu 10 er birt meðaleinkunn hvers skóla miðað við stöðuna í mars 2004. Í sumum skólum eru þegar hafnar framkvæmdir eða eru á undirbúningstigi en hafa ekki áhrif á einkun skólans. Þetta á við um Breiðdagerðisskóla, Langholtsskóla, Laugarnesskóla, Seljaskóla og Vogaskóla.

Tekið skal fram að einkunn hvers skóla segir ekki endilega til um framkvæmdaröð. Einkunnagjöfin gefur grófa mynd af stöðunni og ýmis atriði sem ekki voru tekin inn í þetta geta haft áhrif þar á sem gera það að verkum að haga þarf framkvæmdum með öðrum hætti. Má þar t.d. nefna að mjög erfitt er að byggja við suma eldri skólana m.a. vegna þess að ekki er pláss á lóð, á það t.d. við um Melaskóla. Jafnframt gæti haft áhrif hversu lengi skóli hefur verið í húsnæðisvanda, vandi við tæknilegar úrlausnir, mikill nemendafjöldi getur komið í veg fyrir að hægt sé að miða við hverfi í jafnvægi o.s.frv. Vega þarf saman mismunandi þætti eins og þrengsli í húsnæði, væntanlega nemendafjölgun, ástand húsnæðisins og fleira.

Skýringar við töflu:

Lýsing	Stig
Ástand með ágætum	1
Ástand gott	2
Ástand þokkalegt	3
Ástand lélegt	4
Ástand ófullnægjandi	5

Tafla 10: Mati á stöðu einstakra grunnskóla í mars 2004

10.1 Stofnframkvæmdir – þörf fyrir viðbyggingar og endurskipulagningu

Stig	Lýsing	Skólar	Athugasemdir
3,5 – 5,0 4 skólar	Brýn þörf fyrir viðbótarrými og endurskipulagningu m.a. vegna ástands húsnæðis.	Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Laugarnesskóli og Vogaskóli.	Framkvæmdir eru þegar hafnar við þrjá af þessum skólum eða eru á undirbúningsstigi. Gera þarf aðrar ráðstafanir varðandi Austurbæjarskóla (sjá kafla um hann).
2,1 – 3,4 9 skólar	Skólar með viðbótarrýmisþörf.	Árbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Hagaskóli, Melaskóli, Rimaskóli, Réttarholtsskóli, Seljaskóli, Vesturbæjarskóli og Ölduselsskóli.	Framkvæmdir að viðbyggingu eru á undirbúningsstigi í Seljaskóla og framkvæmdir í gangi við Vesturbæjarskóla. Mikil þörf er fyrir viðbótarhúsnæði við Rimaskóla, Ölduselsskóla, Breiðholtsskóla og þrengsli eru í Hagaskóla. Ekki er lagt til að byggt verði við Melaskóla, Réttarholtsskóla og Árbæjarskóla, heldur leitað annarra leiða.
1,0 – 2,0 19 skólar	Ekki þörf fyrir viðbótarrými og almennt ástand húsnæðis gott.	Álftamýrarskóli, Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, Klébergsskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Selásskóli og Víkurskóli.	Eftir er að ljúka hluta af framkvæmdum sem staðið hafa yfir í Fossvogsskóla, Hólabrekkuskóla og Klébergsskóla. Viðbygging Langholtsskóla var tekin í notkun í lok árs 2004 og endurbætur á eldra húsnæði eru hafnar.

10.2 Skólahúsnæði - ástand og viðhaldsþörf

Stig	Lýsing	Skólar	Athugasemdir
3,5 – 5,0 5 skólar	Ástand slæmt, þörf á umfangsmiklu viðhaldi.	Austurbæjarskóli, Breiðagerðisskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli, Réttarholtsskóli og Vogaskóli	Framkvæmdir eru í gangi við Breiðagerðisskóla og í undirbúningsstigi við Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Vogaskóla.
2,1 – 3,4 17 skólar	Almennt ástand fremur gott en þörf á viðhaldi á afmörkuðum hlutum byggingarinnar.	Álftamýrarskóli, Árbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Hvassaleitisskóli, Klébergsskóli, Melaskóli, Selásskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli	Nýleg viðbygging er við flesta þessa skóla svo einungis er um að ræða viðhald á eldri hluta húsanna.
1,0 – 2,0 9 skólar	Ástand húsnæðis gott og einungis þörf á reglubundnu viðhaldi.	Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli, Laugalækjarskóli, Rimaskóli, Vesturbæjarskóli og Víkurskóli	

10.3 Skólalóðir – ástand og endurnýjunarþörf

Stig	Lýsing	Skólar	Athugasemdir
3,6 – 5,0 7 skólar	Ástand lóðarinnar er lélegt, þörf á verulegum endurbótum.	Hlíðaskóli, Hólabrekkuskóli, Klébergsskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Seljaskóli og Vogaskóli	Ástand þessara lóða er bæði lélegt og viðfangsefni fábreytt.
2,0 – 3,5 17 skólar	Ástand almennt þokkalegt og þörf á talsverðum endurbótum amk á hluta lóðarinnar.	Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Engjaskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Hamraskóli, Hvassaleitisskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli, Seláskóli, Vesturbæjarskóli og Ölduselsskóli.	Þarfir eru mismunandi á þessum lóðum, á sumum hafa verið gerðar endurbætur að hluta s.s. Austurbæjarskóla, Fossvogsskóla og Vesturbæjarskóla.
1,0 – 1,9 8 skólar	Ástand almennt gott og einungis þörf á minniháttar lagfæringu eða almennu viðhaldi.	Alftamýrarskóli, Borgaskóli, Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Háteigsskóli, Húsaskóli, Rimaskóli, og Víkurskóli.	

10.4 Búnaður skóla – ástand og endurnýjunarþörf

Stig	Lýsing	Skólar	Athugasemdir
3,5 – 5,0 4 skólar	Endurnýjunar er þörf á stórum hluta búnaðar eða hann vantar.	Breiðagerðisskóli, Klébergsskóli, Langholtsskóli, Laugarnesskóli,	Hluti af búnaði í Klébergsskóla er nýr en ekki hefur verið lokið að fullu lokið við kaup á búnaði í viðbyggingu.
2,1 – 3,4 12 skólar	Þörf er á endurnýjun á hluta búnaðar.	Austurbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Foldaskóli, Fossvogsskóli, Háteigsskóli, Hvassaleitisskóli, Melaskóli, Réttarholtsskóli, Seljaskóli, Vogaskóli og Ölduselsskóli.	
1,0 – 2,0 15 skólar	Búnaður í góðu lagi, einungis þörf á almennu viðhaldi.	Alftamýrarskóli, Árbæjarskóli, Ártúnsskóli, Borgaskóli, Engjaskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Hamraskóli, Hlíðaskóli, Húsaskóli, Laugalækjarskóli, Rimaskóli, Seláskóli, Vesturbæjarskóli og Víkurskóli.	

10.5 Tölvulagnir – ástand og endurnýjunarþörf.

Stig	Lýsing	Skólar	Athugasemdir
3,5 – 5,0 3 skólar	Endurnýjunar er þörf á stórum hluta tölvulagna.	Breiðagerðisskóli, Engjaskóli og Vesturbæjarskóli.	
2,1 – 3,4 13 skólar	Þörf er á endurnýjun á hluta tölvulagna.	Austurbæjarskóli, Árbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Fossvogsskóli, Grandaskóli, Hamraskóli, Hólabrekkuskóli, Klébergsskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, , Vogaskóli og Ölduselsskóli.	
1,0 – 2,0 16 skólar	Tölvulagnir í góðu lagi, einungis þörf á almennu viðhaldi.	Álftamýrarskóli, Ártúnsskóli, Borgaskóli, Foldaskóli, Hagaskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Húsaskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli, Laugalækjarskóli, Réttarholtsskóli, Rimaskóli, Selásskóli, Seljaskóli og Víkurskóli.	

8. VINNUFERLI VIÐ UNDIRBÚNING FRAMKVÆMDA

Í þessum kafla er lýst núverandi ferli við undirbúning nýrra grunnskóla eða viðbygginga við þá eldri. Jafnframt eru settar fram tillögur um breytingar á ferlinu.

8.1 Núverandi ferli við undirbúning bygginga

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að hefja undirbúning að nýbyggingu, viðbyggingu eða meiriháttar endurskipulagningu á húsnæði grunnskóla Reykjavíkur, hefur undirbúningur á síðustu árum í meginráttum farið fram samkvæmt ferli sem lýst er í töflu 10. Þrír hópar tóku hver við af öðrum við að skilgreina rýmisþörf, samræma við þarfir og áherslur skólans og loks að hanna bygginguna.

Varðandi ákvarðanaferli þá má segja að eftir gerð fimm ára áætlunar um einsetningu grunnskóla, sem staðfest var í borgarráði (*dags*), þá hafi legið fyrir við hvaða skóla ætti að byggja á tímabilinu. Framkvæmdin sjálf var síðan endanlega staðfest í borgarráði eftir að u.þ.b. 10 - 30% hönnunar var lokið og teikningar höfðu verið samþykktar í bygginga- og skipulagsnefnd. Áður en að því kom voru þó fræðsluráð Reykjavíkur og stjórn Fasteignastofu búin að staðfesta niðurstöður byggingarhóps (sjá töflu 11). Eins og áður hefur komið fram er samráðshópur Fasteignastofu og Fræðslumiðstöðvar samstarfs- og samráðsvettvangur en hefur ekki formlegt ákvörðunarvald.

Tafla 11: Núverandi ferli við undirbúning skólabygginga

	Hópur	Hlutverk	Fulltrúar frá	Afgreiðsla
1.	<i>Forsagnarhópur</i> , skipaður af samráðsnefnd um grunnskólabyggingar.	Að meta þörf fyrir rými.	Fasteignastofu Fræðslumiðstöð skólastjóri	Lagt fyrir samráðsnefnd til samþykktar.
2.	<i>Byggingarhópur</i> , skipaður af samráðsnefnd um grunnskólabyggingar.	Skilgreinir áherslur varðandi húsnæði skólans út frá stefnu og þörfum á viðkomandi stað.	Fasteignastofu Fræðslumiðstöð skólastjóri foreldraráð foreldrafélag kennararáð arkitekt skólans (ef við á).	Lagt fyrir fræðsluráð og stjórn Fasteignastofu.
3.	<i>Hönnunarhópur</i> , skipaður af Fasteignastofu og Fræðslumiðstöð.	Samræmir störf allra hönnuða.	Fasteignastofu Fræðslumiðstöð Skólastjóri Hönnuðir sem koma að verkinu.	Frumhönnun er rædd í samráðnefnd og lögð fyrir bygginga- og skipulagsnefnd og borgarráð til samþykktar.

Myndun forsagnarhóps var fyrsta skrefið í undirbúningum. Honum var einkum ætlað að ákvarða rýmisþörf skólans út frá spá um nemendafjölda. Hann skilaði niðurstöðum sínum til samráðsnefndar um grunnskólabyggingar til samþykktar. Þá fór undirbúningur yfir á næsta stig og samráðsnefnd skipaði byggingarhóp sem ætlað var að skilgreina áherslur í

húsnæðinu út frá stefnu og þörfum viðkomandi nemendahóps. Niðurstöður byggingarhóps hafa verið staðfestar í fræðsluráði og í stjórn Fasteignastofu.

Ef ákveðið hefur verið að verkið skuli fara í samkeppni arkitekta, mynduðu niðurstöður byggingarhóps rýmisgreininguna og endanlega forsögn. Ef ekki þá hefur verið litið á að þessar niðurstöður sem handbók arkitektsins.

Hönnunarhópur hefur síðan tekið við verkinu af byggingarhópi þegar hann hefur lokið störfum og gengið hefur verið frá ráðningu arkitekts og annarra sérhönnuða. Hópurinn skilar af sér fullgerðum teikningum af skólanum.

Á síðustu árum hefur verið brugðið út frá þessu ferli sem lýst er í töflu 11, við undirbúning tveggja nýrra skóla. Gerð var tilraun með að mynda stóran hóp sem undirbýr byggingu nýs skóla samkvæmt ferli að bandarískri fyrirmynd, hönnunarferli „*design down process*“, eða hönnun frá hinu almenna til hins sérstæða. Hópurinn fetar sig frá hugmynd um skólastarfið að námsumhverfinu sjálfu eftir 12 skilgreindum skrefum. Meginmarkmiðið er að móta aðstæður sem eru ákjósanlegar fyrir nám þessara nemenda og samræmast þörfum foreldra og annarra aðila úr samfélaginu sem eiga hagsmuna að gæta. Fylgt var slíku ferli við undirbúning að Ingunnarskóla og Korpuskóla.

8.2 Tillögur um ferli vegna framkvæmda næstu fimm árin

Hópurinn leggur til að í meginráttum verði fylgt sama ferli og verið hefur, þó með nokkrum breytingum. Samkvæmt tillögnum (tafla 12) er fyrsta skrefið tekið hjá fræðsluráði sem metur hvort, hvenær og hvernig skóla þarf að byggja eða hvenær þarf að byggja við eldri skóla. Fræðsluráð beinir því þá til borgarráðs að það feli Fasteignastofu að hefja undirbúning að framkvæmdum.

Það er síðan í höndum Fasteignastofu að kalla saman fulltrúa Fræðslumiðstöðvar og skólastjóra viðkomandi skóla til að áætla rýmisþörf skólans út frá nemendaspá og öðrum þeim forsendum sem hafa áhrif á rýmisþörfina. Húsrymisáætlun ásamt frumkostnaðaráætlun er síðan kynnt fyrir stjórn Fasteignastofu og fræðsluráði og síðan samþykkt í borgarráði.

Þá er myndaður forsagnahópur sem er skipaður með sama hætti og byggingarhópur áður. Hann skilgreinir stefnur og áherslur í byggingunni út frá framtíðarsýn skólans og þörfum viðkomandi nemendahóps. Forsögnin er kynnt í stjórn Fasteignastofu og fræðsluráði.

Þá tekur hefðbundið hönnunarferli við með sama hætti og verið hefur.

Tafla 12: Tillaga um nýtt ferli vegna undirbúnings skólabygginga.

	Ákvörðunarferli	Framkvæmdaferli
1.	Fræðsluráð beinir því til borgarráðs að Fasteignastofu verði falið að undirbúa byggingu eða viðbyggingu við skóla.	
2.	Borgarráð felur Fasteignastofu verkefnið.	
3.		Fasteignastofa skilgreinir verkefnið og gerir lauslega forsögn með húsrýmisáætlun í samstarfi við Fræðslumiðstöð og skólastjóra viðkomandi skóla. Gerð frumáætlun (kostnaðaráætlun I) um kostnað.
4.	Húsrýmisáætlun kynnt í fræðsluráði og stjórn Fasteignastofu.	
5.	Lagt fyrir borgarráð til samþykktar.	
6.		Forsagnarhópur (áður byggingarhópur) lýkur gerð forsagnar.
7.	Forsögn kynnt í stjórn Fasteignastofu og í fræðsluráði.	
8.		Hönnunarhópur tekur til starfa. Kostnaðaráætlun II.
9.	Kynnt í borgarráði.	
10.	Lagt fyrir bygginga- og skipulagsnefnd til samþykktar.	
11.		Hönnun lokið ásamt kostnaðaráætlun III.
12.		Verkið boðið út.
13.		Framkvæmdir hefjast.

Æskilegt er að fylgja ferli eins og unnið var eftir í Ingunnarskóla og Korpuskóla við undirbúning að öllum stærri verkum. Það ferli er þó ekki frábrugðið því sem lýst er hér að ofan nema hvað forsagnarhópurinn vinnur með öðrum hætti. Hann er skipaður fleiri fulltrúum (25 – 30) sem vinna samkvæmt “design down” ferlinu, feta sig frá hugmyndinni um skólastarfið að skipulagi þess og síðast hinu eiginlegu námsumhverfi.

9. Lokaorð

Með útgáfu þessarar skýrslu og fjórum smærri skýrslum er lokið umfangsmikilli greiningarvinnu sem staðið hefur í hartnær tvö ár og ætlað var að taka á flestu því er varðar húsnæði og búnað fyrir skólastarf í grunnskólum Reykjavíkur. Niðurstöður gefa glögga yfirsýn yfir stöðu mála og framtíðarþarfir í þeim efnum. Þessar upplýsingar eru góður grunnur fyrir borgarstjórn Reykjavíkur og borgarráð þegar teknar eru ákvarðanir um skiptingu fjármagns til framkvæmda, þær eru leiðarvísir fyrir þá sem skipuleggja og framkvæma þau verk sem unnið er að hverju sinni og loks veita þær aðstandendum hvers skóla, nemendum og foreldrum jafnt sem stjórnendum og öðrum starfsmönnum upplýsingar um stöðu og framtíðarhorfur um húsnæði og búnað hvers skóla.

Heimildir

Aðalnámsskrá grunnskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Arkís ehf (2002). *Grunnskólar, rýmisathugun 2002*. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Arkís ehf (2002). *Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994 – 2002*. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Birna Helgadóttir (2003). *Umhverfisáttak Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur vorið 2003*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fasteignastofa Reykjavíkur (2004). *Starfsáætlun Fasteignastofu 2004*. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2004). *Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2004*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Íþrótt- og tómstundaráð og Fasteignastofa Reykjavíkur (2003) *Vilji er allt sem þarf. Samnýting skólahúsnæðis. Kynnisferð til Bergen og Osló 13. – 18. september 2003*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Íþrótt- og tómstundaráð og Fasteignastofa Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2001). *Áherslur fræðsluráðs Reykjavíkur og Fræðslumiðstöðvar um grunnskólabyggingar*. Bráðabirgðauitgáfa. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Gerður G. Óskarsdóttir (2003). *Skólastarf á nýrri öld*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Gerður G. Óskarsdóttir (2001). *Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design down process*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Gerður G. Óskarsdóttir (1999). *„Leitin að fjórða veggnum.“ Hönnun skólabygginga. Kynnisferð bygginga- og skólamanna frá Reykjavíkurborg til Minnesóta 3. – 8. nóvember 1999*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Starfshópur um stefnumótun í tölvumálum grunnskóla Reykjavíkur (2000). *Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur í tölvumálum grunnskóla*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Umhverfisstefna Reykjavíkur (1998). Reykjavík: Reykjavíkurborg

Umhverfissráðuneytið (2002). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnuörkun til 2020*. Reykjavík: Umhverfissráðuneytið.